


MEKÓ



2025 Menningarmálin í Kópavogi

- Ritstjóri
Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála
- Samantekt og samræming
Harpa Grétarsdóttir, verkefnastjóri
- Umbrot
Sigríður Rún

Forsíða: Michael Richardt flytur gjörninginn DA á sýningunni Stara í Gerðarsafni

Ljósmynd: Sigríður Marrow

Útgefið: Mars 2026

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSTÖÐUMANNS MENNINGARMÁLA

5

MENNING Í KÓPAVOGI

8

MENNINGAR- & MANNLÍFSNEFND

8

Menningarstefna Kópavogs

9

Bæjarlistamaður

10

Styrkir menningar- & mannlífsnefndar

10

REKSTUR & MANNAUÐSMÁL

12

Fjárhagsáætlun 2026

15

SAMEIGINLEGIR VIÐBURÐIR, HÁTÍÐIR & FRÆÐSLA

16

Viðburðaraðir MEKÓ

16

Hátíðir

18

Kynningar- & markaðsmál MEKÓ

27

STOFNANIR MÁLAFLOKKSINS

Bókasafn Kópavogs

28

Gerðarsafn

48

Náttúrusafn

62

Salurinn

70



ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS MENNINGARMÁLA

Öflugt ár að baki

Árið 2025 var eitt öflugasta menningarár Kópavogsbæjar í seinni tíð. Margir sigrar voru unnir og víða mátti skynja þann sérstaka kraft sem skapast þegar fagmennska, metnaður og gifturíkt samstarf mætast. Menningarstarfið í bænum hefur um árabil verið í vexti en árið sem nú er gert upp stendur upp úr fyrir bæði umfang og gæði. Það er ánægjulegt að sjá hvernig menningarhúsin: Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Náttúrusafn og Salurinn hafa í síauknum mæli orðið hluti af daglegu lífi bæjarbúa. Þau eru ekki einungis vettvangur viðburða heldur lifandi sameiginleg rými þar sem fólk dvelur, hittist, lærir, upplifir og skapar.

Stóraukin aðsókn

Gestir menningarhúsanna kunnu sannarlega að meta hið ríkulega framboð viðburða sem boðið var upp á á árinu. Heildarfjöldi gesta fór úr tæpum 339.000 árið 2024 í 424.000 árið 2025. Þetta jafngildir um 25% aukningu á milli ára. Ef aðsóknartölurnar eru settar í samhengi má segja að þær séu birtingarmynd og skýrt ákall um aukinn áhuga á menningu og um leið aukna þörf fyrir hana. Að meðaltali komu tæplega 1200 gestir í menningarhúsin á hverjum degi ársins, en sú aukning nemur um 234 heimsóknum á degi hverjum miðað við árið á undan. Slíkur vöxtur er ekki aðeins ánægjulegur, heldur krefst hann þess líka að starfsemi sé stöðugt endurskoðuð, rýmin nýtt af útsjónarsemi og þjónustan þróuð með hagkvæmni og gæði að leiðarljósi. Það er því sérstaklega ánægjulegt að sjá að fjölgun viðburða og aukning gesta hefur ekki bitnað á gæðum starfsins heldur þvert á móti. Þannig hefur fjölgun gesta farið saman við markvissa eflingu dagskrár og auknið aðgengi ólíkra hópa að menningu og fræðslu sem er grunnstefið í menningarstefnu bæjarins.

Dagskrá við allra hæfi

Á árinu 2025 voru haldnir 867 viðburðir á vegum menningarhúsanna samanborið við 626 árið 2024 sem er um 38% aukning. Þetta þýðir að meðaltali að boðið var upp á rúmlega tvo viðburði á dag allan ársins hring þar sem gestir komu saman til að læra, njóta, upplifa og skapa. Þó jafnan sé erfitt að leggja mælistiku á gæði menningar- og listviðburða út frá aðsókn einni saman þá gefur þessi þróun sterkar vísbendingar um að dagskráin sé í takti við þarfir og áhuga samfélagsins og að menningarhúsunum hafi tekist að varðveita það sem skiptir mestu með því að vera allt í senn fagleg, aðgengileg, framsækin, hlýleg, metnaðarfull, fjölmennarleg og síðast en ekki síst samverustaður í bæjarfélaginu þar sem fólki líður vel og getur skapað dýrmætar minningar.

Sigrar og sameiginleg sýn

Árið 2025 einkenndist af sigrum innan hvers húss fyrir sig en einnig af samstilltu átaki og sameiginlegri sýn. Bókasafn Kópavogs festi stöðu sína sem einn mikilvægasti samkomustaður bæjarins þar sem bókmenntir, fræðsla og samfélag mætast. Þjónustan er öflug og fagleg en jafnframt mannleg og hlý, sem gerir það að verkum að sömu gestirnir skila sér aftur og aftur og orðsporíð breiðist fljótt út sem eykur enn aðsóknina. Í bókasafninu merkir starfsfólk að gestir staldra lengur við, ekki síst fjölskyldur, sem er skýrt merki um vel hannað rými og ber einnig vitni alúð þeirra sem þar eru að störfum. Rithöfundaröðin Leslyndi hélt áfram að styrkja tengsl bókasafnsins við bókmenntalífið og laða að bókhnægða gesti og fyrirlestraröð um gervigreind og upplýsingaóreiðu var ekki aðeins tímabær heldur einnig mikilvægt framlag til samfélagslegrar umræðu. Þá var lögð áframhaldandi áhersla á fjölmennarstarf í samræmi við menningarstefnu bæjarins og sýna viðtökur að sú áhersla er bæði kærkomin og nauðsynleg.

Framsækin myndlist Gerðarsafns

Í Gerðarsafni var boðið upp á metnaðarfulla sýningardagskrá auk þess sem gjörningakvöld safnsins festu sig í sessi og löðuðu að nýja kynslóð gesta sem tóku framtakinu fagnandi. Gjörningakvöldin voru unnin í samstarfi við Hamraborg Festival en það samstarf er ein margra birtingarmynda þeirra áhrifa sem innkoma grasrótarfólks í menningarlíf bæjarins getur haft á starfsemi menningarhúsanna. Á gjörningakvöldunum var leitast við að opna samtal við listina í ólíkum myndum og skapa aðstæður þar sem gestir upplifa sig ekki einungis sem áhorfendur heldur virka þátttakendur. Þessi hugmyndafræði hefur verið eitt af aðalsmerkjum Gerðarsafns þar sem starfsfólkið hefur skýra sýn og hugrekki til að miðla flóknum hugmyndum á aðgengilegan hátt, takast á við ný og fjölbreytt verkefni og víkka sjóndeildarhring gesta og skapa ný tengsl við þá.

Náttúrusafnið hið eina sinnar tegundar

Á árinu breyttist heiti Náttúrufræðistofu Kópavogs í Náttúrusafn Kópavogs eftir að menningar- og mannlífsnefnd samþykkti nýja stofnskrá um safnið. Nafnið var talið meira lýsandi fyrir starfsemina og einnig samræmist það betur heitum annarra menningarstofnana á svæðinu, líkt og Gerðarsafn og Bókasafn. Gjörbreyting varð á starfsemi safnsins um mitt ár 2024 sem að líkindum leiddi til stökkbreytingar í aðsókn að safninu og hélt sú sigurganga áfram 2025 en Náttúrusafnið var hástökkvari ársins í aðsókn menningarhúsanna þar sem gestafjöldinn tvöfaldaðist. Þessi fjölgun gesta er ekki tilviljun heldur afrakstur markvissrar vinnu starfsfólks við dagskrárgerð, lífandi miðlun sem og metnaðarfullri nálgun á fræðslu og upplifun. Stofnun Vísindaskólans var einn af stærri áföngum ársins og sló verkefnið sannarlega í gegn. Þá fjölgaði sýningarmunum á fastri sýningu safnsins svo um munaði þegar hið einstaka skeljasafn Jóns Bogasonar var sett upp að nýju á aðgengilegan og spennandi hátt. Náttúrusafnið er eina safn sinnar tegundar á landsvísi og hentar sérlega vel fyrir lærða sem leika, börn sem fullorðna.

Gæði Salarins staðfest með nýjum flygli

Í Salnum var stórum áfanga náð þegar nýr Steinway flygill kom í húsið um mitt árið 2025 en bæjarstjórn hafði samþykkt kaupin á fjárhagsáætlun sinni. Segja má að slíkt hljóðfæri sé ekki aðeins fjárfesting fyrir bæjarfélagið heldur sterk yfirlýsing um að viðhalda þeim gæðum, metnaði og framtíðarsýn sem stjórnendur og starfsfólk Salarins hafa skapað. Salurinn er miðstöð tónlistarupplifunar í bænum

og gegnir mikilvægu hlutverki við að efla tónlistarlíf og styðja við fjölbreytta dagskrá. Salurinn á í nánu samstarfi við Tónlistarskóla Kópavogs þar sem nemendum skólans gefst einstakt tækifæri til að kynna og koma fram í einu best hannaða tónleikahúsi landsins, tækifæri og aðstaða sem fáum bæjarfélögum gefst kostur á að bjóða ungum tónlistarnemum upp á. Með nýjum flygli skapast enn betri aðstæður til að bjóða upp á tónleika af hæsta gæðaflokki og laða að flytjendur í fremstu röð. Það er mikilvægt fyrir bæjarfélag að hafa slíkan vettvang þar sem tónlist fær að hljóma við bestu skilyrði og þar sem gestir geta treyst því að upplifunin sé vönduð í smáu sem stóru.

Hátíðir með ólíkri áherslu stuðla að samveru bæjarbúa

Á sama tíma og menningarhúsin héldu uppi öflugri dagskrá á árinu voru hátíðahöld bæjarins áfram ríkur þáttur sem stuðlaði að sköpun og samveru bæjarbúa við ýmis tilefni. Hátíðir á borð við 17. júní, Barnamenningarhátíð, Safnanótt, Ljóðstafinn, Komdu í Kópavog og adventuhátíðina kalla fram það sem oft er erfitt að mæla en auðvelt að finna, sem er samvera, stolt af bæjarfélaginu sem íbúar tilheyra og þær minningar sem samveran skapar. Slíkar stundir styrkja tengsl íbúa innbyrðis og við bæinn sinn. Þá má ekki láta hjá líða að minnast á Hamraborg Festival sem haldin var í fimmta skipti á árinu og hefur fest sig í sessi sem áberandi viðburður í bæjarlífinu, styrktur af menningar- og mannlífsnefnd og skipulagður af framtakssömum og skapandi listamönnum.

Menningarstarfið og hagræn áhrif þess

Í allri umfjöllun um menningarstarf bæjarins má ekki líta fram hjá hagrænum áhrifum á samfélagið. Starfsemi húsanna og viðburðahald málaflokksins er gríðarlega atvinnuskapandi en gera má ráð fyrir að á árinu hafi um 600 lista- og fræðimenn, auk fjölda tæknifólks og annarra haft tekjumyndandi tækifæri með samstarfi við menningarmálaflokkinn. Þannig skapar bæjarfélagið ekki aðeins upplifun fyrir gesti heldur styður það einnig við skapandi atvinnulíf og fjölbreyttar fagstéttir sem er afar mikilvægt fyrir menningu og mannlíf landsins í heild.

Mannauðurinn er mesti styrkurinn

Starfsfólk menningarhúsanna er án nokkurs vafa mesti styrkur málaflokksins. Á hverjum degi er unnið af alúð að því að halda úti lífandi og sýnilegu starfi af hugmyndaauðgi, fagmennsku og metnaði sem knýr gróskuna áfram. Þessi fagmennska birtist ekki aðeins í stóru verkefnum

og sýnilegum áföngum heldur í daglegum smáatriðum sem gera upplifun gesta eftirminnilega, m.a. í móttöku, miðlun, aðgengi, utanumhaldi, öryggi, samráði og annarri þjónustu.

Dyggur stuðningur kjörinna fulltrúa

Menningarstarfið nýtur jafnframt dyggs stuðnings bæjarstjóra og kjörinna fulltrúa í Kópavogi. Sá meðbyr skiptir afar miklu. Þegar stjórnarsýsla og pólitísk forysta standa þétt við bakið á menningarstarfi skapast stöðugleiki og svigrúm til að þróa þjónustuna, innleiða nýjungar og ráðast í verkefni sem hafa langtímahugsun að leiðarljósi. Fyrir þann stuðning vil ég færa bæjarstjóra og öllum sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku í málaflokksnum mínar bestu þakkir.

Breytingar innan málaflokksins

Um miðjan janúar kaus bæjarstjórn Kópavogs fulltrúa í nýja nefnd sem samþykkt var að færi með málefni menningarmálaflokksins undir heitinu menningar- og mannlífsnefnd. Var það gert til samræmis við nýja bæjarmálasamþykkt frá því í árslok 2024 en á sama tíma var lista- og menningarráð lagt niður. Breytingin hafði engin áhrif á rekstur málaflokksins. Um mitt ár var stjórnarsýsluvið, sem menningarmálaflokkurinn tilheyrði, lagt niður og málaflokkurinn færður undir nýja skrifstofu þróunar og umbóta. Breytingarnar höfðu þau áhrif að stöðugildi markaðs- og kynningarstjóra menningarmála var fært undir skrifstofustjóra. Að öðru leyti höfðu breytingarnar ekki áhrif á rekstur málaflokksins. Undir lok ársins 2025 hófust þreifingar um stofnun nýrrar menningarmiðstöðvar í Smáralind með aðkomu rekstraraðila verslunarmiðstöðvarinnar. Segja má

að með slíkar fréttir í farteskinu hafi starfsmenn menningarhúsanna farið stórhuga og glaðbeittir inn í nýtt ár, sem mun vonandi leiða til enn meira framboðs af menningarupplifun fyrir bæjarbúa á komandi árum.

Ársskýrsla sem yfirlit og vegvísir

Ársskýrsla menningarmála 2025 er lögð fram með það að markmiði að veita ítarlegt yfirlit yfir helstu rekstrarþætti í starfsemi menningarmála í Kópavogi. Í henni er fjallað um gestaheimsóknir, viðburðahald, fræðslu, helstu verkefni og áherslur, auk þess sem gerð er grein fyrir starfsemi hvers menningarhúss fyrir sig. Skýrslan er skrifuð af forstöðumönnum húsanna, forstöðumanni og verkefnastjórum menningarmála og endurspeglar þannig þá fjölbreyttu þekkingu og reynslu sem býr í hópnum.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki menningarmála fyrir einstakt framlag á árinu 2025. Án þeirra væri menningar- og listalíf bæjarins og raunar landsins alls öllu fátæklegra. Ég vil jafnframt þakka bæjarbúum fyrir þátttökuna, fyrir að mæta, vera forvitin, taka þátt og gera menningarhúsin að lifandi rýmum. Það er dýrmætt að finna að menningin hefur ekki aðeins sess í dagskrá heldur einnig í hjarta samfélagsins. Við höldum áfram á sömu braut inn í nýtt ár, með metnað til að viðhalda gæðum, efla aðgengi og tryggja að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Við tökum á mótí framtíðinni full tilhlökkunar og bjóðum áfram upp á gnægstarborð af lista- og menningarupplifun.


Verið öll hjartanlega velkomin.

Soffía Karlsdóttir
forstöðumaður menningarmála í Kópavogi


GESTAFJÖLDI 2022 - 2025

	Fjöldi gesta 2022	Fjöldi gesta 2023	Fjöldi gesta 2024	Fjöldi gesta 2025
Bókasafn Kópavogs	180.242	201.582	203.468	220.874
Gerðarsafn	49.554	48.760	58.325	82.596
Náttúrusafn	25.165	16.175	46.528	81.440
Salurinn	26.284	17.861	30.393	39.217
HEILDARFJÖLDI GESTA	281.245	284.378	338.714	424.127

GESTAFJÖLDI 2022 - 2025



MENNING Í KÓPAVOGI



MENNINGAR- & MANNLÍFSNEFND

Menningar- og mannlífsnefnd fer með og mótar menningarstefnu bæjarins, samkvæmt erindisbréfi. Nefndin er kosin af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í málaflokknum. Nefndin sér jafnframt um árlega útnefningu bæjarlistamanns og heiðurslistamanns þegar það á við og úthlutar

úr sjóði menningar- og mannlífsnefndar samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Árið 2025 voru haldnir alls 9 fundir hjá nefndinni.

KJÖRNIR

D	Elísabet Berglind Sveinsdóttir, formaður
B	Helga Hauksdóttir, varaformaður
B	Jónas Skúlason, aðalmaður
S	Margrét Tryggvadóttir, aðalmaður
P	Indriði Ingi Stefánsson, aðalmaður
C	Guðmundur Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi
Y	Ísabella Leifsdóttir, áheyrnarfulltrúi

TIL VARA

D	Hanna Carla Jóhannsdóttir
B	Kristín Hermannsdóttir
B	Guðjón I. Guðmundsson
S	Þóra Marteinsdóttir
P	Margrét Ásta Arnarsdóttir
Y	Kolbeinn Reginsson, varaáheyrnarfulltrúi
C	Soumia I. Georgsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi

B	Framsóknarflokkurinn
C	Viðreisn
D	Sjálfstæðisflokkurinn

P	Píratar
S	Samfylkingin
Y	Vinir Kópavogs

MENNINGARSTEFNA KÓPAVOGS

AÐGENGI – FAGMENNSKA – SAMSTARF

Menningar- og mannlífsnefnd ber ábyrgð á menningarstefnu Kópavogsbæjar sem nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins. Menningarstefna bæjarins var samþykkt í bæjarstjórn 5. maí 2022. Menningarstefnan tekur mið af yfirmarkmiðum bæjarins sem meðal annars lúta að öfluglu mannlífi, framúrskarandi þjónustu við bæjarbúa og stuðningi við heilsu og velferð íbúa á öllum aldri. Menningarstefnan var unnin í samstarfi lista- og menningarráðs og starfsmanna menningarmála. Áður en stefnan var samþykkt fór hún í samráðsgátt fyrir íbúa sem höfðu þannig áhrif á niðurstöðu hennar. Einnig var stefnan lögð fram til umsagnar fyrir nefndir og ráð allra sviða bæjarins. Megintilgangur menningarstefnu Kópavogs lýtur að eflingu menningar, vísinda og lista með það að markmiði að stuðla að bættum lífsgæðum og menningarupplifun Kópavogsbúa á öllum aldri. Óflugt og fjölbreytt starf í menningu, listum og vísindum styrkir bæjarbrag, eykur vísýni, örvar samfélagið í heild og styður við efnahagslega framþróun þess. Síðast en ekki síst viðheldur það jákvæðri ímynd bæjarins og laðar að gesti og nýja íbúa. Menningarstefnan felur í sér þrjár stefnuáherslur sem lúta í fyrsta lagi að jöfnu aðgengi allra að menningu, vísindum og listum, óháð þáttum eins og aldri, uppruna, færni og efnahag. Í öðru lagi að sérstöðu og faglegu starfi menningarhúsa bæjarins og að endingu að víðtæku samstarfi.

Stefnuáhersla 1

Kópavogsbær leggur áherslu á að menningarstarf sé aðgengilegt öllum bæjarbúum.

Stefnuáhersla 2

Kópavogsbær stendur vörð um sérstöðu og faglegt starf menningarhúsa bæjarfélagsins.

Stefnuáhersla 3

Kópavogsbær leggur áherslu á víðtækt samstarf við bæjarbúa, svið og deildir bæjarins og lista-, fræði- og vísindamenn úr ólíkum áttum.



BÆJARLISTAMAÐUR

Söngkonan Sigríður Beinteinsdóttir, betur þekkt sem Sigga Beinteins, var tilnefnd bæjarlistamaður Kópavogs árið 2025 við hátíðlega athöfn í Salnum 23. maí.



Sigga Beinteins er ein af ástsælustu og virtustu söngkonum landsins. Hún hafði sungið í bílskúrshljómsveit hér í Kópavogi allt frá árinu 1980 þegar HLH flokkurinn fékk hana til liðs við sig í laginu Vertu ekki að plata mig sem skaut Siggu upp á stjórnuhimininn. Hún starfaði lengst af með hljómsveitinni Stjórninni á níunda áratugnum og hefur síðan þá verið áberandi í íslensku tónlistarlífi, bæði sem sólólistamaður og í samstarfi við aðra. Sigga hefur þrisvar sinnum keppt fyrir Íslands hönd í Eurovision og hefur gefið út gríðarlegan fjölda vinsælla laga sem notið hafa mikillar hylli almennings. Auk ferils hennar sem poppsöngkona hefur Sigga lagt sitt af mörkum til barnaefnis á Íslandi, m.a. með útgáfu á tónlistarverkefninu Söngvaborg, þar sem lög og sögur fyrir börn fá að njóta sín á lífandi og skapandi hátt.

Tilnefningin er viðurkenning fyrir það ómetanlega framlag sem Sigga hefur fært landsmönnum og íslensku tónlistarsenunni í gegnum árin. Hún hefur verið búsett í Kópavogi um árabíl en með tilnefningunni gefst bæjarfélaginu tækifæri til að heiðra einstaka listakonu, þakka henni sitt mikilvæga framlag og styrkja tengslin við hana.

Í hlutverki sínu sem bæjarlistamaður hyggst Sigga Beinteins standa fyrir sérstakri söngskemmtun fyrir börn í efstu deildum leikskóla Kópavogs auk þess sem hún mun halda tvenna tónleika í Salnum í mars 2026 þar sem hún lítur yfir ferilinn og miðlar reynslu og sögum úr langri og litríkri vegferð í tónlistinni.

STYRKIR MENNINGAR- & MANNLÍFSNEFNDAR

Úthlutun styrkja menningar- og mannlífsnefndar Kópavogs 2025

Úthlutun styrkja úr menningar- og mannlífsjóði Kópavogs fór fram þann 3. desember í Salnum. Alls hlutu 14 verkefni, einstaklingar og félagasamtök styrki að þessu sinni, samtals að fjárhæð rúmlega 12 milljónir króna. Nefndinni bárust 33 umsóknir að þessu sinni þar sem sótt var um styrki fyrir samtals 45,5 milljónir króna en sjóðurinn hefur yfir 50 milljónum króna að ráða. Við val á umsóknum lagði nefndin áherslu á að styðja við fjölbreytta menningarstarfsemi og nýsköpun í bæjarfélaginu.

Hæsti styrkurinn kom í hlut Hamraborg Festival eða 6,5 milljónir króna en jafnframt samþykkti nefndin að gera þriggja ára samning við hátíðina til að festa hana enn betur í sessi í bæjarlífi Kópavogsbúa. Hamraborg Festival er einn af hápunktum menningarárs Kópavogsbæjar og er stærsta listahátíð sinnar tegundar á Íslandi. Hátíðin var haldin í fimmta sinn dagana 29. ágúst - 5. september 2025 og státaði af menningarveislu sem var ætluð öllum óháð kyni, uppruna eða fjárhag. Stjórnendur hátíðarinnar voru þau Agnes Ársælsdóttir, Jo Pawlowska og Pétur Eggertsson.





Þessir hlutu styrk til menningarverkefna árið 2026:

- kr. 6.500.000 Hamraborg Festival auk þriggja ára samnings
- kr. 750.000 Vökufélagið – Félag þjóðlistar, VAKA þjóðlistahátíð 2026
- kr. 500.000 Félag íslenskra píanóleikara, Alþjóðleg píanókeppni og sumarnámskeið í Salnum
- kr. 500.000 Menningarfélagið Milla ehf. fyrir alþjóðlegu hinsegin bókmenntahátíðina Queer Situations
- kr. 400.000 Karlakór Kópavogs
- kr. 400.000 Kvinnakór Kópavogs (Kvinnakórinn Blika)
- kr. 400.000 Samkór Kópavogs
- kr. 400.000 Egill Árni Pálsson fyrir tónleikaröðina Brautryðjendur 5
- kr. 400.000 Kársnesskóli, tónlistarhátíð í tilefni 50 ára afmælis Skólakórs Kársness
- kr. 400.000 Leikfélag Kópavogs fyrir þrjú leikverk, þar af tvö ný íslensk verk
- kr. 400.000 Skátafélagið Kópar fyrir fjölskylduvæna hátíð á sumardaginn fyrsta auk samnings til þriggja ára
- kr. 400.000 Sögufélag Kópavogs til fræðslu- og viðburðahalds auk samnings til þriggja ára
- kr. 300.000 Töframáttur tónlistar til tónleikahalds fyrir fólk með geðraskanir eða þá sem eru félagslega einangraðir m.a. vegna öldrunar
- kr. 280.000 Magnús Pálsson fyrir Dunandi sveiflu í Kópavogi

„Það er okkur í menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs sönn ánægja að styðja við fjölbreytt og metnaðarfull verkefni sem auðga menningarlíf bæjarins. Fjöldi umsókna og fjölbreytni verkefna sýnir að hér er öflugt og skapandi samfélag að verki. Við hlökkum til að fylgjast með framvindu verkefnanna og sjá áhrif þeirra á bæjarbúa á öllum aldri.“

Elísabet Sveinsdóttir, formaður nefndarinnar.

Fjölbreytt menningarstarfsemi í fyrirrúmi

Menningar- og mannlífsnefnd styður myndarlega við fjölbreytta menningarstarfsemi sem bæjarbúum stendur til boða án endurgjalds. Má þar nefna Barnamenningarhátíð, Vetrarhátíð, Ljóðstaf Jóns úr Vör, aðventudagskrá og hátíðahöld á 17. júní. Auk þess styrkir nefndin sameiginlegar viðburðaraðir menningarhúsanna: Menningu á miðvikudögum, Fjölskyldustundir á laugardögum, Foreldramorgna og skólaheimsóknir leik- og grunnskólabarna.

Þá velur nefndin árlega bæjarlistamann Kópavogs með framlagi að upphæð 1,5 milljón króna, leggur til 1 milljón króna verðlaunafé fyrir myndlistarverðlaun sem kennd eru við Gerði Helgadóttur, styrkir listaverkakaup Gerðarsafns, nýsköpunarverkefni Salarins og tónleikaraðirnar Tíbrá, Sumardjass og Söngvaskáld.

REKSTUR & MANNAUÐSMÁL

Við menningarmálaflokkinn starfar öflugur og hæfileikamikill hópur starfsfólks. Árið 2025 voru stöðugildi málaflokksins alls 25, þar af voru 31 starfsmaður fastráðinn og 28 starfsmenn í tíma-vinnu. Nokkur fækkun starfsmanna var á milli árána 2024 og 2025 sem má rekja til þess að Héraðs-skjalasafnið var lagt niður og starfsemi Náttúrusafns var endurskoðuð. Þannig voru stöðugildin árið 2024 alls 31, fastir starfsmenn 36 og fólk í tímavinnu 22.

Áhersla hefur verið lögð á að hlúa vel að mannaúðinum og búa starfsmönnum jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi og styrkja sig í sessi með reglubundinni símenntun og fræðslu. Veigamikill þáttur í góðri líðan starfsmanna er að byggja undir vinnustaðameningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu og viðurkenningu. Því hefur m.a. verið

mætt með sameiginlegum fundum og símenntunar- og fræðsludagskrá. Þá hefur mannauðsdeild Kópavogsbæjar stóreflt framboð á sérhæfðum námskeiðum fyrir starfsmenn sem þeim ýmist er gert að sækja eða þeim stendur til boða.

Mannabreytingar urðu í stjórnun menningarmála á árinu en þá lét Elísabet Indra Ragnarsdóttir verkefna- og viðburðarstjóri af störfum. Brynhildur Björnsdóttir var ráðin tímabundið í starfið eða þar til Vigdís Jakobsdóttir tók við því 1. september. Þá var Harpa Grétarsdóttir einnig í hlutastarfi við viðburði og kynningarmál á árinu. Stöðugildi kynningar- og markaðsstjóra var lagt niður og fært undir nýjan skrifstofustjóra umbóta- og þróunar, Védísi Hervöru Árnadóttur. Þessu öflugra starfsfólki eru færðar bestu þakkir fyrir einstakt vinnuframlag og ánægjulegar samverustundir.



Starfsmannafundir

Forstöðumenn og verkefnastjórar menningarmála funduðu að jafnaði einu sinni í viku á árinu 2025. Einnig fundaði forstöðumaður menningarmála einslega með forstöðumönnum menningarhúsanna og verkefnastjórum á hálfmánaðar fresti.

Eftirtaldir fundir voru skipulagðir fyrir starfsmenn á árinu:

- 15.01 Skipulag viðburða og kynningarmála í Siglingaklúbbnum Ými.
- 14.02 Heimsókn í Eddu.
- 14.03 Bjarki Þór Baldvinsson mannauðsráðgjafi kynnti niðurstöður vinnustaðagreiningar fyrir menningarmálaflokkinn og Kópavog.
- 19.06 Forstöðumenn menningarmála fóru í Hafnarfjörð með ÞRÓUM þar sem þau fengu kynningu á markaðs- og kynningarmálum, hönnunarstöðlum og upplýsinga- og tæknimálum bæjarins.
- 27.08 Haustferð, ganga með Stefáni Pálssyni um miðbæinn sem lauk í Hörpu.
- 28.08 Stefnumótunardagur ÞRÓUM í Siglingaklúbbnum, forstöðumenn menningarhúsanna, sem og hluti starfsfólks sótti.
- 14.11 Stjórnendadagur Kópavogs, fyrir forstöðumenn.
- 19.12 Jólagleði starfsmannafélagsins þar sem Hugleikur Dagsson flutti erindi og brá á léttan leik.



Auk þess stóð öllu starfsfólki til boða að sækja mánaðarlega fræðslufundi sem bókasafnið skipulagði fyrir sitt starfsfólk á haustönninni.


Í byrjun febrúar funduðu forstöðumenn menningarmála auk verkefnastjóra menningarmála með samstarfsaðilum Vatnsdropans í Kaupmannahöfn. Kynning á Vatnsdropanum fór fram á alþjóðlegu ráðstefnunni Communicating the Arts í Amsterdam 17. júní, en að kynningunni stóðu Soffía Karlsdóttir og Ingibjörg Gréta Gísladóttir. Þá fór hluti starfsfólks menningarhúsanna í kynnisferð á vegum fyrrum stjórnsýslusviðs til Den Haag og Rotterdam í september.

STARFSMENN OG STÖDUGILDI 2025

	Stöðugildi	Fastir starfsmenn	Starfsmenn í tímavinnu
Bókasafn Kópavogs	10,3	14	10
Lindasafn	1,75	2	0
Náttúrusafn	3	3	5
Gerðarsafn	3,75	6	8
Salurinn	4	4	5
Stjórn menningarmála	2	2	0
SAMTALS	24,8	31	28


FJÁRMÁL MENNINGARMÁLA 2025

	Áætlun 2024	Rekstrarniðurstaða 2024	Áætlun 2025	Rekstrarniðurstaða 2025	Áætlun 2026
Tekjur					
<i>Rekstrartekjur</i>	-185.406.296	-275.046.948	-240.714.466	-406.470.419	-246.225.452
Gjöld					
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	427.282.031	437.175.648	471.882.820	445.613.161	495.988.522
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	573.193.762	673.279.052	598.550.441	814.114.080	640.004.075
Rekstrargjöld	1.000.475.793	1.110.454.700	1.070.433.261	1.259.727.241	1.135.992.597
REKSTRARNIÐURSTAÐA	815.069.497	783.907.752	829.718.795	853.256.822	889.767.145



ÁÆTLUN SKIPTING TEKNA 2026

0%	Menningar- og mannlífsnefnd	0%	Listasafn kaffitería
0%	Menningarmál yfirstjórn	0%	17. júní
5.2%	Bókasafn Kópavogs	0%	Sumarhátíðir
0.4%	Lindasafn	0%	Jól og áramót
55.3%	Safnahús sameiginlegt	0%	Menningar- og mannlífsnefnd
0.3%	Héraðsskjalasafn	0%	Leikfélög
0.4%	Náttúrusafn	34.8%	Salurinn
3.5%	Gerðarsafn		



ÁÆTLUN SKIPTING GJALDA 2026

0.4%	Menningar- og mannlífsnefnd	0%	Listasafn kaffitería
11.5%	Menningarmál yfirstjórn	1.4%	17. júní
23.8%	Bókasafn Kópavogs	0%	Sumarhátíðir
3.7%	Lindasafn	0.6%	Jól og áramót
12%	Safnahús sameiginlegt	4.6%	Menningar- og mannlífsnefnd
7.6%	Héraðsskjalasafn	0.8%	Leikfélög
7.5%	Náttúrusafn	10.2%	Salurinn
15.9%	Gerðarsafn		

REKSTRARYFIRLIT EINSTAKRA MENNINGARSTOFNANA OG VERKEFNA

	Rekstrarniðurstaða 2024	Rekstrarniðurstaða 2025	Áætlun 2026
Menningarmál yfirstjórn	82.264.510	76.493.182	135.289.917
Bókasafn Kópavogs	250.988.790	276.479.735	257.071.658
Lindasafn	34.446.852	35.589.496	40.952.040
Héraðsskjalasafn	50.800.202	43.163.557	85.110.169
Gerðarsafn	177.666.917	187.528.203	172.053.291
Náttúrusafn	74.082.080	80.775.588	84.713.187
Salurinn	34.908.090	70.265.414	30.251.176
Safnahús sameiginlegt	0	0	0
Listasafn kaffitería	-1.754.956	-242.795	0
Menningar- og mannlífsnefnd	53.145.468	50.774.043	52.357.488
Leikfélög	6.628.530	6.535.668	8.682.753
17. júní	16.079.563	17.442.204	16.033.251
Sumarhátíðir	0	0	0
Jól og áramót	4.651.706	8.452.527	7.252.214
REKSTRARNIÐURSTAÐA	783.907.752	853.256.822	889.767.145

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

	Áætlaðar tekjur 2026	Áætluð laun og launatengd gjöld 2026	Áætlaður annar rekstrarkostnaður 2026	Áætluð rekstrarniðurstaða 2026
Menningar- og mannlífsnefnd		4.787.091		4.787.091
Menningarmál yfirstjórn	0	106.770.922	23.731.904	130.502.826
Bókasafn Kópavogs	-12.772.000	159.493.561	110.350.097	257.071.658
Lindasafn	-950.000	33.916.620	7.985.420	40.952.040
Héraðsskjalasafn	-855.000	47.015.331	38.949.838	85.110.169
Gerðarsafn	-8.575.000	50.676.962	129.951.329	172.053.291
Náttúrusafn	-1.004.000	47.918.661	37.798.526	84.713.187
Salurinn	-85.801.772	45.059.374	70.993.574	30.251.176
Safnahús sameiginlegt	-136.267.680	350.000	135.917.680	0
Listasafn kaffitería	0	0	0	0
Lista- og menningarráð	0	0	52.357.488	52.357.488
Leikfélög	0	0	8.682.753	8.682.753
17. júní	0	0	16.033.251	16.033.251
Jól og áramót	0	0	7.252.214	7.252.214
REKSTRARNIÐURSTAÐA	-246.225.452	495.988.522	640.004.074	889.767.144

SAMEIGINLEGIR VIÐBURÐIR, HÁTÍÐIR & FRÆÐSLA

Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar styrkir sameiginlega viðburði, hátíðir og fræðsludagskrá menningarhúsanna. Sameiginlegir viðburðir eru Menning á miðvikudögum, Foreldramorgnar og Fjölskyldustundir á laugardögum. Hátíðirnar eru Ljóðstafur Jóns úr Vör, Vetrarhátíð/Safnanótt,

Barnamenningarhátíð og Hausthátíð en að auki fara aðventuhátíð og hluti 17. júní hátíðahalda fram í menningarhúsunum. Fræðslu- og menningardagskrá fer fram yfir árið þar sem grunnskólum er boðið á viðburði í húsunum. Fjöldi lista- og fræðifólks kemur fram á þessari dagskrá sem er vinsæl og fjölsótt.

VIÐBURÐARÆÐIR MEKÓ

Menning á miðvikudögum (Mám) er viðburðaröð sem fram fer milli 12.15 og 13.00 á miðvikudögum frá september fram í maí og á hún sér stað á víxl í menningarhúsunum. Viðfangsefni eru fjölbreytt, fyrirlestrar, listamannaleiðsagnir, spjall og tónleikar, stundum í samstarfi við listahátíðir og félagasamtök. Menning á miðvikudögum hefur fest sig í sessi sem metnaðarfull viðburðaröð en markmiðið er að fólk úr ólíkum áttum geti nært andann með tónlist, bókmenntum, myndlist og ólíkum fræðum.

Nokkur stef og viðfangsefni í takt við sýningar og starf menningarhúsanna einkenndu viðburðaröðina á árinu en alls fóru 33 viðburðir fram undir þessum hatti.

Áfram var haldið með Leslyndi á bókasafninu þar sem þjóðþekktir bókaunnendur fjalla um nokkrar eftirlætisbækur en serían hóf göngu sína haustið 2023. Níu rithöfundar tóku þátt í Leslyndi á árinu: Jónína Leósdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Benný Sif Ísleifsdóttir, Jón Kalman Stefánsson og Einar Már Guðmundsson á vorönninni og á haustönninni fengum við til okkar þau Sigríði Hagalín Björnsdóttir, Evu Björgu Ægisdóttur, Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og Sigurjón Birgi Sigurðsson, eða Sjón. Viðburðaröðin hefur notið mikilla vinsælda og nær undantekningarlaust húsfyllir.

Í Náttúrusafni Kópavogs hélt áfram serían Hvað er? sem hóf göngu sína árið 2024 sem hluti af Menningu á miðvikudögum. Þar er vísindafólk fengið til að varpa ljósi á ólík hugtök og fyrirbæri og skýra út á mannamáli. Erindin í þessari röð voru sex talsins árið 2025: Hlynur Steinsson fjallaði um garðfugla, fjallað var um Carbfix, Andreas Guðmundsson sagði frá lífi maura, Gunnar Þór Hallgrímsson talaði um uglur, Kristín Svavarsdóttir sagði frá vistheimt og Finnur Ricard Andrason fræddi um endurheimt votlendis.

Í Gerðarsafni hverfðust miðvikudagsviðburðirnar um sýningar sem stóðu yfir í safninu hverju sinni og urðu þeir alls níu talsins. Kristinn R. Þórisson var með hugleiðingu um Parabólu, sýningu Finnoga Péturssonar. Einar Falur og Daría Sól Andrews voru með sitt hvora leiðsögnina um sýninguna Störu, Guðrún Elsa Bragadóttir hélt erindið „Fallegrí þegar þú brosir“ í tengslum við sýninguna Störu. Jón Proppé veitti leiðsögn um sýninguna Barböru, Björn Þorsteinsson hélt erindið „Hvað er líkami og hver er staða hans í heiminum?“ í tengslum við sýninguna Corpus, Sunna Ástþórsdóttir var með erindi um varðveislu gjörninga í tengslum við sýninguna Skúlptúr Skúlptúr performans og bauð Agnes Ársælsdóttir á leiðsögn um sömu sýningu.

Samtals fóru fram sjö viðburðir í seríunni Menning á miðvikudögum í Salnum. Þar komu fram Svanur Vilbergsson gítarleikari, Sævar Helgi Jóhannsson píanóleikari, Tinna Þorvalds Önnudóttir mezzó-sópran, Einar Stefánsson bass-barítón og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari í samstarfi við Óperudaga og Berglind María Tómasdóttir flautuleikari. Þar að auki voru á dagskrá Menningar á miðvikudögum tónheilun frá Völu Gestsdóttur og fyrirlestur um gervigreind í tónlist frá Þórhalli Magnússyni.

Auk ofantalins voru viðburðir undir hatti Mám á bókasafninu en þar farið í tónlistarreisu um Suður-Ameríku með Andrésí Ramón í tilefni af VÖKU þjóðlistahátíð og Frímann Ingi Helgason fjallaði um frumbýlisár á Kársnesi.

Fjölskyldustundir á laugardögum

Fjölskyldustundir fara fram á laugardögum, að öllu jöfnu milli 13 og 15 og á víxl í menningarhúsunum, Bókasafni Kópavogs (aðalsafni og Lindasafni), Gerðarsafni, Náttúrusafni og af og til í Salnum.

Leitast er við að skapa nærandi og notalegar samverustundir fyrir börn og fjölskyldur með fjölbreytni og fjölmenningu að leiðarljósi. Smiðjurnar eru leiddar af þjálfuðu fagfólki og listafólki. Viðburðirnir fara fram frá september fram í maí.

Alls fóru 30 fjölskyldustundir fram á árinu.

Í Fjölskyldustundum á Bókasafni Kópavogs, aðalsafni og Lindasafni, var boðið upp á smiðjur af ýmsu tagi. Í febrúar var boðið upp á skutlugerð með ÞYKJÓ á Lindasafni og Sigrún Úa var með smiðjuna Vorblóm á vorjafndægum í mars. Í ágúst voru fönndraðar trönur fyrir frið með Guðrúnu Helgu Halldórsdóttur og í september var metfjöldi á aðalsafni þegar smiðja var haldin í tengslum við Vöku Þjóðlistahátíð þar sem m.a. var kennt á langspil og krosssaumur. Í október hélt Bergrún Íris teiknismiðjuna Glæðum sögurnar lífi og síðar í október var Sigrún Úa með Mexíkósmiðju þar sem búin voru til vefnaðarskúlptúrar sem kenndir eru við Ojos de Dios. Í byrjun nóvember komu Sigga Eyrún og Kalli Olgeirs með Koddakósítónleika og viku síðar var Sigrún Úa með óróasmiðju á Lindasafni. Um miðjan nóvember voru búin til friðarljós í luktasmiðju á aðalsafni og seinasta fjölskyldustund ársins var jólasmiðja um miðjan desember á Lindasafni þar sem búnar voru til jólastjörnur.

Á Gerðarsafni var fyrsta fjölskyldustund ársins 11. Janúar þegar ÞYKJÓ var með óróasmiðju. Þá komu ÞYKJÓ aftur og gerðu hreiður og egg. Í samstarfi við GETU – hjálparsamtök voru smiðjurnar Pysanka úkraínskar klippimyndir með Ingunni Fjólu Ingþórsdóttur og Irynu Kamienieva. Aftur komu Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Hugo Llanes með fjöltýngda smiðju þar sem þátttakendur gerðu Milagro og síðar var ítölsk pappírsgerð – Carta Fioentina með Emiliu Telese og Ingunni Fjólu. Kathy Clark og Anne Rombach leiddu smiðju Gyotaku sem er japönsk aðferð og síðasta smiðja ársins með GETU var Pólsk listasmiðja þar sem notuð var pólska útklippiaðferðin Wycinanka.

Á Náttúrusafni leiddi Júlía Kristín smiðju þar sem búin voru til dúskdýr, maurarnir mættu með Marco Marcini, Jóhanna Ásgeirsdóttir framdi rauðkálsgaldur, Jóhannes Bjarki Urbancic leiddi sveppagöngu, draumeyjur voru hannaðar með límmiðum, stimplar búnir til úr mjólkurfenum og Agata og Styrmir buðu í Plánetusmiðju. Hönnunarteymið ÞYKJÓ leiddi smiðjuna Augaleið og Draumalandslag ásamt Sóleyju Stefáns.

Einn viðburður í seríunni Fjölskyldustundir á laugardögum fór fram í Salnum árið 2025, sýningin Tröllkonan og töfraeyjan, í samstarfi við Óperudaga, samið og flutt af hljómsveitinni Stundarómur.

FJÖLDI VIÐBURÐA 2022-2025

	Fjöldi viðburða 2022	Fjöldi viðburða 2023	Fjöldi viðburða 2024	Fjöldi viðburða 2025
Bókasafn Kópavogs	224	208	363	482
Gerðasafn	75	75	106	102
Náttúrusafn	18	17	22	75
Salurinn	184	184	135	208
HEILDARFJÖLDI VIÐBURÐA	501	484	626	867

GESTAFJÖLDI Á VIÐBURÐARÆÐIR OG HÁTÍÐIR MEKÓ 2025

	Bókasafn	Gerðarsafn	Náttúrusafn	Salurinn	Aðsókn alls 2025
Fjölskyldustundir á laugardögum	386	305	400	40	1.131
Menning á miðvikudögum	498	195	205	181	1.079
Foreldramorgnar	690	-	-	244	934
Barnameningarhátíð	966	400	2.005	755	4.126
17. júní	779	-	667	-	8.000
Haustkarnival	1.178	40	245	200	1.663
Aðventuhátíð	1.355	80	1.605	300	3.340
Hamraborg Festival	1.515	286	1.515	465	3.781
Dagar ljóðsins	220	-	-	180	400
HEILDARFJÖLDI GESTA	7.587	1.306	6.642	2.365	24.454

HÁTÍÐIR



LJÓÐSTAFUR JÓNS ÚR VÖR 21. JANÚAR

Ljóðstafur Jóns úr Vör hefur fyrir margt löngu fest sig í sessi sem ein mikilvægasta ljóðahátíð landsins en hún hefur verið haldin ár hvert frá 2002. Frá 2012 hefur samhlíða Ljóðstafnum verið efnt til Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs en verðlaun og viðurkenningar eru veitt á sömu hátíð. Það gefur viðburðinum mikla vídd að fá að heyra á einni og sömu hátíðinni ljóð frá þaulreyndum skáldum í bland við ljóð barna og unglunga. Verðlaunaljóð og ljóð sem hljóta viðurkenningar í báðum flokkum hafa undanfarin ár verið gefin út í smáriti sem skáld af öllum kynslóðum geta tekið með sér heim til eignar og dreift er ókeypis að viðburði loknum. Líkt og undanfarið var Sigurður Unnar Birgisson fenginn til að gera myndbandsupptöku með sigurskáldinu sem sett var á vefmiðla meko.is en þar er hægt að nálgast flutning allra sigurskálda Ljóðstafsins frá upphafi.

Verðlaunaafhending fór líkt og endranær fram 21. janúar, á afmælisdegi Jóns úr Vör. Dómnefndina skipuðu þau Guðrún Hannesdóttir, Þórður Sævar Jónsson og Þórdís Helgadóttir (formaður). Um 270 ljóð bárust í Ljóðstaf Jóns úr Vör að þessu sinni en ljóðin mega ekki hafa birst áður og skulu send inn undir dulnefni höfundar.

Ljóðstafinn hlaut í þetta sinn Anna Rós Árnadóttir fyrir ljóðið *Skeljar*. Önnur verðlaun hlaut Ragnar H. Blöndal fyrir ljóðið *Japanskir morgnar* og þriðju verðlaun hlaut Kari Ósk Grétudóttir fyrir ljóðið *Aðrar lendur*.

Að auki hlutu fimm ljóð sérstaka viðurkenningu dómnefndar. *Aukaleikari greinir hlutverk sitt* eftir Jón Hjartarson; *Draumur um Þórberg* eftir Baldur Garðarsson; *Speki tímavillinga* eftir Bjargeyju Ólafsdóttur, *Sverðgleypir* eftir Sunnu Dís Másdóttur og *Svipting* eftir Völu Hauksdóttur.

Rökstuðningur dómnefndar fyrir vali á sigurljóði

„Sigurljóðið er í senn seiðandi og blátt áfram. Skáldið yrkir af nákvæmni og næmni fyrir tungumálinu, sem er listilega einfalt og flæðir áreymslulaust. En undirtónninn er djúpur og uggvænlegur.

Þetta er ljóð um lífsháska, kvíða og óumflýjanlegt skapadægur. Strax í upphafi býður óvænt staðhæfing okkur að íhuga samband okkar við hafið, sem er okkur Íslendingum nærtæk og óhjákvæmlega birtingarmynd ógnar. Eftir því sem á líður færast náttúruaflið nær, með stigvaxandi háska.

Ljóðið bregður upp skýrum, ágengum og jafnvel skondnum myndum og segir eftirminnilega sögu, án þess þó að endanleg merking þess sé höggin í stein. Það talast á við bæði þjóðsagnaarfinn og bókmenntasöguna. Loks slær skemmtilega óræður og óvæntur snúningur í síðasta erindinu ískyggilegan tón og festir ljóðið rækilega í minni.“

Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar

Við sama tilefni voru veitt verðlaun í Ljóða-samkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar og var dómnefnd sú sama.

Fyrstu verðlaun hlaut Jóhanna Katla Kristjánsdóttir, 6. bekk Kársnesskóla, fyrir ljóðið *Hugleiðsluljóð*. Önnur verðlaun hlaut Friðrik Bjarki Sigurðsson, 6. bekk Salaskóla fyrir ljóðið *Veðrið (Hæka)* og þriðju verðlaun hlaut Kristjana Lillý Pétursdóttir fyrir ljóðið *Hriðin*. Viðurkenningar hlutu Máni Bergmann Sigfússon, 8. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið *Andheitið*, Matthías Haukur Daníelsson, 6. bekk Kársnesskóla, fyrir ljóðið *Dafnandi stjörnur*, Gabríela Sif O. Þórhallsdóttir, 10. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið *Dansandi tunglið*, Kristín Vala Stefánsdóttir, 10. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið *Jólanótt*, Eva María Ríkharðsdóttir, 8. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið *Lífið*, Eva Benediktsdóttir og Fjóla Breiðfjörð Arnpórsdóttir, 6. bekk Salaskóla, fyrir ljóðið *Ströndin* og Inga Bríet Valberg, 6. bekk Snælandsskóla fyrir ljóðið *Von*.

Kynnar á hátíðinni voru Elísabet Sveinsdóttir, formaður menningar- og mannlífsnefndar og meðlimir dómnefndar. Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri, afhenti sigurvegara ljóðstafinn. Hlómsveitin Brek flutti tvö lög við ljóð Jóns úr Vör og Guðrún Dalía og Hildigunnur Einarsdóttir fluttu einnig tvö lög við athöfnina.

Sigurljóð í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs 2025

HUGLEIÐSLULJÓÐ

Jóhanna Katla Kristjánsdóttir
6. bekk, Kársnesskóla

Þú liggur í grasi,
döggin á blöðunum lekur í andlitið á þér.
Þú sest upp og horfir á blómin og grasið
það er yndislegt,
þú labbar og kemur auga á rólu í tré
Þú klífrar upp og losar róluna
Þú sveiflar þér í rólunni og finnur vindinn
strjúka hárið á þér.
Þú vaknar í rúminu þínu.

Sigurljóð Ljóðstafs Jóns úr Vör 2025

SKELJAR

e. Önnu Rós Árnadóttur

öll hús
eru hús við sjóinn
ef maður bara fylgir lögnunum
núgu langt eftir

stundum
þegar hún krýpur á
köldum flísunum
finnst henni hún heyra
daufan óm af
fuglagargi
upp úr klósettskálinni

og þá hugsar hún um söguna
af sjómanninum
sem var spáð sjódauda
og hætti að róa út
hvernig hann flutti
eins langt inn í land
og hann komst
hætti að borða sjávarfang
varð tortrygginn
út í hvern einasta
vota stein
sem varð á vegi hans
í mörg ár

þangað til einn daginn
að hann sofnaði á verðinum
bauð tveimur skipbrotsmönnum gistingu

hún hugsar um sjóstakkana þeirra
hvernig þeir hengdu þá upp
og hvernig það draup af þeim
á forstofugólfið
yfir nóttina

um hreyfingarlaust
andlit mannsins í pollinum
í dögum

að lifa
er að sofna á verðinum

að deyja
er að sofna á verðinum

eins og járnsmiður
hugsar hún
sem gerir vettvangsrannsóknir
á skósólum

eins og konu
sem er spáð sjódauda
en flytur samt
inn í hús
þakið skeljum

Dagar ljóðsins í Kópavogi 2025

Í framhaldi af afhendingu Ljóðstafsins var efnt til fjölbreyttra viðburða á Dögum ljóðsins í Kópavogi þar sem íslensk ljóð voru sett í alls kyns samhengi á fjölbreyttum tónleikum, ljóðaviðburðum og sýningum.

Á bókasafninu var boðið upp á ljóðaandrymi í Beckmannstofu á bókasafninu þar sem hægt var að hlusta á upptökur af ljóðalestri skálda í notalegu umhverfi en skáldin voru Ásdís Óladóttir, Valdimar Tómasson, Sunna Dís Másdóttir og Sigurbjörg Þrastardóttir. Ljóðaandrymið var opið á meðan Dagar ljóðsins stóðu yfir og á Eyrún Ósk Jónsdóttir, verkefnastjóri á bókasafninu, veg og vanda að þessum viðburðum.

Skáldin Guðrún Hannesdóttir, Halla Þórðardóttir, Jón Hjartarson og Linda Vilhjálmisdóttir lásu úr bókum sínum fyrir gesti og gangandi á notalegri ljóðastund á Bókasafni Kópavogs 22. janúar. Ljóðakvöld Blekfjelagsins fór fram í Salnum þann 23. janúar þar sem fram komu Elín Elísabet Einarsdóttir, Elísabet Dröfn Kristjánsdóttir, Sunna Dís Másdóttir, Sölvi Halldórsson, Védís Eva Guðmundsdóttir, Vala Hauksdóttir og Þórdís Helgadóttir. Tónlistarkonan Margrét Eir kom fram á söngstund á Bókasafni Kópavogs og flutti skemmtileg lög og ljóð úr öllum áttum í tilefni af Dögum ljóðsins í Kópavogi. Með henni lék Ingvar Alfreðsson á píanó.

Á skjám bókasafnsins voru upptökur með handhöfum Ljóðstafsins frá árinu 2002 sýndar á meðan dagar ljóðsins stóðu yfir. Öll ljóðin sem bárust í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar voru sýnd á sérstakri sýningu á bókasafninu sem stóð yfir frá 21. janúar og fram yfir Vettrarhátíð.



VETRARHÁTÍÐ 2025

Vettrarhátíð stóð yfir dagana 6.-8. febrúar en þá fóru fram Sundlauganótt og Safnanótt.

Safnanótt

Á Safnanótt sem fór fram föstudagskvöldið 6. febrúar var að vanda opið á Gerðarsafni, Bókasafni og Náttúrusafni til klukkan 23 auk þess sem tónleikar fóru fram í Salnum. Molinn bauð upp á viðburðadagskrá og opið var í Y galleryi og á Hljóðbókasafni fram eftir kvöldi. Þá var ljóslistaverki Styrmis Annars Guðmundssonar varpað á Kópavogskirkju föstudags- og laugardagskvöldið. Verkið ber heitið Ó-ljós en þar mátti finna huglægar skírskotanir í trú, trúleysi og manngildi. Ókeypis var á alla viðburði og sýningar.

Í Gerðarsafni var meðal annars boðið upp á sýningarleiðsögn um sýninguna Störu í fylgd Dýrfinnu Benitu Basalan, Sadie Cook og Michael Richardt sem öll áttu verk á sýningunni. Einnig var Gjörningafestivalið Leið#1 opnað með gjörningum eftir Hrefnu Lind Lárusdóttur, Ásdísi Sif Gunnarsdóttur, Curro Rodriguez, Töru Njálu Ingvarsdóttur & Silfrúnu Unu Guðlaugsdóttur en viðburðurinn var sá fyrsti í gjörningafestivali sem teygði sig yfir allt árið 2025. Þá var einnig krakkaleiðsögn um Gerðarsafn.

Á Bókasafni Kópavogs var dagskrá á öllum hæðum allt kvöldið. Meðal annars tóku gestir lagið í Kópavogs-karóki, Gunnar Helgason las uppáhaldskafla úr eigin bókum, afrísk tákni voru kynnt fyrir áhugasömum listaspírurum og þjóðlagasöngvarinn Chris Foster flutti seiðandi ensk þjóðlög. Eva Rún Snorradóttir og Halla Þórlaug Óskarsdóttir sögðu frá hinsegin bókmenntum í tengslum við bókmenntahátíðina Queer Situations og skúffuskáldum bauðst að koma og lesa ljóð sín fyrir gesti.

Í Náttúrusafninu kenndi að vanda ýmissa grasa. Þar velti Sölvi Rúnar Vignisson fyrir sér af hverju sumir fuglar fara á veturna og aðrir verða eftir, krakkaleiðsögn var um safneignina og sagt var frá kynlífi fiska svo fátt eitt sé nefnt.

Í Salnum ómaði tónlistin svo fram á nótt. Þar kynnti Kristofer Rodríguez Svönuson, bæjarlistamaður Kópavogs, glænýja tónlist undir nafninu Watachico á stórtónleikum og Söngleikjastælar þeirra Bjarna Snæbjörnssonar og Siggú Eyrúnar glöddu gesti. Inspector Spacetime kom fram sem og DJ Egill Spegill.



Á Hljóðbókasafninu las Arnar Jónsson leikari úr eftirlætisljóðum sínum en Arnar er mikill ljóðaunnandi auk þess að vera einn besti ljóðaflytjandi landsins.

Í ungmennahúsinu Molanum var lífleg og skapandi dagskrá fyrir gesti á öllum aldri.

Þar má nefna tískusýningu á fatalínunni Collection Ladies eftir Særósu Mist. Eftir tískusýninguna opnuðu ungir listamenn markaðinn HÖNNLISTÍZK þar sem gestir gátu skoðað hönnun og handverk frá ungu listafólki, auk þess sem léttar kaffiveitingar og tónlist sköpuðu skemmtilega stemningu. Einnig voru sýningar í Y-gallerí og Gallerí Göngum.

Laugardaginn 7. febrúar var svo haldin Sundlauganótt í Kópavogslaug sem þar sem gestum var boðið upp á skemmtidagskrá og tónlist plötusnúðsins Sunnu Ben. Frítt var í sund frá kl. 17.00 til 21.00 á sérstökum kvöldopnunartíma og skapaðist hlýlegt og lífandi umhverfi í vetrarmyrkrinu.

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Barnamenningarhátíðin fór fram með pomp og pragt dagana 6. til 11. maí 2025 með fjölbreyttri dagskrá fyrir börn og fjölskyldur í menningarhúsunum, útisvæðum og við bókasafn bæjarins. Hátíðin tengdist einnig 70 ára afmæli Kópavogsbæjar og bauð upp á tónlist, leikhús, listasmiðjur og skemmtilega viðburði fyrir unga áhorfendur. Í Salnum fluttu um 200 leikskólabörn frá átta leikskólum lögin hans Braga Valdimars undir stjórn tónlistarskólakennara og einnig létu skólakórar Kópavogs ljós sín skína með

metnaðarfullri dagskrá. Á Bókasafninu lásu eldri börn fyrir þau yngri og leikritin Töfraloftbelgurinn og Rauðhetta með Silly Suzie og Söllu Möllu voru sýnd auk tónleika þar sem Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson sungu um dýrin. Á Náttúrusafni var farið í innanhússfjörufurð um safneignina.

Í Gerðarsafni var boðið upp á fjölbreyttar smiðjur og á útisvæðinu við menningarhúsin stóð Memmm leiksmiðjan fyrir miklu fjöri og Skólahljómsveit Kópavogs spilaði fjöruga tónlist undir stjórn Össurar Geirssonar.

Á hátíðinni voru einnig sýningar og verk sem unnin voru af börnum og tengdust listasmiðjum og sköpunarverkefnum fyrir hátíðina:

- **Álfarnir í Borgarholtinu**
Útisögustund þar sem börn fræddust um álfa og bjuggu til sína eigin álfa úr náttúrulegum efnum.
- **Ljóð úr ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs 2025**
- **Lífið neðansjávar**
Listaverk eftir börn í 2. bekk úr skólum Kópavogs um líf neðansjávar.
- **Lita verur á Lindasafni**
Verk eftir nemendur úr 3.–7. bekk þar sem börn unnu litrík klippimyndaverk byggð á eigin áhugasviðum.

Komdu í Kópavog 2025

Laugardaginn 13. september fór fram haustfögnuður í menningarhúsunum milli 13 og 16. Eva Ruza fór yfir dagskrá vetrarins í Salnum og fengu gestir að sjá brot af því besta. Smíðjur, tónlist, happdrætti, ratleikur og mikið stuð var bæði á útisvæði og inni í menningarhúsunum og lék veðrið við gesti og gangandi. Leikhópurinn Lotta kom í heimsókn, Víkingafélagið Rimmugýgur sýndi listir sínar, Þykjó var með náttúrukórónusmiðju, maurar og maurabú komu í heimsókn og bæjar-listamaðurinn Sigga Beinteins tók lagið. Frítt var á alla viðburði og á allar sýningar í Gerðarsafni í tilefni dagsins.

AÐVENTUHÁTÍÐ

Aðventuhátíð Kópavogsbæjar var haldin laugardaginn 29. nóvember 2025 og stóð yfir frá kl. 15.00–17.00. Hátíðin náði bæði yfir útisvæði við menningarhúsin í Hamraborg og fjölbreytta dagskrá í Gerðarsafni, Salnum, Bókasafni Kópavogs og Náttúrusafni Kópavogs.

Hátíðin markaði upphaf aðventunnar í Kópavogi og boðið var upp á tónlistaratriði, jólasmiðjur, föndur frá ólíkum menningarheimum og lífandi stemningu fyrir alla aldurshópa. Hægt var að gera sitt eigið jólakort með því að safna stimplum í húsunum, gera eigin jólapappír, fönndra óróa með Þykjó, búa til matarköngla handa smáfuglum, hlusta á jólagadagskrá í Salnum þar sem ýmsir listamenn og kórar lögðu sitt af mörkum og þannig mætti lengi telja.

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri, tendraði svo ljósin á jólatré Kópavogsbæjar við hátíðlega athöfn kl. 16.30.

JÓLALUNDUR Í KÓPAVOGI

Jólalundur í Kópavogi fór fram fjóra sunnudaga í röð frá kl. 13–15, dagana 30.11., 7.12., 14.12. og 21.12. 2025. Um var að ræða fjölskylduvæna og töfrandi dagskrá sem mótuð var af Önnu Bergljótu Thorarensen og Sigsteini Sigurbergssyni frá Jólásveinar.is, en þau hafa um árabil skapað ævintýrlega jólastemningu í Guðmundarlundi.

Í Jólalundinum bauðst gestum að upplifa jólaball Rófu, taka þátt í tengingakappi Hurðaskellis, fylgjast með risastóru jóladagatali, rekast á sveimandi ævintýraverur og blaðskellandi jólasveina og njóta rjúkandi heits kakós í hlýlegum skóginum. Börn og fullorðnir gátu einnig prófað splunkunýja ratleiki, tekið þátt í jólaföndri í náttúrunni og kíkt inn í fataskápinn í Grýluhelli, þar sem sögur og skemmtilegheit tóku á móti gestum.

Stemningin var róleg, falleg og fjörug í senn – þar sem útivist, ævintýri og jólagleði runnu saman í eitt í þessari einstöku náttúruperlu Kópavogs.

Aðgangur var ókeypis og öllum opinn.

Jólahús Kópavogsbæjar

Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs tilkynnti um val á Jólahúsi Kópavogsbæjar sem að vanda naut mikillar þátttöku og áhuga meðal bæjarbúa. Fjöldi tilnefninga barst í gegnum vef bæjarins þar sem íbúar gátu bent á sín uppáhaldshús og skreytingar sem lýstu upp desembermyrkrið.

Að lokinni yfirferð var húsið að Reynihvammi 39 valið Jólahús Kópavogsbæjar 2025 en eigendur þess eru Kristín Gísladóttir og Sigurður Þorsteins-son. Hús þeirra vakti mikla athygli fyrir hlýlega og



einstaklega vandaða jólaljósadýrð. Þau segja að undirbúningurinn hefjist strax í október og síðustu ljósin séu sett upp í upphafi aðventu þannig að skreytingarnar taki smám saman á sig endanlegt form.

Við afhendinguna færði Elísabet Berglind Sveinsdóttir, formaður menningar- og mannlífsnefndar, þeim blóm og gjafakort í Salinn og lýsti yfir ánægju sinni með fallega jólaandann sem svífi yfir garðinum. Hún sagði að gestir fylltust hlýju þegar þeir gengju inn á lóðina og að fjöldi smáatriða gerði heildarmyndina einstaklega glæsilega.

Eigendurnir hafa safnað saman skrauti og efni í gegnum árin sem margt kemur frá Garðheimum en þó ekki allt – meðal annars var forn sleði grafinn upp á lóðinni, endurgerður af Sigurði og staðsettur við nýjan kofa í garðinum. Kofinn var reistur á árinu þegar parið eignaðist sitt fyrsta barnabarn og er fagurlega skreyttur í tilefni þess.

Verkefni sem hlutu framgang menningar- og mannlífsnefndar

- Tónleikar með eigin útsetningum Össur Geirsson
- Smíði tveggja nýrra tónverka Dúó Freyja
- Kaup og varðveisla á kvikmynd um Kópavogsbúið Lionsklúbbur Kópavogs
- VAKA – Þjóðlistahátíð (styrkur samþykktur 2025, framkvæmd 2026) – Vökufélagið

Önnur fræðsluverkefni

Níundu bekkjum í Kópavogi var boðið á bókasafnið þar sem Kristinn Óli Haraldsson (Króli) ræddi við þá um sköpunarkraftinn, listina og alls kyns áskoranir sem fylgja lífinu. Tókst Króla afar vel til og var hann fenginn aftur á haustmánuðum til að taka á móti nýjum árgangi níunda bekkjar.

Í mars var Ævar Þór Benediktsson fenginn til að taka á móti fjórða bekk í sams konar verkefni og ræddi hann við börnin um lestur, bókaskrif og fleira og hreif þau með sér.

Menningarkrakkar

Námskeiðið Menningarkrakkar 2025 fór fram dagana 18.–21. ágúst og var ætlað börnum á aldrinum 6–9 ára. Námskeiðið var hluti af sumarstarfi menningarhúsanna og var afar vel sótt og uppbókað áður en það hófst. Á hverjum degi voru börnin í námi frá kl. 09.00–12.00.

Lögð var áhersla á forvitni, skapandi vinnu og vettvangsferðir þar sem börnin fengu að kynna menningarhúsunum og nánasta umhverfi þeirra. Í listasmíðjum var skapandi kraftur leystur úr læðingi með fjölbreyttum efnivið, meðal annars bleki, gifsi og öðrum spennandi hráefnum.

Námskeiðið var í umsjón myndlistarmannanna Þórs Sigurþórssonar og Þuríðar Rósar Sigurðardóttur, sem bæði hafa mikla reynslu af listkennslu og vinnu með börnum. Þau leiddu hópinn af fagmennsku og nutu börnin góðs af fjölbreyttri þekkingu þeirra á myndlist og skapandi aðferðum.

Hamraborg Festival

Hamraborg Festival 2025 var haldin dagana 29. ágúst til 5. september og efldist enn frekar sem þverfagleg, listamannarekin hátíð með áherslu á staðbundna list, gjörninga og samfélagsmiðaðar upptökur. Hátíðin hefur verið haldin árlega í hjarta Kópavogs frá árinu 2021 en hún þróaðist út frá listamannarýminu Midpunkt, sem starfrækt var í Hamraborg 21 á árunum 2018–2021.

Líkt og áður fóru allar sýningar og viðburðir fram í almenningssýningum, menningarhúsum, kaffihúsum, börum og skrifstofum í Hamraborg og nágrenni og skapaði hátíðin lífandi og opið menningarumhverfi. Dagskráin var fjölbreytt og samanstóð af myndlistarsýningum, gjörningum, tónleikum, þátttökuverkum, tískusýningu og smíðjum fyrir bæði fullorðna og börn.

Listrænir stjórnendur ársins voru Jo Pawlowska, Agnes Ársælsdóttir og Pétur Eggertsson og mótuðu þau heildræna og metnaðarfulla dagskrá þar sem áhersla var lögð á frumleika, fjölbreytileika og tengingu við staðinn.

17. júní

Eftirfarandi listamenn og hópar tóku þátt í Hamraborg Festival 2025:

Adam Flint & Annahita Asgari, Alda Ægisdóttir, Andrea Ágústa Aðalsteinsdóttir, Anna Wallenius, Anya Shaddock & ÞAU, Antonía Berg, Arnþór Kári, Atli Pálsson & Svanhildur Halla Haraldsdóttir, Berglind Jóna Hlynisdóttir, Berglind María Tómasdóttir, Birgitta Björg Guðmarsdóttir, Birkir Mar Hjaltsted, Bjargey Ólafsdóttir, Bryndís Björnsdóttir, Deepa R. Iyengar, Doro & Matthías Pétursson, DJ Melerito, Dýrfinna Benita Basalan, Elín Dögg Baldvinsdóttir, Emil Gunnarsson, Erik DeLuca, Estelle Pollaert, Fjaðrafok, Ghostigital, Heiðrún Viktorsdóttir, Hildur Elísa Jónsdóttir, Hrefna Lind, INKI, Inga María Brynjarsdóttir, Íris María Leifsdóttir og Vikram Pradhan, Íslenska teiknisetrið, Jorika & Siggi, Jóhanna Ásgeirsdóttir & Ásgerður Heimisdóttir, Kamil Wesołowski, Katla Gunnlaugsdóttir, Kinga Kozłowska, Lauren Charnow, Maria-Magdalena Ianchis, Marie Vesela, MSEA, Miguel Crozzoli, Nina Basdras, Pétur Eggertsson, Rakel Andrésdóttir, Rebekka Ashley, Regn Sólmundur & Logn Blómdal, Sadie Cook & Ynda Eldborg, Serena Dzenis, Sigtýr Ægir Kárason, Sigþóra Óðins, Steinn Logi Björnsson, Trausti Skúlason / Keztro & Guðni Gunnarsson og Xiupill.

Hátíðin var vettvangur fjölbreytts sköpunarkrafts, samfélagslegrar þátttöku og lifandi samveru listafólks, íbúa og gesta.

Hátíðahöld 17. júní í Kópavogi árið 2025 voru glæsileg og fjölbreytt á nokkrum hátíðarsvæðum víðs vegar um bæinn. Fjölskyldur nutu lifandi skemmtunar, tónlistar, gjörninga og barnadagskrár. Veðrið setti séríslenskan blæ á daginn en það rigndi óhemju mikið. Það stoppaði þó ekki fjölskyldur frá því að mæta á svæðin, gera sér glaðan dag og jafnvel renna sér og hoppa í rennandi blautum hoppuköstulum.

Að morgni dags fór fram árlegt 17. júní hlaup frjálsíþróttadeildar Breiðabliks, ætlað börnum í 1.–6. bekk, en það er fastur liður í hátíðarhöldunum. Hátíðarsvæði á Rútstúni og við Versali opnuðu kl. 12, þar sem boðið var upp á hoppukastala, leiktæki og andlitsmálun, öllum að kostnaðarlausu.

Skrúðganga fór venju samkvæmt frá Menntaskólanum í Kópavogi kl. 13.30, leidd af Skólahljómsveit Kópavogs og Skátafélaginu Kópum. Henni lauk á Rútstúni þar sem skemmtidagskráin hófst.

Við menningarhús bæjarins var einnig boðið upp á fjölbreytta dagskrá með sýningum og uppákomum fyrir börn og fullorðna, þar mátti meðal annars sjá hjólakúnstir, götuleikhús, sirkus og Krakkahestar komu í heimsókn.

Á Rútstúni ávarpaði Fjallkona Kópavogs, Agla María Albertsdóttir fyrirlíði knattspyrnuliðs Breiðabliks, samkomuna en svo tóku við Bríet, Aron Can og Bógómil Font en dagskránni stýrðu Gunni og Felix. Tónlistarfólkið fór svo í Versali og endurtók leikinn fyrir þjóðhátíðargesti þar.





Vetrarfrí og Haustfrí

Vetrarfrí var í skólum í Kópavogi 24.–25. febrúar 2025 og að vanda voru menningarhúsin með dagskrá fyrir krakka í fríi. Á bókasafninu var „Kort og kórónur“ föndursmiðja og grímusmiðja, auk borðspila með Spilavinum fyrir ungmenni. Á Náttúrufræðistofu var Vísindasmiðja HÍ og í Gerðarsafni fór fram listasmiðja með Jóhönnu Ásgeirsdóttur.

Svipað var uppi á teningnum í haustfríinu sem fór fram 27.–28. október 2025 nema það var með hrekkjavökuívafi. Á bókasafninu var krakkabíó, fuglagrímusmiðjur (á aðalsafni og Lindasafni) og marga teiknismiðja fyrir 12 ára og eldri ásamt spjalli um rafíþróttir. Á Náttúrufræðistofu var origami smiðja um kjaftagelgjur og lífljómun, og í Gerðarsafni fóru fram ÞYKJÓ eldfjallasmiðja og nornateiknismiðja með Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.

SUMAR Í KÓPAVOGI

Skapandi sumarstörf

Skapandi sumarstörf í Kópavogi buðu upp á blómlegt og fjölbreytt menningarstarf yfir sumarið. Ungt listafólk vann að fjölmörgum verkefnum sem leiddu af sér nýjar barnasögur, tónleika, gjörninga, innsetningar og örverk sem sýnd voru víðs vegar í menningarhúsum bæjarins. Dagskráin stóð yfir frá byrjun júlí og lauk með glæsilegri lokahátíð í Salnum 24. júlí, þar sem afrakstur sumarsins var kynntur fyrir gestum.

Lautarferðin

Lautarferðin nefndist ný og vinsæl viðburðatvenna þar sem gestum var boðið að koma saman í notalegri lautarstemningu og njóta lifandi tónlistar á fallegum útivistarsvæðum. Fyrri tónleikarnir fóru fram í Vinabæjarlundu í Kópavogsdal 13. júlí og sáu MGT og Marína Ósk um tónlistina. Seinni tónleikarnir voru haldnir 10. ágúst í Rósagarðinum í Fossvogsdal þar sem Unnur Malín og Silja Rós sköpuðu hlýja og mjúka stemningu fyrir gesti.

Sumargöngur

Kópavogsbær bryddaði einnig upp á gönguferðum í sumar sem nutu mikilla vinsælda. Einar Skúlason leiddi tvær fallegar göngur, þá fyrri um Vatnsendahlíð og þá seinni um Selfjall og Lækjarbotna, þar sem þátttakendur nutu leiðsagnar og fróðleiks um náttúru og sögu svæðisins. Göngurnar tóku um klukkustund og hentuðu fjölbreyttum hópi.





Sumartónar í Salnum

Í júní hófst tónleikaröðin Sumartónar í Salnum þar sem markmiðið var að bjóða upp á aðgengilega tónlistardagskrá fyrir bæjarbúa yfir sumarmánuðina. Meðal þeirra sem komu fram voru Katrín Halldóra, Los Bomboneros, Blood Harmony og Ragnheiður Gröndal. Ókeypis var á alla tónleikana og var húsfyllir á þeim öllum og jafnvel setið úti í góða veðrinu.

Vatnsdropinn kynntur á alþjóðlegum vettvangi

Barnamenningarverkefnið Vatnsdropinn fékk verðskuldaða alþjóðlega athygli þegar það var kynnt á ráðstefnunni Communicating the Arts, sem haldin var 17.–20. júní 2025 í Rijksmuseum í Amsterdam. Þar kynntu Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála Kópavogs, og Ingibjörg Gréta Gísladóttir, verkefnastjóri Vatnsdropans, verkefnið og fjölluðu um umfang þess og mikilvægi.

Vatnsdropinn er fjögurra ára barnamenningarverkefni sem tengir saman norrænar barnabókmenntir og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, með áherslu á frumkvæði og skapandi þátttöku barna sem störfuðu sem sýningarstjórar og leiðtogar verkefnisins. Árangurinn birtist í fjölmörgum verkum, sýningum og viðburðum sem mörg halda áfram að lifa í menningarstarfinu í Kópavogi. Samstarfsaðilar voru m.a. H.C. Andersen húsið, Múmínsafnið og Ilon Wikland safnið, og var verkefnið fjármagnað með norrænum og evrópskum styrkjum sem námu um hundrað milljónum króna.

KYNNINGAR- & MARKAÐSMÁL

Síðastliðið ár hefur farið í tilraunir með vörumerkið MEKÓ, með myndmál og í texta og er hugmyndafræðileg nálgun merkisins í skoðun.

Markmiðið er að auka samlegð í markaðssetningu í samstarfi við bókasöfnin, Gerðarsafn, Náttúrusafn og Salinn. Vörmerkið er því í endurskoðun.

Skipulagsbreytingar

Með skipulagsbreytingum sem samþykktar voru í bæjarstjórn í mars var ákveðið að stöðugildi kynningar- og markaðsmála færðist frá forstöðumanni menningarmála undir skrifstofustjóra nýrrar skrifstofu umbóta og þróunar. Eftir föngum er þeim starfsmanni ætlað eftir sem áður sinna kynningar- og markaðsmálum fyrir menningarmálaflokkinn.

Fjárfestingar

Fjárfest hefur verið í áframhaldandi samstarfi við Skjálausnir, en þau þjónusta okkur með auglýsingarskilti ætluð gangandi og eða hjólandi umferð.

Eins erum við með reglulegar birtingar á Rúv 2, í útvarpi og í Kópavogspóstinum.

Við höfum haldið áfram að nýta okkur samlesnar auglýsingar á Rás1 og Rás 2.

Markaðsstofa Höfuðborgarsvæðisins

Kópavogsbær er aðili að Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins og er MEKÓ þátttakandi í því starfi. Markmiðið er að efla ferðaþjónustu og eru kynningarmál stór hluti af því.

Færa má rök fyrir því að hækkandi aðsóknartölur og aukinn fjöldi fylgjenda á samfélagsmiðlum beri vott um vaxandi meðvitund og áhuga á starfi menningarhúsanna sem er ánægjulegt.

MEKÓ OG MENNINGARSTOFNANIR Á FACEBOOK 2021 - 2025

	Lok 2021	Lok 2022	Lok 2023	Lok 2024	Lok 2025
MEKÓ	2.503	3.198	3.290	4.139	4.430
Bókasafn	3.646	4.185	4.601	5.191	6,041
Gerðarsafn	4.687	5.399	5.452	5.961	6,187
Náttúrusafn	1.101	1.225	910	1.457	1.627
Salurinn	8.189	8.571	8.653	9.026	9.323
HEILDARFJÖLDI FYLGJENDA	20.364	22.578	22.906	25.774	27,608





Stofnanir sviðsins

BÓKASAFN KÓPAVOGS

Hlutverk

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost. Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi – og fræðslu fyrir samfélagið í heild.

Bókasafn Kópavogs er rekið af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994 og menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi í starfi sínu. Bókasafn Kópavogs rekur tvö söfn, aðalsafn í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7. Safnið rekur jafnframt fyrsta og eina bókaþótt landsins í Vallakór 4. Bókaþótt virkar á svipaðan hátt og póttþótt og sjálfsafgreiðsluvél, en bæði er hægt að panta bækur til að fá sendar í þótt og skoða bækur í þótt og fá lánaðar.

Leiðarljós

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.

Markmið

Að vera bæjarbúum „heimili að heiman“ í daglega lífinu.

- Bjóða fjölbreytta og góða þjónustu sem nær til allra hópa samfélagsins óháð staðsetningu.
- Veita aðgengi að fjölbreyttum og lífandi safnkosti og hlýlegu umhverfi.
- Bjóða fjölbreytta viðburði, námskeið og klúbba sem höfða til allra aldurshópa og allra hópa samfélagsins.
- Nýta og styrkja samstarf og nálægð við aðrar menningarstofnanir í Kópavogi í þágu gesta safnsins.

Að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu.

- Bjóða starfsmönnum sí- og endurmenntun og gott vinnuumhverfi til að auka færni, þekkingu og ánægju í starfi.
- Innleiða nýjustu tækni, búnað og miðlun í starfsemi safnsins hverju sinni.
- Styrkja samstarf við önnur söfn innanlands og erlendis.
- Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.

STARFSEMI 2025

Opnunartími og aðgangseyrir

Bókasafn Kópavogs heyrir undir menningarmál í Kópavogi. Menningarmál í Kópavogi færðust frá stjórnslusviði yfir á nýja skrifstofu, Skrifstofu umbóta og þróunar um mitt ár 2025.

Bókasafn Kópavogs er starfandi á þremur stöðum í bæjarfélaginu. Aðalsafn er í Hamraborg 6a, útibúið Lindasafn er í Núpaland 7 og bókaþótt er í Vallakór 4.

Hefðbundinn afgreiðslutími aðalsafns:

Mánudaga – föstudaga	kl. 08 – 18
Laugardaga	kl. 11 – 17

Hefðbundinn afgreiðslutími Lindasafns:

Mánudaga – föstudaga	kl. 13 – 18
Laugardaga	kl. 11 – 15

Á sumrin er lokað á laugardögum (júní - ágúst).

Enginn aðgangseyrir er inn á söfnin.

Breytingar á gjaldskrá voru gerðar þrisvar sinnum yfir árið 2025. 1. janúar, 1. júlí og 1. október. Voru þær breytingar vísitölutengdar, blanda af vísitölu neysliverðs og launavísitölu.

Þjónusta

Þjónustan er einn af lykilþáttum í starfsemi safnsins. Safnið er í stöðugri þróun og endurskoðun og reynt er eftir fremsta megni að halda góðri þjónustu og bæta hana eins og hægt er.

Sjálfsafgreiðsla var áfram einn af áhersluþáttum þjónustunnar á báðum söfnum og var mikil aukning í notkun hennar á árinu líkt og verið hefur á undanförunum árum. Bókaþótt er síðan hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og virkar eins og póttþóttin sem hafa verið að spretta upp út um allt land á undanförunum árum þar sem hægt er að sækja þakka í þótt. Þetta er einföld leið fyrir lánþega safnsins til að nálgast nýjustu og vinsælustu bækurnar, en í þóttinu eru alltaf tíu nýir titlar, eins er hægt að skila lánsbókum. Hægt er að taka frá bók og sækja hana í þótt. Bækurnar eru þá fráteknar á leitir.is og kemur starfsfólk bókunum í Bókaþótt. Bókinni verður haldið í fjóra sólarhringa eftir að hún er komin í þótt.

Rafræn greiðslugátt var tekin í notkun á Bókasafni Kópavogs árið 2024 og var hún unnin í samstarfi við Wise. Virkir lánþegar hafa verið um 8000 talsins síðustu tvö ár og fer þeim fjölgandi. Lausnin er sú fyrsta sinnar tegundar meðal bókasafna á Íslandi. Með þessari nýjung hafa notendur safnsins getað sinnt bókasafnserindum sínum hraðar og þægilegar, hvar og hvenær sem er. Lánþegar geta keypt eða endurnýjað kort rafrænt, greitt sektir á netinu og sótt rafræn bókasafnskort í símann ásamt því að endurstilla PIN-númer. Lausnin er liður í stefnu Kópavogsbæjar um að efla stafræna þjónustu og einfalda samskipti við íbúa og nú munu fleiri stofnanir bæjarins bætast við undir forystu stafræns þróunarteymis á Skrifstofu umbóta og þróunar. Safnið var áfram með samstarfssamning um eitt lánþegaskirteini við almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu. Var samstarfið á þá leið að hafi lánþegi gilt skirteini í einu safnanna getur hann nýtt sér þjónustu þeirra allra, m.a. fengið lánað og skilað gögnum á hverju þessara safna. Gjaldskrá miðast við það safn sem notað er hverju sinni og sektir og önnur gjöld eru greidd á viðeigandi safni. Fyrirkomulagið hefur mælst mjög vel fyrir hjá lánþegum.

Bókasendingar milli samstarfssafnanna þriggja í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi eiga sér stað þrisvar sinnum í viku sem og sendingar milli aðalsafns, Lindasafns og bókaboxins.

Á aðalsafni er boðið upp á aðgang að gestatölvu þar sem aðeins er hægt að skoða internetið og með tilkomu nýrrar prentþjónustu er einnig hægt að prenta út úr þeirri tölvu.

Áfram var prentþjónustan Princh notuð með miklum ágætum. Princh er danskur hugbúnaður sem, m.a. er notaður á bókasöfnum Borgarbókasafns Reykjavíkur, á Norðurlöndunum og víðar um heim. Hugbúnaðurinn gerir fólki kleift að fá aðgang að prentara safnsins úr hvaða tæki sem er, þ.e. sínum, spjaldtölvum, fartölvum, gestatölvu o.s.frv. og fólk er því ekki lengur bundið við aðgang að gestatölvu eða aðstoð starfsfólks.

Áfram heldur vinna í nýjum Gegni, bókasafnskerfinu Alma frá Ex Libris. Landskerfi bókasafna hf. sér um rekstur á kerfinu á Íslandi. Fyrsta árið eftir skiptin reyndi mikið á starfsfólk og lánþega en með meiri reynslu, uppfærslum og aðlögunum hefur vinna í kerfinu orðið betri og starfsfólk á hrós skilið fyrir metnað og æðruleysi í þessari miklu vinnu.

Hringrásarsafnið hefur gengið vel frá því það opnaði í lok árs 2021, en safnið er fyrsta safn sinnar tegundar á Íslandi. Safnið virkar ekki ósvipað

og bókasafn og gerir notendum sínum kleift að fá lánaða ýmsa nytsama hluti eins og til dæmis ísvél og verkfæri. Notendur hringrásarsafnsins greiða árgjald og fara útlánin fram með sjálfsafgreiðslu. Verkefnið hefur gengið mjög vel og hafa íbúar Kópavogsbæjar sem og aðrir tekið vel í þessa nýjung á safninu. Hægt er að sjá frekari upplýsingar um safnið á vefnum www.munasafn.is.

Fjölnotasalur og fundaherbergi aðalsafns hafa verið vel nýtt á árinu og leigð út til margra, bæði einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Fjölnotasalurinn er leigður út gegn gjaldi og nýtur sívaxandi vinsælda hjá samtökum og stofnunum í Kópavogi og víðar. Mikil ánægja hefur verið meðal leigutaka á þjónustunni í kringum leiguna og á sölunum sjálfum. Fundaherbergi eru lánuð út án endurgjalds í tvo tíma í senn, en eftir það er greitt fyrir klukkustundina.

Gestir og útlán

Á árinu komu samtals 220.874 gestir á bæði söfn, þar af 187.764 gestir á aðalsafn og 33.110 gestir á Lindasafn. Er þetta tæplega 9,0% hækkun frá árinu 2024. Aldrei hafa jafn margir gestir sótt safnið heim á einu ári frá upphafi. Er það mikið fagnaðarefni.

Fjöldi útlána jókst töluvert milli ára. Þau voru 156.833 árið 2025, en 144.775 árið 2024.

Öll töluleg gögn um safnið eru nú sett í miðlægt vöruhús gagna Kópavogsbæjar þar sem fram koma upplýsingar safnsins um heimsóknir í safnið, útlán gagna, fjölda gesta á viðburðum, fjölda skólahópa sem koma í fræðsluheimsóknir, heimsóknir á samfélagsmiðla ásamt fleiri gagnlegum upplýsingum.

Styrkir

Safnið hlaut tvo styrki úr Bókasafnasjóði vorið 2025. Annars vegar fyrir viðburðaröðina Bókasafnið gegn upplýsingaóreiðu og hins vegar fyrir kynningarátaki almenningsbókasafna. Þá hlaut safnið einnig styrk úr Íslenskusjóðnum við Háskóla Íslands fyrir áframhaldi á Tala og spila, Úr Barnamenningarsjóði hlaut safnið styrk fyrir þróun á sögustundum.

Viðburðaröðin Bókasafnið gegn upplýsingaóreiðu miðar að því að vinna gegn upplýsingaóreiðu samtímans og hjálpa lánþegum/gestum að finna réttar, áreiðanlegar og sannar upplýsingar. Viðburðaröðinni var hrint úr vör með kökubóði þar sem gestir fengu kökur til að maula meðan lært var

um vefkökur. Af öðrum viðburðum má nefna kennslu á ChatGPT og fræðslu um algrím. Haldnir voru fimm viðburðir á haustmánuðum 2025 og heldur viðburðaröðin áfram árið 2026.

Bókasafn Kópavogs sótti um styrk fyrir samvinnuverkefni almenningsbókasafna á Íslandi til að framleiða og fara af stað með kynningarátak almenningsbókasafna. Markmiðið er að auka vitund fólks um bókasafnið sem fastan punkt í nærsamfélaginu, bæði til að auka lestraráhuga en einnig sem samkomustað og menningarhús. Með kynningarátaki geta bókasöfnin skipað sér sess sem mikilvægur þáttur í daglegu lífi fólks í nærumhverfinu, þar sem öll eru velkomin burtséð frá kyni, þjóðerni, stétt eða stöðu. Búið er að opna vefsíðuna bokasofn.is og framleiða kynningarmyndbönd, sem síðan verða birt og kostuð á miðlum Meta og Google í janúar 2026.

Verkefnið Tala og spila hefur verið rekið á Bókasafni Kópavogs í samstarfi við GETA hjálparsamtök þar sem fólk getur komið saman í afslöppuðu umhverfi og æft sig í íslensku með aðstoð íslenskukennara á sama tíma og það grípur í spil. Með styrknum víkkaði verkefnið örlítið út, en börn eru nú velkomin með foreldrum sínum. Viðburðaröðin hefur verið vel sótt og mikið gleðiefni að hægt sé að halda henni áfram.

Sögustundir á Bókasafni Kópavogs tóku á sig ævintýrlegan blæ sl. vetur þegar Eyrún Ósk, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, og Gréta Björg, deildarstjóri barnastarfs þróuðu svokallaðar skynjunarsögustundir, þar sem þær hafa bætt við hljóðum, leikmunum og gætt sögupersónur lífi með leikrænum tilburðum, hljóðfærum og brúðum. Sögustundirnar hafa gengið afar vel og börn sem hafa vanalega ekki eirð í sér til að sitja og hlusta verið sem dolfallin. Styrkurinn úr Barnamenningarsjóði kemur sér vel við áframhaldandi þróun sögustundanna.



STARFSMANNAMÁL

Árið 2025 voru að jafnaði 16 starfsmenn í 12,05 föstum stöðugildum á safninu, þar af 10,3 stöðugildi á aðalsafni og 1,75 stöðugildi á Lindasafni. Einn starfsmaður kom úr fæðingarorlofi í september. Tímavinnustarfsmenn voru að jafnaði 10 yfir árið. Sumarstarfsmenn voru í samtals fimm stöðugildum á báðum söfnum. Auk þess kom eitt ungmenni í gegnum Vinnuskóla Kópavogs á Lindasafn í sex vikur.

Forstöðumaður og útíbússtjóri Lindasafns tóku tvö starfsmannasamtöl á árinu við allt starfsfólk safnsins í föstu hlutfalli og er það hluti af árlegu ferli.

Sí- og endurmenntun

Starfsfólk var duglegt að sinna sí- og endurmenntun af ýmsum toga. Forstöðumaður og útíbússtjóri Lindasafns fóru í fræðsluferð til Barcelona með SFA – Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna. Sex starfsmenn fóru á Ninja – Nordic IFLA Network ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi haustið 2025. Þá fóru sjö starfsmenn á landsfund Upplýsingar á Selfossi um miðjan október.

Út frá niðurstöðum starfsmannasamtala kom skýr krafa frá starfsfólki um formlegri sí- og endurmenntun. Var því stofnað fræðsluteymi innan safnsins sem vann að fræðsludagskrá starfsfólks fyrir allt árið. Formleg dagskrá hófst haustið 2025 og voru haldin fimm fræðsluerindi á haustönninni, auk jólagleði starfsfólks í desember. Í september sagði Védís Hervör Árnadóttir umbóta- og þróunarstjóri starfsfólki frá starfsemi og framtíðarsýn skrifstofunnar, en safnið heyrir undir skrifstofuna. Einnig kom Lilja Gísladóttir, sérfræðingur á umhverfissviði Íslenska gámafélagsins, og fræddi starfsfólk um endurvinnslu og flokkun. Í október fékk starfsfólk fræðslu frá Áslaugu Einarsdóttur, verkefnastjóra á frístundadeild, um hegðun barna og unglinga og hvernig hægt er að bregðast við erfiðum aðstæðum í tengslum við börn og unglinga. Þuríður Helga Kristjánsdóttir, núvitundarkennari og eigandi Veglyndis, leiddi fræðslu og umræður um innri þróunarmarkmið í október. Síðasta fræðsluerindi haustannar var í höndum Miriam Petru Ómarsdóttur, fræðsluaðila. Ræddi hún öraréiti, fordóma, fjölbreytileika og inngildingun.

Forstöðumaður sótti nokkra stjórnenda- og starfsdaga með öðrum forstöðumönnum menningarhúsanna og einnig voru niðurstöður vinnustaðagreiningar kynntar á sérstökum fundi.

Starfsfólk sótti að auki bæði fræðslufundi og námskeið innan vinnutíma og utan og hluti starfsfólks í hlutastarfi er í háskólanámi meðfram vinnu svo vinnustaðurinn er í góðum tengslum við skólasamfélagið sem er hverju almenningubókasafni mikilvægt.

Allt starfsfólk í föstu hlutfalli á Bókasafni Kópavogs fór í símenntunar- og fræðsluferð til Eistlands í maí. Var ferðin farin í tengslum við Nordplus samstarfsverkefnið sem safnið fékk styrk fyrir árið 2024. Verkefnið er samstarfsverkefni bókasafnanna í Haapsalu í Eistlandi, Hassleholm í Svíþjóð og Kópavogi. Styrkur úr starfsþróunarsjóði BHM var fenginn fyrir ferðinni fyrir félagsmenn í Visku/BHM.

Félagsstörf

Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs, var fulltrúi Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða í nefnd um Gerðubergsráðstefnu. Brynhildur Jónsdóttir, deildarstjóri þjónustu, situr í stjórn Aleflis. Sigurlaug Jóna Hannesdóttir, útibússtjóri Lindasafns stýrir vinnuhópi um tímaritahluta Rafbókasafnsins. Sigurlaug Jóna, er jafnframt trúnaðarmaður starfsfólks hjá Bandalagi háskólamanna og situr í stjórn Upplýsingar. Íris Dögg Sverrisdóttir, bókavörður, er formaður Starfsmannafélagsins Írisar, meðstjórnandi í Starfsmannafélagi Kópavogs og trúnaðarmaður starfsfólks hjá Stéttarfélagi Kópavogsbæjar. Lís Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður, var skipuð sem varaformaður Bókasafnaráðs af menningarmálaráðherra.



HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Innkaup

Í byrjun árs var keyptur inn 3D prentari, vínyskeri og hitapressa. Starfsfólk safnsins fékk góða kennslu á tækin frá sérfræðingi og hefur unnið í því allt árið að læra betur og betur á þau.

Um mitt ár var keypt nýtt hljóðkerfi á aðalsafni, en nauðsynlegt var að endurnýja og uppfæra eldri græjur. Nýja kerfið hefur breytt miklu fyrir þann mikla fjölda viðburða sem haldnir eru á safninu. Hljóð heyrir vel í því rými sem viðburðir eru haldnir.

Endurbætur

Miklar endurbætur og breytingar voru gerðar á öllum hæðum aðalsafns. Áframhald var á vinnu við að ganga frá fyrstu hæð og var áherslan á Tilraunastofuna sem náðist ekki að klára með stóru breytingunum árið 2024. Innréttingar inn í rýmið voru settar upp, m.a. vaskur og hillur. Einnig var snyrting við Tilraunastofunni standgerð og stækkuð vegna aðgengis fyrir fatlaða.

Á 3. hæð í ungmennadeildinni voru keyptar inn nýjar hillueiningar fyrir sjálfsafgreiðsluvél, skil á bókum og að hluta til fyrir bækur fyrir þennan aldur. Voru hillueiningarnar í sama stíl og lit og keyptar voru inn í endurbótunum á 1. hæð. Einnig var skipulagi deildarinnar breytt að hluta til og ný lesborð og stólar keypt inn. Þá var sett falleg lýsing á vegg, nánast eins og listaverk.

2. hæðin, aðalhæðin, tók einnig breytingum. Var öllu nánast snúið við og afgreiðsluborðið fært til baka á þann stað sem það var upphaflega þegar aðalsafnið opnaði árið 2002. Hillur breyttu um staðsetningu og þær færðar til að koma fyrir varanlegu sviði. Var það sett upp í lok árs ásamt nýju hljóðkerfi og hafa bæði svið og nýtt hljóðkerfi vakið mikla lukku fyrir viðburði á safninu.

Theresa Himmer arkitekt vann áfram með safninu við hönnun á þeim endurbótum sem gerðar voru á aðalsafni og Lindasafni á árinu.

Í október var hafist handa við að endurnýja eldhús í starfsmannaaðstöðu Lindasafns. Staðsetningu innréttingar var breytt lítillega frá því sem áður hafði verið og nýttist rýmið nú mun betur og aðgengi fyrir starfsfólk batnaði mikið. Sumarið 2025 var unnið að hugmyndum um nýtt heildarskipulag starfsmannarýmis safnsins og var endurnýjun á eldhúsi fyrsti áfanginn í því ferli. Áætlað er að halda áfram með endurbætur og skipulag í starfsmannarými safnsins árið 2026.

SAFNEIGN & SAFNKOSTUR

Safnkostur Bókasafns Kópavogs sem skráður er í Gegni var 79.674 eintök í árslok 2025 og nær bæði yfir aðalsafn og Lindasafn. Sérstök áhersla var lögð á að kaupa inn vinsælt og fjölbreytt efni til að koma til móts við lánþega og frátektarlista.

Innkaup og gagnaval er í höndum aðfangateymis sem hittist einu sinni í viku. Í jólabókaflóðinu hittist teymið þó að jafnaði tvisvar sinnum í viku. Við innkaup, gagnaval og grisjun er stuðst við aðfangastefnu safnsins sem gildir í eitt ár í senn en hana má finna á vefsíðu safnsins.

Á safninu fer fram skráning, flokkun og tenging innlendra og erlendra bóka, tímarita, hljóðbóka og mynddíska auk annarra gagna. Punginn af þessari vinnu fer fram hjá deildarstjóra aðfanga á aðalsafni en útibússtjóri Lindasafns sér um innkaup og tengingu safnkosts sem er keyptur fyrir Lindasafn.

Stafræn og rafræn gögn

Sem almenningubókasafn Kópavogsbæjar greiðir Bókasafn Kópavogs fyrir landsaðgang að rafrænum áskriftum á Hvar.is fyrir Kópavogsbæ. Hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritsgreinum.

Lánþegar Bókasafns Kópavogs hafa aðgang að Rafbókasafninu sem starfrækt er í samvinnu við Landskerfi bókasafna og önnur almenningubókasöfn á landinu. Raf- og hljóðbækur eru lánaðar út í gegnum Rafbókasafnið en safnkostur þess er eins og er mestmegnis á ensku. Árið 2025 varð nokkur aukning á efni á íslensku en vonir standa til að efni á íslensku bætist við í enn meira mæli á næstunni. Í upphafi árs 2024 var keyptur inn tímaritapakki í Rafbókasafnið og geta lánþegar nú nálgast fjölbreytt úrval tímarita. Tímaritin hafa notið mjög mikilla vinsælda meðal notenda Rafbókasafnsins frá því þau bættust við safnið og staðfestir að þörf var á þessari viðbót. Bókasafn Kópavogs stýrir verkefnateymi tímaritahlutans en teymið samanstendur einnig af fulltrúum frá bókasöfnum Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Amtbókasafninu á Akureyri auk fulltrúa Kópavogs. Tímaritin eru kærkomin viðbót við Rafbókasafnið sem er í stöðugri þróun.

Gjafir

Bókasafn Kópavogs fær margar góðar bóka- og myndgjafir á hverju ári frá velunnurum sínum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hugulsemi og örlæti.



Þema og útstillingar

Allt árið er bókum og öðrum safnkosti stillt fram í tengslum við ákveðin þema eða viðburði á safninu. Á árinu voru m.a. eftirfarandi útstillingar: Jane Austen bækur, bækur sem tilnefndar voru til bókmenntaverðlauna og Goodreads choice verðlaunanna. Þá er bókum eftir gesti oft stillt upp þegar þeir koma og halda erindi, t.d. bókum eftir Sjón, Jón Kalman eða Sigríði Hagalín sem voru öll gestir í Leslyndi á árinu. Jólabókum er stillt upp sem og yndislestri við sundlaugabakkann. Ýmsar litaútstillingar, s.s. gular bækur í gulum september, bleikar bækur í bleikum október og hrekkjavökuútstillingar á hrekkjavökunni. Allt árið um kring er nýjum og nýlegum bókum einnig stillt upp.

Verk í almenningsrými og stofnunum

Á aðalsafni er fallett glerlistaverk eftir Bjarna Snæbjörnsson myndlistarmann en hann gaf safninu verkið stuttu eftir opnun þess í nýju húsnæði að Hamraborg 6a árið 2002.

Í fundarherberginu Holti eru fjögur falleg verk án titils eftir Valgerði Briem úr myndaröðinni Landlit. Myndaröðin eru abstrakt teikningar sem unnar eru með blandaðri tækni og virðast tjá margbreytileika náttúrunnar. Valgerður skapar sterka dýptartilfinningu í verkunum og er líkt og horft sé niður í hraunbreiðu, á innviði gróðurs eða yfir bergmyndanir landsins.

SAMSKIPTI

Kynningarmál

Kynningarmál hafa verið í góðum farvegi undanfarin ár og samvinna við önnur menningarhús í Kópavogi hefur aukist jafnt og þétt. Sú samvinna hefur gengið vel og er safninu til bóta. Kynningarmálin snúast að mestu um viðburði, þjónustu og safnefni safnsins.

Reglulega yfir árið kynnir starfsfólk starfsemi safnsins fyrir hópa og einstaklinga.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum er lögð áhersla á kynningu stakra og fastra viðburða, auk þess sem ýmis fróðleikur og skemmtun er sett inn. Safnið er með virka Facebook-síðu, Instagram-aðgang og aðgang á TikTok sem allir hafa gengið mjög vel á árinu. Fær efni sem ratar inn á samfélagsmiðla jafnan mikil viðbrögð, sérstaklega á Facebook og ljóst að gestir safnsins kunna vel að meta það efni sem þar er deilt og mikil væntumþykja í garð starfsfólks skín í gegn.

Fjölmiðlar

Bókasafn Kópavogs hefur lagt áherslu á að senda inn fréttailkynningar í þá Kópavogsmiðla sem út koma hverju sinni og fréttabréf með því sem er að gerast á safninu er sent út á póstlista hálfsmánaðarlega. Fréttir af starfinu birtast á heimasíðu safnsins og samfélagsmiðlum eftir því sem við á. Markaðs- og kynningarstjóri Kópavogsbæjar heldur að mestu utan um önnur fjölmiðlatengsl.

SAMSTARF

Samstarfssöfn Bókasafns Kópavogs eru Bókasafn Garðabæjar og Bókasafn Hafnarfjarðar og gildir eitt lánþegaskírteini á öllum þremur söfnum. Hægt er að skila safngögnum á Bókasafn Kópavogs og á samstarfssöfnin Bókasafn Hafnarfjarðar og Bókasafn Garðabæjar. Samstarf við önnur almenningubókasöfn á höfuðborgarsvæðinu er enn um eitt lánþegaskírteini sem gildir á öllum almenningubókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu.

Bókasafn Kópavogs hefur verið í miklu og nánu samstarfi við skólabókasöfnin í Kópavogi í mörg ár og bauð safnið m.a. öllum safnstjórum skólabókasafnanna í heimsókn og spjall tvisvar sinnum á árinu.

Samstarf hélst áfram á árinu við almenningubókasafnið í Hassleholm í Svíþjóð og almenningubókasafnið í Haapsalu í Eistlandi. Var það í tengslum við Nordplus styrk sem söfnin fengu árið 2024 til að vinna sameiginlega að fjölmennningarverkefni og heimsækja hvert annað og læra hvert af öðru. M.a. fór starfsfólk Bókasafns Kópavogs til Haapsalu í tengslum við verkefnið líkt og sagt var frá að ofan.

VIÐBURÐIR

Fjölmargir viðburðir eru orðnir fastir liðir í starfsemi bókasafnsins og eru vel sóttir af gestum safnsins á öllum aldri.

Bókamarkaður hefur verið fastur liður í starfsemi safnsins í mörg ár og er á aðalsafni fyrstu heilu vikuna í hverjum mánuði. Þar er fjölbreytt efni til sölu á lágu verði og er þar ýmist að finna bækur, tímarit, mynddiska og geisladiska.

„Blásum lífi í þjóðsögurnar“ var fjölbreytt viðburðaröð sem var styrkt af Barnamenningarsjóði með það að markmiði að kynna íslenskar þjóðsögur fyrir börnum.

Ragnheiður Gröndal hélt þrettándatónleika fyrir börn þar sem hún söng lög sem byggja á íslensku þjóðsögunum, svo sem lög um jólaköttinn, Grýlu, jólasveinana og tröllabörnin, sem og lög um álfa, huldufólk, tröll o.fl.

Sögufélag Kópavogs

Myndgreining og heimildamyndasýningar á vegum Sögufélags Kópavogs voru haldnir hálfsmánaðarlega, á víxl, í Tilraunastofu á bókasafninu, samtals 11 skipti.

Bókamenntaklúbburinn Hananú

Bókmenntaklúbburinn Hananú er elsti starfrækti klúbbur safnsins. Hann er opinn öllum og hittast meðlimir klúbbsins hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann. Umsjón með honum hafa Eyrún Ósk Jónsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, og Bjarni Ólafsson cand.mag., formaður klúbbsins. Hananú fær reglulega til sín rithöfunda í heimsókn sem jafnan vekja mikla lukku. Á árinu heimsóttu klúbbinn höfundarnir Guðrún Eva Mínervudóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Þórdís Helgadóttir.

Haltu mér – slepptu mér

Haltu mér – slepptu mér er fyrirlestraröð fyrir foreldra ungmenna á aldrinum 12-18 ára um ýmis málefni sem tengjast þroska og uppeldi unglinga með áherslu á áskoranir í nútímasamfélagi. Erindaröðin hlaut styrk úr Bókasafnssjóði í maí 2024 og hóf göngu sína í september sama ár. Fyrirlestrarnir voru í boði mánaðarlega, á þriðjudagskvöldum. Á vorönn 2025 hélt dr. Erla Björnsdóttir erindi um svefn ungmenna, Sigríður Ólafsdóttir fjallaði um PISA, lesskilning og lestur ungmenna, Edda Sigurðardóttir frá Samtökunum 78 var með erindi um hinseginleikann, Kristján Ómar Björnsson og Patrekur Gunnlaugsson, kennarar í grunnskólanum NÚ ræddu um tölvuleiki og tölvuleikjanotkun og að lokum kom Margrét Valdimarsdóttir, dósent í afbrotufræði og hélt fyrirlestur um ofbeldi og vopnaþingun ungs fólks. Afskaplega góð og gagnleg erindi.

Hannyrðaklúbburinn Kaðlín

Hannyrðaklúbburinn Kaðlín er starfræktur vikulega allt árið um kring og er opinn öllum. Klúbburinn fær reglulega til sín góða gesti með fræðslu um þrjón og aðrar hannyrðir og er almennt mikil ánægja með kynningarnar.

Hannyrðahópurinn Garn og gaman

Klúbburinn er starfræktur vikulega allt árið um kring og er opinn öllum.

Bróderíklúbburinn

Farið var af stað með Bróderíklúbb á Lindasafni fyrir fólk með áhuga eða reynslu af bróderíi. Klúbburinn hittist vikulega. Stóð klúbburinn einnig fyrir sérviðburðum en í mars kom Katrín Jóhannesdóttir, textílkennari við Hússtjórnarskólann í Reykjavík með erindi um útsaum og í september leiddi Elínbjört Jónsdóttir gesti um fegurð og fjölbreytileika þjóðbúningaútsaums.

Bókaklúbburinn Lesið á milli línanna

Síðan á vetrardögum árið 2019 hefur bókaklúbburinn Lesið á milli línanna hist mánaðarlega á aðalsafni. Klúbburinn er ætlaður öllum hressum konum sem vilja hittast, lesa á milli línanna og spjalla um yndislestur á léttu nóttunum. Klúbburinn hittist fyrsta fimmtudag í mánuði yfir vetrartímann.



Bækurnar á náttborðinu

Í febrúar fór af stað lesklúbburinn Bækurnar á náttborðinu á Lindasafni. Markmið klúbbsins var að hittast einu sinni í mánuði og spjalla á léttu nóttunum um bækurnar sem þátttakendur eru að lesa. Á haustönn var þema klúbbsins breytt og prófað að velja eina bók til að ræða um. Klúbburinn hittist sex sinnum yfir árið og áætlað er að hann haldi áfram árið 2026.

Lesið fyrir hunda

Lesið fyrir hunda er einn vinsælasti viðburður bókasafnsins og hefur verið fastur liður í viðburðadagskrá aðalsafns í mörg ár. Verkefnið var áfram unnið í samstarfi við samtökin Vigdís, vini gæludýra á Íslandi. Fullbókað var í lestrarstundirnar á árinu en viðburðirnir voru níu talsins og komust sex börn að í hvert skipti.

Stólajóga

Stólajóga með jógakennaranum Kristínu Harðardóttur var haldið vikulega á mánudögum í janúar til mars.

Aðdáendaklúbbur Jane Austen

Aðdáendaklúbbur Jane Austen var stofnaður með pompi og prakt í janúar. Metmæting var á þennan stofnfund og greinilegt að Jane Austen á sér mikinn fjölda dyggra lesenda. Haldnir voru fjórir viðburðir samtals á árinu og sá seinasti á fæðingardeggi Jane Austen í desember þegar 250 ár voru liðin frá fæðingardeggi hennar.

Nýtnivika

Bókasafnið stóð fyrir nýtniviku dagana 25. janúar – 1. febrúar. Boðið var upp á fataskiptimarkað þá vikuna. Á laugardeginum komu sjálfboðaliðar frá Hringrásarsetri Íslands og voru með reddingakaffi, á þriðjudegi hélt Sigríður Tryggvadóttir fyrirlestur um fatanýtingu og tók fyrir sjálfbærni, hægtísku og endurnýtingu á fatnaði. Á fimfundeg degi var svo boðið upp á tvö erindi, en Guðrún Sigurgeirsdóttir fjallaði um matarnýtingu og á eftir henni hélt Lís Z. Valdimarsdóttir erindið „Viltu einfalda lífið með KonMari aðferðinni?“.

Hæglætisvika

Bókasafnið efndi til hæglætisviku um miðjan mars þar sem hugmyndafræði hæglætis var gert hátt undir höfði. Þóra Jónsdóttir, formaður Hæglætis-hreyfingarinnar á Íslandi, kynnti hugmyndafræði hreyfingarinnar um ávinning hæglætis fyrir samfélagið. Sigurlaug Guðmundsdóttir bauð upp á nærandi Qigong, Dóra Svavarsdóttir matreiðslu-meistari, kennari og formaður Slow Food Reykjavík hélt fræðandi og áhugaverðan fyrirlestur um Slow Food hreyfinguna á Íslandi, Hera Sigurðardóttir kenndi Macramé hnýtingar og boðið var upp á jóga nidra fyrir unglinga.

Geðræktarvika

Dagana 22.-29. september var haldin geðræktarvika til að vekja athygli á og styðja við gulan september. Boðið var upp á fjölda erinda. Jógakennarinn Kristín Harðardóttir bauð upp á létt stólajóga, Lilja Ósk Úlfarsdóttir var með erindi um geðrækt fyrir unglinga og foreldra þeirra, Kristín Berta Sigurðardóttir fór yfir það hvernig hægt er, með einföldum hætti að bæta heilsu sína bæði andlega og líkamlega, þar sem það helst allt í hendur, Gleðismiðjan bauð í hláturjóga og Fríða Rún Þórðardóttir næringarfræðingur fjallaði um næringu og áhrif á andlega líðan. Seinasta erindið var svo þegar Dr. Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og svefnsérfræðingur var með fræðslu um svefn og svefnráð.

Bókasafnið gegn upplýsingaóreiðu

Á haustmánuðum, nánar tiltekið 1. október hófst erindaröðin Bókasafnið gegn upplýsingaóreiðu. Fyrsta erindið bar titilinn „Hvað er málið með þessar kökur?“. Skúli Bragi Geirdal fjölmiðlafræðingur og verkefnastjóri hjá fjölmiðlanefnd var með skemmtilegt og fræðandi erindi um hvað það er sem við erum að samþykkja þegar við samþykkjum allar vefkökur. Boðið var upp á kökur að maula

meðan hlustað var á erindið. 15. október var Stefán Atli Rúnarsson viðskiptafræðingur með námskeið um ChatGPT. Síðar í sama mánuði var Patrekkur Gunnlaugsson, yfirþjálfari rafíþrótta hjá Fylki með opið spjall um tölvuleiki fyrir ungmenni og foreldra. Tryggvi Freyr Elínarson hélt erindi um algóritmann og af hverju við sjáum bara það sem við viljum sjá og lendum í bergmálshelli. Seinasta erindi ársins var þegar tölvunarfræðingurinn og heiðarlegi hakkarinn Gyða Bjarkadóttir var með erindið „Trúir þú öllu sem þú sérð á netinu?“. Erindaröðin heldur áfram 2026 með þremur erindum, upplýsingabás og námskeiði.

Sögustundir

Sögustundir fyrir yngri börnin hafa í áraraddir verið fastur liður yfir vetrarmánuðina bæði á aðalsafni og Lindasafni. Um er að ræða sögustundir fyrir leikskólahópa og dægradvöl sem eru á dagskrá fyrir hluta dags. Ein sögustund er á aðalsafni og tvær á Lindasafni, ein fyrir leikskólahópa og ein fyrir frístund. Á aðalsafni var árið 2025 lögð sérstök áhersla á að kynna þjóðsögur fyrir börnunum og var því lesin ein þjóðsaga og svo önnur bók til.

Þá voru haldnar þrjár sögustundir á erlendum tungumálum. Ein á spænsku á venesúelsku menningarháttíðinni Sól í sinni og tvær á ukráínsku, sú fyrri á jólahátíð Úkraínnumanna og sú síðari á laugardegi í barnadeild á aðventunni.

Byrjað var á haustmánuðum að þjóða upp á opnar skynjunarsögustundir einu sinni í mánuði. Eyrún Ósk verkefnastjóri fræðslu og viðburða, einnig leikari og rithöfundur, og Gréta Björg deildarstjóri barnadeildar lásu sögur fyrir börnin þar sem þær lögðu áherslu á skynjun með hljóðum, leikmunum og leikrænum tilburðum. Voru þessar sögustundir afar vinsælar og mæltust vel fyrir.

Opni leikskólinn Memmm

Opinn leikskóli Memmm býður foreldrum/forsjár- aðilum og ungum börnum þeirra fjölskylduvæna aðstöðu til þess að leika og hitta aðrar fjölskyldur. Viðburðirnir hófu göngu sína í september og eru haldnir vikulega.

Tala og spila

Tala og spila var samstarfsverkefni GETA og Bókasafns Kópavogs. Verkefnið snerist um að hjálpa fólki af erlendum uppruna að æfa sig í að tala íslensku í gegnum spil og leiki. Ráðnir voru

Íslenskukennarar sem héldu utan um kennsluna og sjálfboðaliðar frá GETA komu og aðstoðuðu einnig. Viðburðurinn var haldinn hvern laugardag, 11 sinnum á vorönn og 10 sinnum á haustönn. Sú breyting varð á haustmánuðum að fjölskyldur voru sérstaklega hvattar til að koma.

Flóra mannlífs

Á haustdögum vorum við með erindaröðina Flóra mannlífs, sem var styrkt af Bókasafnasjóði. Þetta voru fyrirlestrar um ólíka menningu. Erindaröðin kláraðist á vormánuðum 2025 með erindunum Saga mín þar sem Sigríður Láretta Jónsdóttir ræddi við feðga frá Venesúela um ferðalag þeirra sem flóttamenn og svo kom Satu Ramö, finnskur rithöfundur sem er búsett á Ísafirði og skrifar metsölubækur sem gerast á Íslandi, og fjallaði um það að vera rithöfundur af erlendu bergi brotinn á Íslandi.

Heimstónlist á bókasafninu

Einnig styrkt af Bókasafnasjóði var tónleikaröðin Heimstónlist á bókasafninu. Tvennir tónleikar höfðu þegar farið fram 2024. Á löngum fimmtudegi í febrúar kom Andrés Ramón og tók gestir í ferðalag um Suður-Ameríku þegar hann spilaði á mismunandi strengjahljóðfæri, svo sem cuatro og charango og söng með. Á safnanótt spilaði Chris Foster ensk þjóðlög, en hann telst til brautryðjenda á sviði enskrar þjóðlagatónlistar þar sem hann setur gömul ensk þjóðlög í nútímalegan búning með sérstæðum, frumlegum gítarleik og hrifandi söngtúlkun. Á marokkóskri hátíð í apríl var svo marokkóskur plötusnúður sem þeytti skífum og hélt uppi stuðinu.

Menningarhátíðir

Haldnar voru tvær menningarhátíðir undir merkjum fjölmenningsverkefnisins. Í mars var haldin vestur-afrísk matar- og menningarhátíð í samstarfi við GETU hjálparsamtök og sjálfboðaliða frá nokkrum löndum Vestur-Afríku sem búsettir eru hér á landi. Boðið var upp á matarsmakk, fánasmiðju, adinkra smiðju þar sem stimpluð eru afrísk tákni á poka eða föt, sögustund og að lokum var Dans Afríka með dans- og trommusmiðju. Í apríl var svo marokkósk matar- og menningarhátíð, þar sem boðið var upp á upp á henna tattoo, kennslu í arabísku lettri, marokkóskar kökur og te, tónlist og sögustund á arabísku. Henna tattooin slógu í gegn og komust færri að en vildu.

Spilaklúbbur 13-17 ára

Prófað var að fara af stað með spilaklúbb fyrir unglunga sem hittist vikulega í ungmennadeild aðalsafns. Þátttaka var dræm og var klúbburinn sleginn af.

Leiksýningar í barnadeild

Nokkrar leiksýningar voru haldnar í barnadeildinni og voru afskaplega vel sóttar. Á sumardaginn fyrsta voru Ellen Margrét Bæhrenz og Arnmundur Ernst Backman með leiksýninguna Ef ég væri grágæs. Í maí sýndi Listahópurinn Kvistur þátttökusýninguna Töfraloftbelgurinn.

Skiptimarkaðir

Sumarið 2025 stóð Garðyrkjufélag Íslands fyrir plöntuskiptadegi og í framhaldi af því bauð safnið upp á plöntuskiptamarkað á aðalsafni þar sem gestir fengu tækifæri til að koma með plöntur og taka aðrar með heim í staðinn. Markaðurinn mæltist vel fyrir og fáar plöntur stöldruðu lengi við áður en þær fengu nýja eigendur. Sami skiptimarkaður var svo haldinn aftur í september.

Í tengslum við öskudag og hrekkjavökuna var haldinn búningaskiptimarkaður. Þar gátu gestir komið með gamla búninga og fengið aðra í staðinn.

Á adventunni var á aðalsafni skiptimarkaður jólasveinsins þar sem jólasveinar gátu skilið eftir notað dót og tekið annað í staðinn. Heppnaðist skiptamarkaðurinn mjög vel og var mikið notaður.

Við skólabyrjun í ágúst var skiptimarkaður fyrir útiföt og skóladót og í desember var einnig uppi skiptimarkaður fyrir spariföt.



Get together

Get together eru opin hús fyrir hælisleitendur og flóttafólk og eru það GETA hjálparsamtök sem sjá um þá viðburði. Þeir eru vikulega á föstudagsmorgnum og hafa mælst vel og verið vel sóttir. Stundirnar eru sérstaklega miðaðar að fólki með börn á leikskólaaldri sem ekki eru komin með pláss á leikskólum. Boðið hefur verið upp á einhvers konar föndurstund eða skapandi smíðju sem börn og fullorðnir gátu unnið saman. Farið var af stað með viðburðina á haustmánuðum 2024 og vildi svo vel til að margir góðir styrktaraðilar hafa komið að verkefninu, en á árinu hafa Nordplus, Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar og Vinnumálastofnun veitt fjármagn og gert okkur kleift að bjóða áfram upp á viðburðina. Get together var haldið 49 sinnum yfir árið.

Matjurtagarðurinn

Yfir vor- og sumarmánuðina dafnar matjurtagarður safnsins við Lindasafn. Ræktaðar eru fjölbreyttar tegundir grænmetis og uppskeran nýtt í tengslum við fræðslu og viðburði fyrir gesti safnsins á haustmánuðum.



Hádegisdjass

Samstarf við FÍH hélt áfram á árinu og er viðburðaröðin búin að festa sig í sessi og nýtur vaxandi vinsælda. Alls voru haldnir átta viðburðir á árinu, bæði á vorönn og haustönn, með ýmsum skemmtilegum þemum, svo sem sumarþema og jólaþema.

Rósa og Rauða serían á Valentínusardag

Rómantíkin sveif yfir vötnum á Valentínusardaginn 14. febrúar. Þá heimsótti safnið Rósa Vestfjörð Guðmundsdóttir, goðsögn í ástarsögum og bókaútgáfu, en hún gaf út Rauðu seríuna í 38 ár. Rósa spjallaði um tilurð bókanna og las upp úr þeim ásamt því að gefa bækur.

Birgittuþing

Haldið var veglegt málþing til heiðurs Birgittu H. Halldórsdóttur rithöfundu. Ævar Örn ræddi við Birgittu og hún las úr verkum sínum. Auk þess komu fram Elva Rún Pétursdóttir bókmenntafræðingur, Ævar Örn Jósefsson, foringi Hins íslenska glæpafélags og Árni Matthíasson, tónlistar- og bókmenntagagnrýnandi, lestrarhestur og sérlegur áhugamaður um allt sem er öðruvísi.

Aðstoð við skattframtal

Margrét V Friðbjófsdóttir, viðurkenndur bókari og Soumia L. Georgsdóttir, viðskiptafræðingur buðu upp á aðstoð við að gera skattframtal fyrir einstaklinga, fólki að kostnaðarlausu.

Sjávarföll rithöfundaheimsókn

Emil B. Karlsson heimsótti safnið og sagði frá bók sinni Sjávarföll. Í Sjávarföllum ritar Emil sögu fjölskyldu sinnar. Þar kemur við sögu arfgeng heilablæðing sem felldi marga einstaklinga – allt fólk í blóma lífsins. Hann lýsir á áhrifaríkan hátt þessu ættarmeini og hvaða áhrif það hafði á fimm ættliði fjölskyldu hans, frá upplausn fjölskyldna og afleiðingum sem ættarmeinið olli.

Konukvöld

Á löngum fimmtudegi í maí var haldið konukvöld bókasafnsins. Blush var á staðnum með bás, Íris Ann hélt erindi um tarot lestur, Símon Jón Jóhannsson um draumráðningar og í lokin var stórskemmtilegt happdrætti blandað við glens með Evu Ruzu og Írisi Másdóttur. Konukvöldið var vel sótt og mikil stemning.



Erindaröð um garðyrkju

Steinn Kára kom tvisvar á vordögum á bæði söfnin og hélt sívinsælu erindin sín um vorverkin í garðinum og íslenskar lækningajurtir.

Rabbað um erfðamál

Í apríl hélt Elísabet Pétursdóttir lögfræðingur erindi um erfðamál. Það var húsfyllir og spurðu gestir margra spurninga.

Alþjóðlegi dagur jóga

Á alþjóðlegum degi jóga í júní kom Indverska sendiráðið til okkar og boðið var upp á jóga fyrir gesti og gangandi.

Draugasögustund fyrir börn

Í aðdraganda hrekkjavöku var boðið upp á draugasögustund fyrir börn. Eyrún Ósk Jónsdóttir las draugasögur úr íslensku þjóðsögnum og var með smá fræðslu um hvernig hægt er að sigrast á íslensku draugnum samkvæmt þjóðtrúnni.

Vika einmanaleikans

Vika einmanaleikans er vitundarvakning Kvenfélaga-sambands Íslands gegn einsemd og einmanaleika. Félag kvenna í Kópavogi og Bókasafn Kópavogs tóku höndum saman í viku einmanaleikans og buðu upp á fræðslu, skemmtun og spjall. Kristín Linda Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Huglind var með erindi um mikilvægi félagslegrar heilsu og bjargráð gegn einsemd og tengslaleyfi. Eyrún Ósk Jónsdóttir, verkefnastjóri á Bókasafni Kópavogs fór stuttlega yfir samfélagið á bókasafninu. Að lokum var boðið upp á tónlistaratríði með Chris Foster.

Kvennakrafur í Kópavogi

Fimmtudaginn 23. október var haldið málþingið Kvennakraftur í Kópavogi á aðalsafni. Málþingið var partur af verkefninu Læsi á stöðu og baráttu kvenna sem er samstarfsverkefni almenningsbókasafna á Íslandi í tilefni af Kvennaári 2025. Málþingið var haldið til heiðurs þremur öflugum konum sem störfuðu og/eða bjuggu í Kópavogi, þeim Huldu Dóru Jakobsdóttur, Gerði Helgadóttur og Ástu Sigurðardóttur. Fram komu Arndís Þórarinsdóttir sem fundarstjóri, Elín Smáradóttir, Hanna Styrmsdóttir og Hulda Dóra Styrmsdóttir, dótturdætur Huldu, Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns og Vera Sölvadóttir, kvikmyndagerðarkona og leikstjóri.

Ævintýra afmælisveisla

Nokkrar sögupersónur, barnabókahöfundar og barnabókamyndhöfundar áttu stórafmæli árið 2025 og haldið var upp á það með ævintýra afmælisveislu á bókasafninu. Ilon Wikland sem myndskreytti Lottubækurnar, Ólátagarð, Ronju ræningjadóttur og fleiri bækur varð 95 ára. Þá voru 90 ár frá fæðingu Guðrúnar Helgadóttur, sem skrifaði meðal annars perlurnar um Jón Odd og Jón Bjarna, þrileikinn Sitji guðs englar, Ástarsögu úr fjöllumum og margar fleiri. Úr ævintýraheimum áttu Lína langsokkur og Múminálfarnir 80 ára afmæli. Afmælið var afar vel sótt en að sjálfsgöðu var boðið upp á afmælisveislu. Einnig var skynjunarsögustund í Djúpinu, ævintýratónleikar með Ragnheiði Gröndal, smíðjur og þrautabraut Línu Langsokks.



AÐVENTAN

Mikið var um að vera á aðventunni.

Í fyrstu ber að nefna stóra jólabókasþjallið sem Guðrún Sóley stýrði að vanda. Rithöfundarnir Einar Kárason, Eliza Reid og Fríða Ísberg ræddu um bækur sínar. Við buðum upp á hvítt og rautt og konfekt. Húsið fylltist og voru allir sammála um að kvíðið hefði verið einstaklega vel heppnað. Einnig var prófað að halda jólabókasþjall fyrir höfunda unglingsbóka. Þá komu fram Arndís Þórarinsdóttir og Brynhildur Þórarinsdóttir. Helga Birgisdóttir stýrði viðburðinum.

Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir, þjóðfræðingar á Ströndum, komu í hádeginu þann 9. desember og rifjuðu upp næstum því gleymdar sögur um íslensku jólafólin. Erasmus+ hélt aðventukaffi á aðalsafni. Ein fjölskyldustundin var tileinkuð jólum þegar fönndraðar voru jólastjörnur á Lindasafni. Boðið var upp á alls konar jólakósí fyrir börn vikuna fyrir jól. Felix Bergsson las upp úr bókinni sinni Drottningin af Galapagos, Bragi Árnason var með jólasögu- og söngstund, Eyrún varm eð jólasögustund í Djúpinu og föndursmiðjur og jólaratleikur var í boði í barnadeild.

Tónlistarskólinn hélt sína árlegu adventutónleika fjóra miðvikudaga á aðventunni. Nemandur héldu litla jólatónleika á 1. hæð, og fengu svo smákökur og djús að lokum.

Lindasafn og MEKÓ stóðu fyrir viðburði í Lindaskógi 20. desember, en Lindaskógur er lítið skógarljóður fyrir ofan bókasafnið og Lindaskóla. Þangað mættu Langleggur og Skjóða úr Leikhópnum Lottu og fluttu jólasögu fyrir gesti og í lokin voru sungin jólalög. Aðsókn fór fram úr björtustu vonum og vakti mikla gleði gesta, jafnt yngri sem eldri, og var liður í að færa menningu og viðburði út í nærsamfélagið, ásamt því að nýta falleg og gróin svæði bæjarins.

Ráðstefna um bókasafnið í fjölmenningslegu samfélagi

Ráðstefnan fór fram í Salnum 11. september og var hugsuð fyrir starfsfólk bókasafna, öll þau sem starfa með innflytjendum, flóttafólki og hælisleitendum og öll önnur sem hafa áhuga á fjölmenningu.

Á vordögum 2024 hlaut Bókasafn Kópavogs styrk frá Bókasafnasjóði fyrir fjölmenningslegri viðburðaröð og styrk frá Nordplus fyrir þróunar- og samstarfsverkefni milli Bókasafns Kópavogs, Hässeholm City Library í Svíþjóð og Central Library of Lääne County í Eistlandi til að bæta þjónustu við innflytjendur.

Verkefnið sneri að því að koma betur til móts við allan þann fjölbreytta hóp fólks sem heimsækir bókasöfn og þar með virkja innflytjendur betur til þátttöku í „bókasafnssamfélaginu“.

Á ráðstefnunni var fjallað um niðurstöður verkefnisins, hvað þátttakendur lærðu og hvaða hugmyndir fæddust. Einnig var farið yfir hvernig bókasöfn geta bætt þjónustu sína við fólk af ólíkum menningaruppruna.

Ráðstefnan var vel sótt og heppnaðist afar vel.

Aðrir viðburðir

Aðrir viðburðir á árinu voru þó nokkrir og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan.

Erindi Þórunnar miðils, friðarsmiðjan 1.000 trönur fyrir friði, ljóðagjöfningur Antons Helga og Kristínar, fyrirlestur Emblu Bachman fyrir unglunga og sameiginlegt útgáfuhóf Bergrúnar Írisar, Emblu Bachman, Elísbetar Thoroddsen og Tinds Lilju.



SAMEIGINLEG DAGSKRÁ MENNINGARHÚSANNA

Ýmsir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi fóru fram yfir árið. Má þar nefna fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum, Vetrarhátíð og viðburði í tilefni af haust- og vetrarfríi í grunnskólum Kópavogs.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar voru áfram fastur liður á aðalsafni og voru þeir 13 talsins á árinu, haldnir annan hvorn fimmtudag. Viðburðirnir eru hugsaðir fyrir foreldra yngstu barnanna og eru börnin velkomin með á safnið.

Ólafur Ingi Grettisson hélt fyrsta foreldramorgun ársins þann 16. janúar með afar vinsælu og fjölmennu erindi um skyndihjálp. Var foreldramorgunin færður yfir í fordyri Salarins vegna mikillar aðsóknar. Steinunn Zophoníasdóttir var með fræðslu og spjall um getnaðarvarnir eftir fæðingu, Eyrún Ósk Jónsdóttir og Axel Ingi Árnason héldu sögu- og söngvástund og Pláneta bauð börnum og foreldrum í skynjunarleik og komust þá færri að en vildu. Ingibjörg Pálmadóttir lestrarfræðingur og kennsluráðgjafi grunnskóladeildar fjallaði um lestur og áhrif hans á þroska barna, Ebba Guðný Guðmundsdóttir fræddi foreldra um holla og næringarríka fæðu fyrir yngstu börnin, Helga Maggý og Erla Sif, klínískir atferlisfræðingar voru með erindi um áhrifaríkar uppeldisaðferðir og Hulda Margrét Birkisdóttir ræddi við foreldra um það hvað hægt er að gera í nærumhverfinu sem er frítt og einfalt fyrir fjölskyldur. Á haustönn voru Eyrún Ósk og Gréta Björg með skynjunar-sögustund og var Ólafur Ingi fenginn aftur til að vera með skyndihjálp. Kristín Flygenring var með fræðslu um svefn ungra barna og Pláneta kom svo aftur með skynjunarleikinn vinsæla. Auka foreldramorgunn var í samstarfi við Tónlistarskóla Kópavogs og hélt þá Chrissie Telma Guðmundsdóttir Krílafjör tónlistartíma. Seinasti foreldramorgunn ársins var nærandi nærvera með þeim Krístrúnu Kristjánsdóttur og Söru Gabriélu.

Fjölskyldustundir

Í Fjölskyldustundum á aðalsafni og Lindasafni var boðið upp á smíðjur af ýmsu tagi. Í febrúar var boðið upp á skutlugerð með ÞYKJÓ á Lindasafni. Sigrún Úa var með smíðjuna Vorblóm á vorjafndægum í mars og í september var metfjöldi á aðalsafni þegar smíðja var haldin í tengslum við Vöku Þjóðlistahátíð þar sem m.a. var kennt á



langspil og krosssaum. Í október hélt Bergrún Íris teiknismiðjuna Glæðum sögurnar lífi og síðar í október var Sigrún Úa með Mexíkósmíðu þar sem búnir voru til vefnaðarskúlptúrar sem kenndir eru við Ojos de Dios. Í byrjun nóvember komu Sigga Eyrún og Kalli Olgeirs og viku síðar var Sigrún Úa með óróasmíðu á Lindasafni. Um miðjan nóvember voru búnir til friðarljós í luktasmíðu á aðalsafni og seinasta fjölskyldustund ársins var jólasmiðja um miðjan desember á Lindasafni þar sem búnar voru til jólastjörnur.

Menning á miðvikudögum

Leslyndi hélt áfram á árinu og er enn með vinsælustu og best sóttu viðburðum bókasafnsins.

Dagar ljóðsins og Ljóðstafur Jóns úr Vör

Dagar ljóðsins voru haldnir hátíðlegir dagana 21.–25. janúar, en 21. janúar er fæðingardagur Jóns úr Vör, fyrsta bæjarbókavardar Kópavogs. Árlega afhendir menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar ljóðaverðlaunin Ljóðstaf Jóns úr Vör á þeim degi.

Ýmsir viðburðir voru haldnir á Bókasafninu í tengslum við daga ljóðsins. Til að mynda var Ljóðaandrymi í Beckmannsstofu. Ljóðskáldin Ásdís Óladóttir, Valdimar Tómasson, Sunna Dís Másdóttir og Sigurbjörg Þrastardóttir lásu ljóð inn á upptöku og var upptakan spiluð í rýminu undir hugleiðslutónlist. Á skjánum var arineldur og var herbergið skreytt með ljósaseríum. Þá var haldinn ljóðaupplestur þar sem nokkur skáld stigu á stökk og lásu úr bókum sínum. Það voru skáldin Guðrún Hannesdóttir, Halla Þórðardóttir, Jón Hjartarson og Linda Vilhjálmsdóttir. Tónlistarkonan Margrét Eir kom jafnframt fram á notalegri söngstund á Bókasafni Kópavogs og flutti skemmtileg lög og ljóð úr öllum áttum í tilefni af Dögum ljóðsins. Með henni lék Ingvar Alfredsson á píanó.

Ljóðin úr ljóðasamkeppni grunnskóla voru hengd upp í barnadeild og ljóðabókum var stillt fram.

Vetrarhátíð

Á safnanótt bauð safnið m.a. upp á Kópavogs-karóki þar sem fjölskyldur gátu komið saman að syngja og á staðnum var poppvél, myndakassi og diskóljós. Þá kom Þorvaldur Davíð Kristjánsson og las upp úr bók sinni Sokkalabbarnir, Gunni Helga las upp úr sínum bókum og fékk aðstoð barna við að finna nafn á bókina sem hann var að skrifa og Chris Foster spilaði seiðandi ensk þjóðlög. Eva Rún Snorradóttir og Halla Þórlaug Óskarsdóttir lásu upp úr eigin verkum og fjölluðu um einhverjar af sínum eftirlætisbókmenntum. Tvær smíðjur voru einnig í boði; Ahmed Fuseini bauð upp á Adinkra smíðju og börnum var boðið að fönðra grímur.

17. júní

17. júní var haldinn hátíðlegur og ýmis atriði á vegum bæði Kópavogsbæjar og Menningarhúsanna voru í boði á útisvæði.

Haustkarnival

Haustkarnival var haldið þann 13. september undir yfirskriftinni Komdu í Kópavog. Vegleg dagskrá með smíðjum, uppákomum og lifandi tónlist frá Skólahljómsveit Kópavogs svo eitthvað sé nefnt.

Vaka þjóðlistahátíð

Þrír viðburðir voru á bókasafninu í tengslum við Vöku þjóðlistahátíð sem haldin var dagana 15.-20. september. Á miðvikudegi var Andrés Ramón með hádegistónleika þar sem hann bauð í tónlistarreiðu um Suður-Ameríku þegar hann flutti þjóðlög frá m.a. Kólumbíu, Venezuela, Brasilíu, Bólívíu, Chile og Argentínu. Á föstudegi var haldið útgáfuhófi Danslaga Jónasar þar sem boðið var upp á lifandi tónlist, bókasölu, áritun bóka og léttar veitingar. Á laugardegi var fjölmennasta fjölskyldustund ársins þar sem boðið var í fjölbreyttar vinnustofur í þjóðlistum fyrir alla fjölskylduna – þjóðlög, dans, handverk o.fl.

Haust- og vetrarfrí

Vetrarfrí grunnskólanna í Kópavogi var dagana 24. og 25. febrúar. Bókasafnið bauð upp á smíðjur báða dagana, þann fyrri korta- og kórónusmíðju og grímusmíðju seinni daginn. Fyrir ungmenni voru





Spilavinir á svæðinu og buðu upp á borðspilafjör. Í haustfríinu 27. og 28. október var krakkabíó og fuglagrímusmiðja sem var haldin bæði á aðalsafni og Lindasafni. Fyrir ungmenni var hægt að mæta í opið spjall um rafíþróttir hjá Patreki Gunnlaugssyni yfirþjálfara rafíþróttar hjá Fylki og FH og prófa tölvuleiki og jafnframt hélt Guðbrandur Magnússon mangateiknismiðju fyrir 12 ára og eldri. Skrímslaratleikur var í barnadeild og búningaskiptimarkaður fyrir hrekkjavökuna. Í samstarfi við Náttúrusafn Kópavogs var svo hægt að búa til skemmtilegar sjálflýsandi kjaftagelgur úr origami og fá um leið fræðslu um lífljómun.

Aðventuhátíð

Seinasta laugardag í nóvember var haldin aðventuhátíð hjá menningarhúsunum í Kópavogi þegar kveikt var á stóra jólatrénu á útisvæðinu. Dagskráin var venju fremur vegleg, en í öllum húsum var að finna stimpilstöðvar sem hannaðar voru af Brumm Brumm. Í barnadeild voru jólalögin æfð með Sigga & Ingibjörgu. GETA hjálparsamtök buðu upp á klippiföndur frá Taivan og úkraínsktt Pavuk jólaföndur. Armbandasmíðja var í ungmennadeild og nemendur Tónlistarskóla Kópavogs stigu á stökk.

Sumar

Árlegt sumarlestaráttak bókasafnsins stóð yfir frá 21. maí til 22. ágúst. Þátttaka var sem áður ókeypis og hugsuð fyrir 5-12 ára börn til að viðhalda þeirri lestrarleikni sem þau tileinka sér í skólanum. Á sérstakri sumarlestrargleði sem haldin var á aðalsafni í tilefni af lestrarátakinu las Ævar Þór Benediktsson rithöfundur úr bókum sínum og hvatti krakkana til að taka þátt í sumarlestrinum. Sumarlesturinn í ár var unninn í nánú samstarfi við MMS og Borgarbókasafnið og var útkoman svaðilföer Lindu landnámshænu,

sem var hönnuð af Blævi Guðmundsdóttur og Evu Rún Þorgeirsdóttur. Þátttakendur skráðu lesturinn og tóku þátt í happaleik með því að fá stimpil fyrir hverjar 15 mínútur af lestri og fylla út happamiða. Dregið var úr happamiðum reglulega og fengu heppnir þátttakendur vinning. Bókasafn Kópavogs lánaði lénið sumarlestur.is fyrir verkefnið og voru birtar lestrarhvatningar og ýmsilegt lestrarhvetjandi efni þar. Árleg uppskeruhátíð var haldin hátíðleg í lok sumars við góðar undirtektir. Gunnar Helgason ræddi við krakkana um lestur og læsi og las upp úr nýjustu bók sinni fyrir börnin og dró úr innsendum happamiðum. Þá var boðið upp á popp og djús. Sumarlesturinn gekk með eindæmum vel en börn í Kópavogi lásu samtals í 1.919 klukkustundir skv. innsendum happamiðum. Því má líkja við að þau hafi lesið samfelld í 80 sólarhringa eða 240 átta klukkustunda vinnudaga.

Sumarlestur unglunga var einnig í gangi. Unglingar skiluðu inn umsögnum um bækur sem þau lásu eða hlustuðu á og áttu möguleika á að vinna gjafabréf frá Nexus. Það gekk afar vel og lásu unglingar samtals 120 bækur í fullri lengd.

Smíðjur voru í boði seinnipart dags alla miðvikudaga á bæði aðalsafni og Lindasafni og var þátttaka gríðarmikil.

Skapandi sumarstörf í Kópavogi voru með tvo viðburði á safninu. Bæði var upplestur og einnig innsetning og myndlist.

Í viku 17 – heimsmarkmiðaviku Sameinuðu þjóðanna – fór bókasafnið af stað með Umhverfisofurhetjuna í samstarfi við Náttúrusafn Kópavogs. Börn gátu leyst fimm umhverfistengd verkefni og að því loknu fengu þau afhent viðurkenningarskjal upp á þau séu umhverfis ofurhetjur. Einnig fengu þau fræ í verðlaun sem þau gátu gróðursett heima.

SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SAFNFRÆÐSLA

Síðustu ár hefur bókasafnið, ásamt Menningarhúsunum í Kópavogi, unnið markvisst að því að auka samstarf við grunnskóla Kópavogs og bókasafnið lagði svo sannarlega sitt af mörkum til að auka áhuga á lestri meðal yngri kynslóðarinnar.

Barnamenningarhátíð

Barnamenningarhátíð var haldin 5.-11. maí.

Sett var upp sýning á álfum sem börn á leikskólunum Marbakka, Kópasteini og Urðarhóli höfðu fönðrað í tengslum við þjóðsöguverkefnið. Þá voru ljóð úr ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs 2025 sett á skjái. Boðið var upp á smíðjur, leikhópurinn Kvistur var með þátttökusýninguna Töfraloftbelginn og Ragnheiður Gröndal hélt tónleika þar sem sungin voru lög sem eiga það sameiginlegt að fjalla ýmist um dýr sem manneskjur elska eða eru heillaðar af – jafnvel út frá sjónarhorni dýranna sjálfra. Silly Suzy og Salla Malla fluttu ævintýrið um Rauðhettu í trúðslegum og bráðskemmtilegum búningi þar sem áhorfendur fá að leika lykilhutverk. Jafnframt buðu börn öðrum börnum í sögustund.

Heimsókn grænlenkra barna

Í september tók safnið á móti skólakrökkum frá Grænlandi sem voru hér á landi til að læra sund. Þau fengu að perla og teikna og spila og leika sér á útsvæðinu. Við buðum þeim upp á veitingar og kynntum fyrir þeim starfsemi menningarhúsanna.

Jólaötturinn

Jólaöttardagskrá Bókasafns Kópavogs og Náttúrusafns Kópavogs var á sínum stað en öllum elstu leikskólabörnunum í leikskólum Kópavogs var boðið að koma og fræðast um jólaöttinn á skemmtilegan og spennandi hátt. Börnin lærðu ýmislegt skemmtilegt um kisu, eins og að þær eru með þrjú augnlok svo þær þurfi ekki að blika eins oft og við mannfólkið, að þær geta skotið út klónum og dregið þær aftur inn og að veiðihárin á kisu eru skynfæri sem virka eins og hreyfiskynjarar. Þá var starfsmaður Náttúrusafns búinn að reikna út raunstærðina á jólaöttinum miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir í þjóðsögunum. Þar segir að jólaötturinn geti gleypt manneskju í einum munnbita og samkvæmt mjög nákvæmum

vísindalegum útreikningum kom í ljós að munnurinn á jólaöttinum þarf að vera tvöfalt stærri en munnurinn á ljóni til að geta gleypt manneskju í einum munnbita. Ef líkami jólaöttarins er stækkaður í samræmi við slíkan munn þá þarf hann að vera sex til átta sinnum stærri en líkami ljóns. Það þýðir að jólaötturinn hlýtur að hafa verið á stærð við risaæðlu. Þetta þóttu börnunum stórmerkileg tíðindi og skemmtu sér konunglega þegar þau veltu fyrir sér hvort jólaötturinn gæti hafa verið risaæðla eða ekki. Krakkarnir hlýddu svo á stórskemmtilega sögu um Jólaöttinn sem starfsmaður bókasafnsins las fyrir þau með tilþrifum og að lokum var dansað í kringum jólatréð og sungið af hjartans lyst. Það voru kátir 302 krakkar sem kvöddu Bókasafnið og Náttúrusafn að dagskrá lokinni. Starfsfólkið var einnig í sannkölluðu jólaskapi eftir að hafa fengið að dansa í kringum jólatréð með yndislegum börnum oft á dag, alla daga desember

Menning fyrir öll

Menningarhúsin sameinast um fræðsluverkefnið Menning fyrir öll. Verkefnið snýr að því að bjóða grunnskólabörnum í heimsókn og fræðslu í leiðinni í menningarhúsunum. Bókasafn Kópavogs hefur núna í nokkur ár tekið á móti nemendum í 4. og 9. bekk allra grunnskóla í Kópavogi. Í heimsóknunum hafa rithöfundar tekið á móti nemendum og kynnt fyrir þeim bækur eða starf sitt og þar með kynt undir áhuga á lestri eða skrifum.

Kristinn Óli Kristinsson tók á móti níunda bekk annað árið í röð og hvatti unglinga til þess að skrifa og nota tungumálið okkar. Ævar Þór Benediktsson tók á móti fjórða bekk og sló líka alveg í gegn

SÝNINGARHALD

Dagar ljóðsins

Á Dögum ljóðsins sem haldnir eru til heiðurs Jóni úr Vör var blásið til sýningar á þeim ljóðum sem bárust í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs. Sýningin kom vel út og vakti mikla lukku. Jóhanna Katla Kristjánsdóttir var hlutskörpust í ljóðasamkeppni grunnskólanna.

Hamraborg Festival

Hamraborg Festival er árleg listahátíð sem haldin er í Kópavogi í lok ágúst mánaðar og voru ýmsir viðburðir á hátíðinni í boði á safninu, m.a. fjórar sýningar á víð og dreif um aðalsafn, smíðja í pappírsgerð fyrir fjölskyldur og sögustundir á ensku, spænsku og pólsku.

HELSTU VERKEFNI 2026

Framtíðarsýn

Bókasafn Kópavogs mun festa sig enn frekar í sessi sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða ímynd í samfélaginu og trausta stöðu. Einnig er mikilvægt að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi eða menningarhúsi í efri byggðum.

Þjónusta

Útlán í sjálfsafgreiðsluvélum verða áfram í brennidepli og áframhaldandi þjónusta í bóka-boxinu í Vallakór.

Áfram vinnum við í nýju bókasafnskerfi, sem sífellt er verið að aðlaga og betrubæta, til að þjónusta við lánþega verði enn betri bæði á safninu og á vef.

Þá höldum við áfram vinnu okkar við sjálfbærni-væðingu og stefnum á að rafræn greiðslugátt safnsins fari inn í íbúagátt Kópavogsbæjar.

Stefnt er að því að taka í gagnið frískáp við aðalsafn með vorinu. Tilgangur hans er að draga úr matarsóun með því að deila umframmat í gegnum ísskáp sem er opinn allan sólarhringinn fyrir bæjarbúa. Með frískápnunum verður meiri meðvitund um matarsóun og um jörðina og umhverfið á sama tíma.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Fastir viðburðir verða á sínum stað og með haustinu er von á ýmsum nýjungum hvað varðar staka viðburði eins og erindaraðir um málefni líðandi stundar og fleira. Áhersla verður áfram á fjölmenningu og fjölmenningslega viðburði, ungmenni, skiptimarkaði og umhverfisvæna dagskrá. Styrkur frá jafnréttis- og mannréttindarráði



Kópavogsbæjar var veittur safninu til að halda áfram með verkefnið Get together á árinu 2025. GETA hjálparamtök halda utan um verkefnið sem er opið hús fyrir flóttafólk og hælisleitendur alla föstudaga kl. 11.00-13.00. Á Lindasafni munu tveir nýir dagskrárliðir hefja göngu sína; hannyrðaklúbbur og lesklúbbur. Hannyrðaklúbburinn verður á dagskrá vikulega en lesklúbburinn mánaðarlega. Lindasafn mun halda áfram með matjurtagarð safnsins og sem fyrr verður uppskeran nýtt til fræðslu og viðburða á haustdögum.

Samstarf bókasafnsins við aðrar menningarstofnanir Kópavogsbæjar mun halda áfram og þar á meðal eru viðburðir sem hafa fest sig rækilega í sessi eins og Menning á miðvikudögum og Fjölskyldustundir á laugardögum. Stefnt er að því að tengja saman viðburði með þeim og jafnframt tengja viðburði við þema á samfélagsmiðlum hverju sinni.

Safnfræðsla í samstarfi við aðrar menningarstofnanir í safnfræðsluröðinni Menning fyrir alla heldur áfram, meðal annars með stefnumóti við rithöfunda fyrir 4. bekk í apríl þar sem árgangurinn mun hitta Ævar Þór Benediktsson. Fræðsla fyrir 9. bekk verður á haustönn og einnig verður 1. bekkjar heimsókn á sínum stað að vori. Að hausti er stefnt að því að bjóða áfram upp á fasta liði á borð við leitina að jólakettinum fyrir leikskólanemendur.

Í byrjun árs verður farið í tilraunaverkefni með félagsmiðstöðum Kópavogs og hinsegin félagsmiðstöð Kópavogs verður boðið að vera með aðstöðu á aðalsafni öll fimmtudagskvöld þegar starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er í gangi. Vonandi mun verkefnið ganga vel og félagsmiðstöðin verði með fasta aðstöðu á safninu til frambúðar.

Húsnæði og búnaður

Strax í byrjun árs 2026 verður farið í miklar framkvæmdir á aðalsafni þegar nýtt gólfefni verður lagt á 2. hæð, aðalhæð safnsins. Má eiga von á lokun safnsins á meðan sú vinna er í gangi. Á vormánuðum verður síðan farið í annað stórt verkefni á aðalsafni þegar lagfæringar á klæðningu utan á húsinu verða gerðar.

Vonast er til þess að hægt verði að flytja úr geymslum safnsins í Fannborg í geymslu Kópavogsbæjar í Austurkór á árinu. Núverandi geymslur eru illa farnar og ekki boðlegar fyrir bókakost safnsins sem þar er.

Keypt verður ný sjálfsafgreiðsluvél á 3. hæð og nýr stærri auglýsingaskjár á 1. hæð á aðalsafni. Vatnsvél og kaffivél með greiðslumöguleika verða keypt fyrir aðalsafni í byrjun árs.

Á Lindasafni verður haldið áfram með vinnu við starfsmannaráými og aðstaða endurskoðuð ásamt afgreiðslu safnsins. Þetta er gert með það að markmiði að hámarka nýtingu og skipulag rýmisins sem safnið deilir með skólabókasafni Lindaskóla.

Unnið verður með grafíska hönnuðinum Arnari Hjartarsyni að nýjum merkingum innahúss og allt kynningar-efni ásamt vefsíðu endurhannað og endurskoðað.

Að lokum má nefna stórt verkefni framundan árinu sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. Janúar 2026. Kópavogsbær stefnir á að opna menningarmiðstöð í Smáralind haustið 2026 og verður menningarmiðstöðin allt í senn lifandi samfélag-, menningar- og fræðslumiðstöð sem styrkir bæjarfélagið, skapar ný tækifæri og eflir samfélagslega samstöðu íbúa.


Markaðs- og kynningarmál

Samfélagsmiðlar og vefsíða safnsins verða áfram notuð í markaðs- og kynningarstarfi og sífellt í auknum mæli. Samstarf milli menningarhúsanna blómstrar í markaðs- og kynningarmálum og er óspart nýtt.

Safnkostur

Gagna- og innkaup og grisjun safnkosts verður í samræmi við aðfangastefnu safnsins og enn meiri áhersla lögð á eftirspurn lánþega. Áhersla verður lögð á að grisja „dauðan“ safnkost og mikilvægi þess að nýta hilluplássið með safnkosti sem er virkur. Farið verður í geymslur og grisjað og tekið til. Fleiri borðspil verða keypt á safnið og skoðað að bæta við enn fleiri tegundum safnkosts.

ÚTLÁN ALLS




LYKILTÖLUR

	Heildarfjöldi viðburða 2023	Heildarfjöldi gesta 2023	Heildarfjöldi viðburða 2024	Heildarfjöldi gesta 2024	Heildarfjöldi viðburða 2025	Heildarfjöldi gesta 2025
Gestafjöldi á Bókasafn Kópavogs		201.582		203.468		220.874
- þar af á Aðalsafn		165.572		167.886		187.764
- þar af á Lindasafn		36.010		35.582		33.110
Viðburðir á Bókasafni Kópavogs	208	11.824	363	15.279	482	18.654
- þar af sérvíðburðir Bókasafns Kópavogs	135	2.947	300	5.331	401	8.245
- þar af viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	73	8.877	93	10.012	81	10.534
Skólaheimsóknir á Bókasafn Kópavogs	202	4.256	290	5.398	267	5.140
- þar af menningarfræðsla MEKÓ	42	780	24	627	45	1.620
- þar af óskipulagðar heimsóknir	77	2.303	169	3.493	94	1.900
- sögustundir	83	1.173	97	1.278	128	1.620
		Fjöldi 2023		Fjöldi 2024		Fjöldi 2025
Útlán		152.110		144.775		156.833
- þar af á Aðalsafni		128.821		121.628		132.970
- þar af á Lindasafni		23.289		23.147		23.711
- þar af í Bókaboxinu						152
Eintök í Gegni		83.158		79.674		78.403
- þar af á Aðalsafni		66.600		63.688		62.419
- þar af á Lindasafni		16.558		15.986		15.984


FJÁRMÁL 2023-2025 OG ÁÆTLUN 2026

	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	2025 í þús. kr.	Áætlun 2026 í þús. kr.
Tekjur				
<i>Rekstrartekjur</i>	-11.204	-13.525	-17.696	-13.672
Gjöld				
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	185.592	187.289	195.290	193.411
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	105.867	111.673	134.475	118.285
REKSTRARNIÐURSTAÐA	280.255	285.437	312.069	298.024

HEILDARFJÖLDI GESTA



HEILDARFJÖLDI VIÐBURÐA





GERÐARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtíma listasafn í Kópavogi. Í Gerðarsafni er boðið upp á fjölbreytt sýningarhald á verkum íslenskra og erlendra samtímalistamanna samhliða sýningum úr safneign. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975). Gerður var fjölbreytt myndlistarmaður sem fékkst við skúlptúr, steint gler og mósaík. Með geómetrískum járnverkum á sjötta áratugnum ávann Gerður sér sess sem frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar á Íslandi.

Hlutverk

Í Gerðarsafni er lögð áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspeglar strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg, upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Gerðarsafn hefur það að meginhlutverki að hafa umsjón með listaverkaeign Kópavogsbæjar, safna, miðla og varðveita. Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá, í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

Leiðarljós

Gerðarsafn hefur það að leiðarljósi að vera lifandi vettvangur fyrir listir. Listrænt starf Gerðarsafns miðar að því að kynna fjölbreytileika myndlistar og auka skilning á menningarlegu samhengi listaverka og listamanna. Sköpunarkraftur og tilrauna- starfsemi Gerðar Helgadóttur er leiðarstefið í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Verk hennar og arfleifð eru virkjuð í samtali við samtímalist og hugðarefni samtímans.

Gerðarsafn er vettvangur fyrir virkt samtal og öflugt samstarf. Gerðarsafn leitast við að tengjast gestum sínum á nýjan hátt; dýpka samtal, áhuga og skilning á myndlist og menningu. Gerðarsafn er staður til að doka við og njóta samverustunda, vettvangur til íhugunar, uppfyllingar, farvegur fyrir áskoranir og ögrandi hugmyndir.

Markmið

Gerðarsafn leggur áherslu á að vera leiðandi safn og vettvangur samtímalistar á Íslandi. Með fjölbreyttu sýningarhaldi er ekki einungis ætluð að endurspeglar og veita nýja sýn á mikilvæga þætti listasögunnar heldur einnig að varpa ljósi á lifandi tungumál samtímalistarinnar.

Markmið safnsins eru

- að blása krafti og forvitni í safnfræðslu með skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni.
- að efla samband við nærumhverfið með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins.
- að leiða gesti til samtals á eigin forsendum.
- að sýna jákvætt og opið viðmót gagnvart öllum gestum en það er eitt af grunnildum safnsins.

Frumkraftur og frumkvöðlastarf endurspeglast í starfsemi Gerðarsafns og er sérstaða safnsins leiðandi í allri ímynd og kynningu. Gerðarsafn starfar í alþjóðlegu samhengi myndlistarinnar og hefur það að markmiði að efla tengsl og samvinnu við listamenn, sýningarstjóra og samstarfsaðila á alþjóðavísu.

Rekstur

Gerðarsafn er í eigu Kópavogsbæjar og leggja eigendur fram stærstan hluta rekstrarfjár samkvæmt fjárframlögum Kópavogsbæjar. Árið 2025 hlaut Gerðarsafn 22.000.000 krónur í heildarstyrki. Safnið hlaut 9.000.000 Öndvegisstyrk á rannsókn, sýningu og útgáfu um listsköpun Valgerðar Briem árin 2025-2026; styrkuppþæð ársins 2025 er 4.500.000. Fræðsluverkefnið Sjónarafll hlaut 1.800.000 og skráningarverkefni fyrir nýjan Sarp 1.700.000. Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa hlutu sameiginlegan 10.000.000 Öndvegisstyrk fyrir fræðsluverkefninu „Náttúran í gegnum linsu myndlistar“ sem hófst í janúar 2024 og stendur út árið 2026; styrkuppþæð ársins 2025 er 4.000.000. Auk þess hlaut Gerðarsafn tvo 300.000 ferðastyrki frá Safnasjóði fyrir vistskiptum við söfn í Stokkhólmi og til

símenntunarferðar á Feneyjartvíæringinn vorið 2024. Safnið hlaut þrjá styrki frá Myndlistarsjóði fyrir sýningar árið 2025: Corpus (500.000) og Skúlpúr / Skúlpúr / Performans (600.000). Safnið hlaut einnig styrk frá Nordisk kulturfond fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á mörkum myndlistar og náttúru (4.000.000), sem var greiddur árið 2025.

Á árinu hlaut Gerðarsafn 4.000.000 styrk frá menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs til listaverka-kaupa og 1.000.000 kr til að veita Gerðarverðlaunin. Aðrir tekjuliðir voru aðgangseyrir, vörusala og útleiga.

Stjórn

Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar fer með stjórn Gerðarsafns og skal ráðið vinna að viðgangi þess í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

Ráðgjafanefnd

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns tók til starfa árið 2016 og er eitt af meginhlutverkum nefndarinnar að veita faglega ráðgjöf um listræna starfsemi og stefnumótun safnsins í samvinnu við forstöðumann safnsins. Í nefndinni 2025 sátu Eggert Pétursson, Sindri Leifsson og Katrín Elvarsdóttir.

Húsnæði

Gerðarsafn er í jaðri Borgarholtsins í Kópavogi og var opnað árið 1994. Benjamín Magnússon arkitekt teiknaði húsið. Tveir 200 m² sýningarsalir eru á efri hæð. Á neðri hæð safnsins er fjölnotasalur, listaverkageymsla, verkfærageymsla, fræðslurými, skrifstofuaðstaða og snyrtingar. Að sunnanverðu á neðri hæð er kaffistofa undir glerhýsi. Safnið hefur afnot af geymslurými fyrir sýningarbúnað í kjallara Safnaðarheimilis Kópavogskirkju.



Opnunartími

Opnunartími Gerðarsafns er 12.00-18.00 alla daga vikunnar. Lokað er yfir hátíðardaga, t.a.m. páska og jóla og á frídegi verslunarmanna. Hægt er að óska eftir aðgangi utan opnunartíma og er gjarnan tekið á móti nemendum og öðrum hópum á morgnana fyrir opnun safnsins.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir á sýningar Gerðarsafns var eftirfarandi síðan 1. október 2025:

1.297 kr. fyrir almenna gesti.

648 kr. fyrir námsmenn og aldraða.

Ókeypiss er fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára og öryrkja.

Félagar í SÍM, ICOM, FÍMK og FÍSOS fá ókeypis aðgang gegn framvísun skírteinis. Nemendur í Listaháskóla Íslands fá frían aðgang.

Árskort fyrir almenna gesti kostar 3.024 kr.

Árskort fyrir nema og eldri borgara kostar 1.944 kr.

Aðgangur er ókeypis á ákveðnar sýningar og viðburði, til dæmis á sýningaropnanir, Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og viðburði sem auglýstir eru sérstaklega, t.a.m. Safnanótt og Aðventuhátíð Kópavogs. Auk þess er að sjálfsögðu ókeypis að njóta allra viðburða sem fara fram rafrænt og streymt er frá safninu eða í samstarfi við safnið.

Safnbúð

Safnbúð Gerðarsafns býður upp á hönnunar- og gjafavöru með áherslu á vörur tengdar safneigninni, íslenska hönnunarvöru, listaverkabækur og tímarit ásamt umhverfisvænum heimilisvörum og leikföngum. Sérstök áhersla var lögð á að vera með vörur sem tengdust yfirstandandi sýningum s.s. bækur og póstkort með verkum eftir listamenn og sem dæmi má nefna ljósmyndabækur og bókverk eftir Jenny Rova, Hertta Kiiski og Adele Hyry sem öll voru að sýna á safninu þetta árið. Svo vorum við með nýútgefna bók um Guðrúnu Bergsdóttur til sölu meðfram sýningu með verkum hennar. Einnig var vöruúrvalið breikkað og teknar inn fleiri nýjar vörur eftir íslenska hönnuði. Þar má m.a. nefna Element skartgrip eftir listakonuna Elínu Hansdóttur og Salún textílverumerkið. Tveir viðburðir voru haldnir í safnbúðinni til þess að auka sýnileika og minna á búðina. Annarsvegar tóku söfn á höfuðborgarsvæðinu sig saman og héldu Safnbúðardag í aðdraganda jóla en þar að auki

skipulögðum við sérstakan jólafögnuð þar sem nýjar vörur unnar úr safneign Gerðarsafns voru kynntar. Þar má nefna dagtal fyrir komandi ár prýtt teikningum eftir Gerði Helgadóttur sem höfðu aldrei verið gefnar út áður og tvö ný eftirprent með verkum eftir Barböru Árnason (Tvær konur og barn og Fjaðrir fasana) sem hafa nú þegar selst vel og ýtt undir sölu á eldri eftirprentum.

Veitingarekstur

Veitingarekstur á neðri hæð Gerðarsafns er leigður út til rekstraraðila. Nýr rekstraraðili tók við veitingarekstrinum árið 2023 en áður hafði Reykjavík Roasters rekið kaffihús í safninu. Veitingastaðurinn Krónikan opnaði í lok sumars 2023. Systkinin Sigrún Skaftadóttir og Bragi Skaftason voru eigendur staðarins. Nú hefur Sigrún selt sinn hlut og í kjölfar þess breytti Bragi rekstrinum og í apríl byrjaði staðurinn með hágæða pízzur og ítalska smárétti.

Krónikan er opin 11.30 – 21.00 alla daga.

STARFSMANNAMÁL

Föst stöðugildi árið 2025 voru 3,75 í Gerðarsafni en safnið er samrekið Náttúrusafni Kópavogs og eru heildarstöðugildi safnanna tveggja 6,75. Með samrekstri Náttúrusafns og Gerðarsafns varð til grunneining sérfræðinga með ábyrgð á breiðu sviði safnanna tveggja. Sérfræðingar í náttúruvísindum starfa því með og hljóta stuðning frá starfsteymi Gerðarsafns með sérþekkingu á gerð sýninga, fræðslu, viðburða, skráningu, umsjón safneignar, rekstri safnbúðar og kynningarmálum.

Starfsfólk í föstu stöðugildi þvert á söfnin tvö eru Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður, í 100% starfi og Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneigna í 100%. Starfsmenn einvörðungu í Gerðarsafni eru Hallgerður Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri sýninga, í 60% starfi; Þorgerður Þórhallsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og viðburða, í 100%; Signý Þórhallsdóttir, verkefnastjóri safnbúðar og sértekna, í 50% starfi; Katrín Helga Guðmundsdóttir, móttaka og miðlun, í 65% starfi. Signý Þórhallsdóttir fór í fæðingarorlof í september 2025 og Halla Einarsdóttir tók við starfi hennar í afleysingu. Tímastarfsfólk í móttöku Gerðarsafns á árinu voru þau Guðríður Lárusdóttir, Halla Einarsdóttir, Sigríður Hermannsdóttir, Unnur Guðrún Þórarinsdóttir, Oliver Devaney, Ingunn Haraldsdóttir, Þorgerður Hjelm Davíðsdóttir og Hjördís Gréta Guðmundsdóttir.

Sí- og endurmenntun

Starfsmenn Gerðarsafns fóru í þrjár fræðsluferðir á árinu með tilstuðlan styrkja frá starfsþróunarsetri BHM og Safnasjóði. Brynja Sveinsdóttir, Cecilie Gaihede, Hallgerður Hallgrímsdóttir og Þorgerður Þórhallsdóttir tóku þátt í ráðstefnunni Art and Nature í Basel í maí. Brynja og Cecilie fóru í fræðsluferð með stjórnarsýslusviði til Den Haag í september og Brynja, Hallgerður og Þorgerður sóttu Farskóla félags íslenskra safna og safnamanna á Selfossi í október.

SAFNEIGN

Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi hófst á tíu ára afmæli bæjarins árið 1965 þegar samþykkt var að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans fastri árlegri fjárhæð í safneign.

Safneign Gerðarsafns telur um 4.250 verk. Uppistaðan er um 1.400 verk eftir Gerði Helgadóttur, um 300 verk eftir hjónin Barböru og Magnús Á. Árnason og 1.640 verk eftir Valgerði Briem, aðallega teikningar. Önnur verk sem ýmist hafa verið keypt eða gefin til safnsins eru um 650 að tölu.

Innkaup

Forstöðumaður Gerðarsafns í samráði við ráðgjafarnefnd vann að nýrri söfnunar- og innkaupastefnu safnsins 2016. Stefnan var lögð fyrir og samþykkt af menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar sem hefur veitt 3.500.000 kr. til listaverkakaupa frá árinu 2018. Á árinu 2025 var upphæðin hækkuð í 4.000.000 kr.

Ráðgjafarnefnd Gerðarsafns hefur valið verk eftir fimm listamenn sem hafa sýnt á árinu 2025 í safninu. Verkin voru valin eftir innkaupastefnu og endurspegla bæði stefnur í samtímalist og sýningardagskrá Gerðarsafns. Verkin eru keypt af listafólki af ólíkum kynslóðum sem vinna í breidd listmiðla: útsaumsverk, hljóðskúlptúr, vídeóinnsetningu og stafrænt textíilverk.

Guðrún Bergsdóttir (1970-2024): Sex textíilverk sem spanna feril Guðrúnar Bergsdóttur en einstakt tækifæri gafst að festa kaup á verkum hennar í kjölfar yfirlitssýningar á verkum Guðrúnar sumarið 2025 í Gerðarsafni.

Finnbogi Pétursson (f. 1959): Verkið Standwave sem er hreyfiskúlptúr og hljóðverk þar sem lítil vél sveiflar þræði í sínus bylgju og gerir þannig hljóðið

sýnilegt. Finnbogi var handhafi Gerðarverðlaunanna 2023 og var með einkasýningu í Gerðarsafni október 2024 til janúar 2025.

Klavs Liepins & Renate Feizaka (f. 1987): Vídeóinnsetning sem var sérstaklega unnin fyrir yfirstandandi sýningu í Gerðarsafni, Corpus. Í verkinu sjást listamennirnir í átökum í náttúrulegu umhverfi og vekja upp spurningar um stöðu okkar og samband við náttúruna.

Kristín Helga Ríkhardsdóttir (f. 1993): Stafrænt textílverk sem tengir saman eldri og yngri listmiðla og sýna okkur eldgos með gleraugum internetsins. Kristín Helga sýndi á Skúlptúr/skúlptúr/performans sem opnar í nóvember 2025.

Safneign og aðbúnaður

Unnið er að því að mæta niðurstöðum úr matsskýrslu sem safnið fékk árið 2017 í kjölfar eftirlits safnaráðs. Heildarmat er að ástand á listaverkageymslu sé almennt mjög gott. Hafin er vinna við að skipuleggja sérrými fyrir járnskúlptúra í listaverkageymslu safnsins og hefur smiður verið fenginn til verksins. Safnið þarf að bæta sig á nokkrum sviðum sem hugað verður að.

Helstu tillögur til úrbóta eru eftirfarandi:

- Huga að þáttum er varða umhverfisþætti (ljósamál, mælingar á hita og raka, skordýraeftirlit).
- Útbúa þarf skriflegar húsreglur fyrir starfsfólk, sérstaklega um aðbúnað og aðgengi að húsi (húsverðir).
- Gera verklagsreglur um aðgang, umgengni og frágang listaverka í geymslum.
- Útbúa skriflegt verklag fyrir starfsmenn sem sjá um þrif.

Á árinu 2025 var unnið að endurskipulagningu varðveislurýmisins og á árinu verða settar inn nýjar hillur innst í rýminu. Eftir það verður hægt að útbúa rými fremst í geymslunni þar sem verður vinnuadstaða, ljósmyndunaraðstaða og hægt verður að taka á móti listaverkum sem fara á tímabundnar sýningar.

Í maí 2023 var stigið mikilvægt skref í aðbúnaði listaverka í safneign með opnun grunnsýningar á skúlptúrum Gerðar Helgadóttur. Í sýningunni var útbúið rakastýrt sérrými fyrir járnverk Gerðar sem er þá jafnframt sýning og framlenging á listaverkageymslu.

KYNNINGARMÁL

Fjölmiðlar

Öflugt markaðsstarf og virk útgáfustarfsemi er Gerðarsafni nauðsynleg til að safnið nái til safngesta, listamanna, safnara, hagsmunasamtaka, skóla og stuðningsaðila. Virkni á samfélagsmiðlum og ferskt og aðgengilegt kynningarefni eru hornsteinar þess að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Allt markaðsstarf er unnið með það í huga að það sé hvetjandi fyrir áhugasama. Gerðarsafn vinnur markvisst að því að efla samtöl við öll skólástig í Kópavogi og stofnanir í Kópavogi og nærliggjandi sveitarfélögum með því markmiði að það sé áhugavert og eftirsóknarvert að koma í Gerðarsafn.

Sýningar og viðburðir í Gerðarsafni hafa hlotið athygli fjölmiðla og má greina mikinn áhuga á því starfi sem unnið er.

Sýningar ársins fengu allar umfjöllun í Víðsjá á Rás 1, Lestinni á Rás 1, og í prent- og netmiðlum svo sem Morgunblaðinu.

Kynning á Gerðarsafni hélt áfram í formi auglýsinga, bæði á safnbúð Gerðarsafns og sýningum, á strætóskýlum, prentmiðlum og samlesnum auglýsingum á RÚV.

Ný heimasíða fyrir Gerðarsafn var sett í loftið vorið 2023 og þykir hafa tekist vel til. Efni er sett inn reglulega og Safneign á sunnudegi er sett þar inn líka.



Samfélagsmiðlar

Gerðarsafn heldur úti Facebook-síðu með 6.100 fylgjendur og Instagram-síðu með 3.829 fylgjendur. Á miðlunum eru viðburðir á vegum safnsins auglýstir og sýningum safnsins miðlað til fylgjenda. Vinsæll liður á samfélagsmiðlum safnsins er Safneign á sunnudegi, sem farið var af stað með 2020. Á hverjum sunnudegi er sett inn færsla um valið verk úr safneign og fjallað stuttlega um verkið og listamanninn á bakvið það. Framtakið hefur vakið lukku og er liður í veita fræðslu og innsýn í safnið, á skemmtilegan og aðgengilegan hátt.

Safnbúð Gerðarsafns er með sérstaka Facebook-síðu, með 807 fylgjendur, og Instagram-síðu með 769 fylgjendur. Síðurnar eru lifandi og þar eru settar inn færslur reglulega.

Útgáfa

Sýningarskrár eru gefnar út samhliða sýningum í Gerðarsafni. Í sýningarskrám er að finna inngang sýningarstjóra og texta um listamenn og listaverk á sýningunni.

Árið 2024 gaf Gerðarsafn út sýningarskrár fyrir sýningarnar Störu, Barböru, Guðrúnu Bergsdóttur, Corpus og Skúlptúr skúlptúr performans.

LISTRÆN STARFSEMI

Gerðarsafn stendur fyrir öflugum og metnaðarfullum listrænu starfi sem ætlað er að endurspegla strauma og stefnur samtíma okkar. Safnið stendur fyrir metnaðarfullum sýningum á samtímalist og list fyrri tíma sem höfða til breiðs hóps gesta, öflugum viðburðahaldi og faglegu starfi í umsjón safneignar. Megináherslur sýninga Gerðarsafns eru eftirfarandi:

Margbreytileiki samtímalistar: Metnaðarfullar sýningar sem birta hugðarefni samtímans og tengja saman listamenn af ólíkum kynslóðum. Í sýningunum felst öflugt samstarf við listahátíðir, alþjóðleg samstarfsverkefni og könnun á mörkunum á milli myndlistar og annarra skapandi greina.

Myndlist fyrri tíma í nýju ljósi: Sýningar á verkum úr safneign sem útvíkka skilning okkar á íslenskrí listasögu með nýrri nálgun og óvæntum tengingum.

Sýningar sem styrkja sérstöðu Gerðarsafns: Sýningar sem vísa í arfleifð Gerðar Helgadóttur og forystuna sem hún tók innan höggmyndalistar á við sýningarröðina Skúlptúr / Skúlptúr auk grunnsýningar á verkum Gerðar Helgadóttur.

Samstarf við listahátíðir

Safnanótt var haldin 7. febrúar 2025 og á Gerðarsafni var boðið upp á listamannaleiðsögn um sýninguna Störu með Dýrfinnu Benitu Basalan og Sadie Cook. Fyrsta gjörningakvöld ársins var haldið í samstarfi við Hamraborg Festival og komu Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Curro Rodriguez, Hrefna Lind Lárusdóttir og Tara & Silla fram.

Gerðarsafn tók þátt í Barnamenningarhátíð í Kópavogi í apríl 2025 með sýningu á listaverkum eftir börn á unglingastigi Kársnesskóla sem Sadie Cook og Dýrfinna Benita Basalan leiddu.

Gerðarsafn átti í góðu samstarfi við Hamraborg Festival, listahátíð í Kópavogi sem fór fram í lok ágúst og var sýning í safninu með Ásgerði Arnardóttir og Ra Tack. Tveir viðburðir voru haldnir í safninu á vegum hátíðarinnar; fyrirlestur Benjamíns Magnússonar og DJ AMMA með Ásrúnu Magnúsdóttur og Höllu Þórlaugu Óskarsdóttur. Einn af hápunktum hátíðarinnar var gjörningakvöld í Gerðarsafni þar sem fram komu margir gjörningalistamenn og húsið var fullt af gestum.

Gerðarverðlaunin

Gerðarsafn setti á fót ný myndlistarverðlaun árið 2020 til stuðnings við höggmyndalist héraendis. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara og eru veitt árlega framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur í skúlptúr og rýmisverk. Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs



samþykkti að stofna til verðlaunanna og nema þau einni milljón króna. Stefnt er að því að veita verðlaunin árlega.

Verðlaunahafi Gerðarverðlaunanna 2025 var Sólveig Aðalsteinsdóttir fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar á Íslandi.

Dómnefnd Gerðarverðlaunanna skipuðu: Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, Kristinn G. Harðarson myndlistarmaður, tilnefndur af SÍM og Hildigunnur Birgisdóttir myndlistarmaður, tilnefnd af Gerðarsafni.



FRÆÐSLA OG VIÐBURÐIR

Viðburðir Gerðarsafns árið 2025 voru 107 talsins. Má þar nefna leiðsagnir listamanna og sýningarstjóra, erindi fræðimanna, tónleika, fyrirlestra, smiðjur og fleira. Viðburðahald í Gerðarsafni tekur mið af yfirstandandi sýningum og straumum og stefnum í samtímalist.

Árið 2025 voru opnaðar 5 sýningar, haldnar 8 fjölskyldustundir, 22 sýningarleiðsagnir og 6 fyrirlestrar. Á árinu voru einnig haldin 4 gjörningakvöld og 5 viðburðir í myndlæsi.

14 smiðjur voru haldnar í safninu (fyrir utan fjölskyldustundir), bæði í tengslum við sýningar og sem sjálfstæðir viðburðir. Þar af voru fjórar smiðjur undir formerkjunum List og náttúra sem hönnunarteymið ÞYKJÓ sá um. Sérstakir viðburðir fóru fram í tengslum við hátíðir í Kópavogi, til dæmis Barnamenningarhátíð, 17. júní, Komdu í Kópavog, haust- og vetrarfrí og Aðventuhátíð.

Gjörningakvöld

Á árinu 2025 hóf Gerðarsafn nýja viðburðaröð, Gjörningakvöld, og haldin voru samtals 4 kvöld.

Gjörningakvöldin bjóða upp á rými þar sem ungir og upprennandi listamenn geta stigið sín fyrstu skref á sviði gjörningalistar og að þeir sem eru reyndari geti prófað sig áfram með nýjar hugmyndir. Gjörningakvöldin hafa verið mikilvæg viðbót við starfsemi Gerðarsafns þar sem boðið er upp á líflega og spennandi dagskrá að kvöldi til. Á hverju kvöldi hafa fjórir listamenn flutt gjörning sem var sérstaklega skapaður fyrir tilefnið. Listafólkið hefur verið valið út frá yfirstandandi sýningum þar sem ákveðin þemu fá framhaldslíf í gjörningum. Gjörningakvöldin hafa farið fram úr björtustu vonum þar sem um 100-120 manns hafa mætt á hvern viðburð. Þau hafa þannig ekki aðeins verið vettvangur fyrir listafólk til að sýna nýja gjörninga heldur hafa þau opnað augu fólks fyrir listmiðlinum og gert gjörningalist aðgengilega og skemmtilega. Viðburðirnir hafa verið unnir í góðu samstarfi við Krónikuna og hefur flæðinu verið stýrt þannig að kvöldið sé afslöppuð og skemmtileg samvera. Gjörningakvöldin hafa skapað vettvang fyrir gjörningalist og opnað á nýja vídd í starfsemi safnsins og íslenskri listasenu.

Morgunstund í myndlæsi

Á árinu hófst ný viðburðaröð sem ber heitir Morgunstund í myndlæsi og er viðburðurinn miðaður að fullorðnum. Myndlæsi var haldið 5 sinnum á árinu og mun halda áfram 2026. Á viðburðunum er farið eftir aðferðum úr Sjónarafli sem er fyrirmyndarverkefni Listasafns Íslands sem snýr að þjálfun myndlæsis fyrir börn í tengslum við aðalnámsskrá. Með því að nota þær aðferðir sem kynntar eru í Sjónarafli fá þátttakendur lykla sem auðvelda þeim að njóta myndlistar.

Verkefnið er stutt af Safnasjóði.

Stúdíó Gerðar

Gerðarsafn hefur unnið að metnaðarfullu fræðslustarfi frá árinu 2015 þar sem lögð er áhersla á skapandi viðburði fyrir fjölskyldur, eldri borgara og innflytjendur. Á neðri hæð Gerðarsafns er Stúdíó Gerðar, rými sem helgað er fræðslustarfi. Markmið fræðslurýmisins er að skapa Gerðarsafni sérstöðu sem gríðastað fyrir fólk á öllum aldursstigi, til að upplifa samtímamyndlist en einnig til að skapa sjálf og mennta huga og hönd í öruggu og þægilegu umhverfi. Í Stúdíói Gerðar eru haldnar fjölbreyttar smíðjur í tengslum við sýningar safnsins og sem hluti af Fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi. Þar er einnig tekið á mótum skólahópum í tengslum við leiðsagnir.

Stórir bláir kubbar eru í Stúdíó Gerðar sem eru afskaplega vinsælir meðal yngri gesta. Árið 2021 bættist Kyrrðarrými, frá hönnunarteyminu ÞYKJÓ, við Stúdíó Gerðar þar sem gestir geta „skriðið inn í skel“ og slakað á.

Skólahópar

Boðið er upp á sérsniðnar leiðsagnir og heimsóknir í Gerðarsafn fyrir öll skólastig. Skólahópar koma í leiðsagnir um yfirstandandi sýningu safnsins þar sem lögð er áhersla á samtál og túlkun nemenda á verkunum. Fyrir áhugasama hópa, sérstaklega þá yngri, hefur einnig verið boðið upp á sérsniðnar smíðjur í Stúdíói Gerðar í tengslum við sýningarnar hverju sinni.

Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu í Gerðarsafni síðastliðin ár. Börn af öllum skólastigum komu í fræðslu á safninu árið 2025.

Gerðarsafn tók á mótum samtals 50 skólahópum í skipulagðar heimsóknir. Tekið var á mótum 1113 nemendum á öllum skólastigum samtals. Þar af voru 104 leikskólabarn, 720 grunnskólanemar, 247 menntaskólanemar og 4 háskólanemar.



SÝNINGAR 2025

GERÐUR grunnsýning
25.01.2023 -



Grunnsýning á verkum Gerðar Helgadóttur á neðri hæð Gerðarsafns. Sýningin stendur sem breytileg grunnsýning en kjarni sýningarinnar eru járnverk Gerðar sem verða í rakastýrðu sérrými og tengja því varðveislu við miðlun. Sýningin GERÐUR er í nánú samtali við Stúdíó Gerðar, þar sem gestum gefst færi á að fræðast og skapa myndlist.

Listamaður
Sýningarstjórar

Sýningarhönnun

Gerður Helgadóttir
Brynja Sveinsdóttir
Cecilie Gaihede
Arnar Freyr Guðmundsson
Hreinn Bernharðsson

Stara
25.01.2025 – 19.04.2025



Yfirfull af lífi feta verkin sig í kring um sjálf listafólksins í samsýningunni Stara sem opnar í Gerðarsafni á Ljósmyndahátíð Íslands 2025.

Manneskjurnar í sýningunni standa berskjaldaðar frammi fyrir áhorfendum. Fólk þú býður okkur að koma nær, stara á sig. En þau stara líka til baka, eru síður en svo valdalaus viðföng ljósmyndarans heldur aðalleikararnir í sinni sögu. Við erum velkomin en höfum stigið inn á þeirra yfirráðasvæði. Verkin eru róttæk hvísl og við þurfum að koma inn fyrir til að heyra í óeirðinni. Hún býr í persónulegum frásögnum, sögum heimsins sem sagðar eru frá einstöku sjónarhorni hvers skapara.

Listamenn

Adele Hyry
Dýrfinna Benita Basalan
Jenny Rova
JH Engström
Jói Kjartans
Kristinn G. Harðarson
Michael Richardt
Sadie Cook
Brynja Sveinsdóttir
Hallgerður Hallgrímsdóttir

Sýningarstjórar

Barbara
30.04.2025 – 10.08.2025



Barbara Árnason (Barbara Moray Williams) spratt upp úr einu myndlistarumhverfi og skaut rótum í öðru. Hún var fædd í Hampshire í Suður-Englandi árið 1911 og ólst upp í samfélagi sem, þrátt fyrir iðnað og þunga nútímans, bjó yfir sterkri listhefð þar sem skreytilist, myndlist og hönnun voru sjálfsagður hluti af hversdagslífi fólks. Sumarið 1936 steig Barbara í fyrsta sinn fæti á Íslandi og festi hér óvænt rætur þegar hún kynntist listamanninum Magnúsi Á. Árnasyni.

Barbara Árnason var fjölhæfur listamaður sem þróaði sína eigin nálgun innan myndlistar sem fléttaði saman bakgrunn hennar og þau áhrif og hughrif sem hún varð fyrir á Íslandi. Hún tengdist landi og þjóð sterkum böndum og gekk á vissan máta inn í landslagshefðina en í stað þess að mála víðáttu og fjalllendi leit hún niður í fingerðan gróðurinn, fangaði það smáa og viðkvæma; það nærtæka og daglega. Barbara hafði gríðarleg tök á tæknilegum útfærslum í þá ólíku miðla sem hún tók sér fyrir og skóp sér farveg innan myndlistar með tilraunum í nýja miðla á borð við grafík, textíl, bókateikningar og viðarverk.

Listamaður
Sýningarstjórar

Barbara Árnason (Moray Williams)
Brynja Sveinsdóttir
Hallgerður Hallgrímsdóttir

Guðrún Bergsdóttir
30.04.2025 – 10.08.2025



Gerðarsafn heiðrar Guðrúnu Bergsdóttur (1970–2024) og listferil hennar með yfirlitssýningu í sýningarstjórn Hildigunnar Birgisdóttur. Samhliða sýningunni kemur út bókin Hugarheimar sem fjölskylda Guðrúnar kom fallega til leiðar í samstarfi við Hörpu Björnsdóttur með myndum af verkum og greinum um listsköpun hennar.

Guðrún skapaði á jaðrinum, starfaði í hliðarsenu íslenskrar myndlistar. En hún steig samt sem áður nokkur mikilvæg spor yfir stóra þröskulda inn í stóru söfnin og á aðalsviðin, mest að tilstuðlan hátíðarinnar List án landamæra. Guðrún sýndi margoft á hátíðinni og var valin heiðurslistamaður hennar árið 2011. En þó að Guðrún hafi verið staðsett á jaðrinum töluðu verk hennar inn í hjörtu ófárra myndlistarmanna og áhugafólks um myndlist sem fundu undur og innblástur í verkunum í starfi óhefts huga sem lagði ekki upp með að brjóta reglurnar heldur bjó til sínar eigin. Þannig setja 64 útsaumsverk mark sitt á íslenska listasögu þótt þau hafi orðið til í frelsi frá henni.

Listamaður
Sýningarstjóri

Guðrún Bergsdóttir
Hildigunnur Birgisdóttir

Corpus
20.08.2025 – 02.11.2025



Líkaminn er lifandi fyrirbæri í sífelldri sveiflu milli sjálfsins og annars, menningar og náttúru, hins séða og óséða. Listamenn Corpus fá okkur til að íhuga hann nánar, með því að nota áferðir, nærveru, efniskennd, litbrigði og framvindu til að takast á við flókin tengsl kyns, kynþáttar, vistfræði og tækni. Hér er líkaminn ekki stöðugur heldur síkvikur og samofinn umhverfi sínu.

Á Corpus mátti finna verk eftir Arvidu Byström, Herttu Kiiski, Jeannette Ehlers, Klävs Liepiņš & Renāte Feizaka, Salad Hilowle og Sunnevu Ásu Weissshappel, sem vinna innan efnisleika, vefnaðar, skúlptúrs og ljósmyndunar. Hver á sinn hátt rannsaka listamennirnir tengsl okkar við eigin líkama, bæði í rými og í sambandi við aðrar verur, og stöðu líkamans í framþróunarmiðuðum heimi.

Listamenn	Arvida Byström (SE) Jeannette Ehlers (DK) Salad Hilowle (SE) Hertta Kiiski (FI) Klävs Liepiņš & Renāte Feizaka (LV/IS) Sunneva Ása Weissshappel (IS)
Sýningarstjóri	Daría Sól Andrews

Skúlptúr skúlptúr performans
12.11.2025 – 25.01.2026



Líf okkar samanstanda af óteljandi umbreytingum – stórum eða smáum, hljóðlátum eða yfirþyrmandi. Við göngum í gegnum þessar umskiptingar, þar sem tilfinningar brjótast fram án viðvörunar – og eitthvað óáþreifanlegt byrjar að titra.


Í sjöttu sýningu Skúlptúr skúlptúr raðar Gerðarsafns, mæta gjörningar höggmyndalist. Er þar listsköpun fundinn staður mitt í þessum umbreytingastundum, þar sem við vitum ekki hvar eitt endar og annað hefst – þar sem form, tilfinningar og merkingar fljóta um án þess að festa rætur. Listafólk sýningarinnar bregst við þessum umbreytingum með viðkvæmni, leikgleði, fögnuði og von – og réttir fram hönd hvað til annars, aftur til fortíðarinnar og hvísla mjúklega óskum til framtíðarinnar.

Listamenn	Curro Rodriguez Hekla Dögg Jónsdóttir Jasa Baka Kristín Helga Ríkharðsdóttir Mjólk (Hlín Gylfadóttir, Karlotta Blöndal, Unnar Örn Jónasson Auðarson) Post Performance Blues Band (Álfrún Örnólfsdóttir, Hrefna Lind Lárusdóttir, Saga Kjerúlf) Regn Sólmundur Evu Styrmir Örn Guðmundsson Jo Pawlowskx Cecilie Gaihede
Sýningarstjórar	

SÝNINGAR 2026

HÖRÐUR

04.02.2026 – 02.05.2026



Hörður Ágústsson (1922-2005) nálgadist myndlist, hönnun, rannsóknir og kennslu af heildrænni hugsun. Hugsun sem var fjarri því að vera einföld eða línuleg heldur bar með sér löngun til að má út skil á milli ólíkra listgreina til að finna sameiginlegan og margslunginn kjarna sjónmenningar.

Hörður þróaði nálgun sína út frá innblæstri sem hann sótti úr umhverfi sínu og hugmyndafræði um eðli og möguleika sjónlista. Í allri sköpun sinni leyfði hann sér að flæða á milli ólíkra tjáningarleiða, bæði hvað varðar fagurfræði og listgreinar. Í viðtali segir Hörður að hann hafi sveiflast á milli leitarinnar að hinu fullkomna formi og ljóðrænnar tjáningar: „Í mér eru bæði arkitekt og ljóðskáld og þeir eru sífellt að rífast.“

Á sýningunni eru verk Harðar sem birta nálgun hans á form- og litfræði á árunum 1955-1978. Verkin á sýningunni þvera það sem hefðbundið væri flokkað sem myndlist og hönnun sem tengja fullkláruð verk, undirbúningsverk og hugmyndavinnu saman. Í þessari formrænu könnun hans má finna það svið þar sem arkitektinn og ljóðskáldið tvinnast hvað mest saman, þar sem rannsakandinn og skaparinn ná saman í heildrænni hugsun um kjarna allrar listar.

Listamaður
Sýningarstjórar

Hörður Ágústsson
Brynja Sveinsdóttir og Studio
Studio (Arnar Freyr Guðmundsson
og Birna Geirfinnsdóttir)

Jeremy Deller

16.05.2026 – 06.09.2026



Jeremy Deller (f. 1966, London) er einn þekktasti samtímalistamaður Bretlands. Hann hlaut hin virtu Turner-verðlaun árið 2004 og var fulltrúi Bretlands á Fenejvatvíæringnum árið 2013. Verk hans hafa verið sýnd víða um heim, meðal annars í Buenos Aires, Hong Kong, Mexíkóborg, New York, Kaupmannahöfn, Singapúr og Tókýó.

Sýningin í Gerðasafni samanstendur af vídeóverki og innsetningu prentverka frá árinu 1993 til dagsins í dag. Mörg prentverkanna eru unnin í samvinnu við grafíska hönnuðinn Fraser Muggeridge.

Sýningarstjórar

Arnar Freyr Guðmundsson
og Birna Geirfinnsdóttir.

Valgerður Briem

09.09.2026 – 24.01.2027



Yfirlitssýning á verkum listakonunnar Valgerðar Briem (1914-2002) en í safneign Gerðarsafns eru 1600 verk eftir listakonuna, teikningar, skissur og blönduð tækni. Sýningin er afurð tveggja ára rannsóknarverkefnis þar sem listsköpun hennar er kortlögð og samlegðin við kennslu hennar er skoðuð en Valgerður átti stóran þátt í þróun myndlistarkennslu héraendis. Samhliða sýningunni verður gefin út bók um listsköpun hennar.

Sýningarstjóri

Cecilie Gaihede



FRAMTÍÐARSÝN

Gerðarsafn er lifandi áfangastaður fyrir áhugamenn um myndlist á ólíkum aldri og virkur samverustaður fyrir fjölskyldufólk og nærumhverfi safnsins. Í Gerðarsafni er unnið markvisst að því að höfða til fjölbreyttra hópa í gegnum margbreytilegt sýningarhald og fræðslu sem miðar að því að bjóða nýja gesti velkomna á safnið. Framtíðarsýn safnsins er að halda áfram uppbyggingu sem hefur orðið til mikillar fjölgunar gesta, stórra sýninga-, fræðsluverkefna og öflugs alþjóðlegs samstarfs og samvinnu við listahátíðir, mennta- og menningarstofnanir.

Framúrstefnuleg myndlist hefur verið leiðandi stef í starfsemi safnsins og eru fræðsla og viðburðir unnir í nánu samtali við yfirstandandi sýningar. Nálgun við safneign Gerðarsafns helst í hendur við þessa stefnu þar sem verk úr safneign eru notuð til að tengjast gestum á nýjan og óvæntan hátt. Unnið er út frá því að vekja forvitni og áhuga gesta safnsins á þeirri list sem er sýnd frekar en að miðla listsögulegum rannsóknnum eða staðreyndum á hefðbundnari máta. Í allri starfsemi safnsins er miðað að því að kynna framúrstefnulega og alþjóðlega myndlist fyrir safngestum á opinn og aðgengilegan hátt þar sem gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum. Í dagskrá safnsins verður áfram lögð áhersla á framúrstefnulega myndlist, alþjóðlegt samstarf og sýningarstýrð verkefni samhliða aðgengilegu og skapandi fræðslustarfi.

Starfsemi listasafna nær ekki aðeins til sýninga og viðburða heldur til heildarupplifunar gesta. Kynning, aðkoma, safnbúð, kaffihús, útisvæði og viðmót skipta sköpum í að gera heimsókn í Gerðarsafn að skapandi áfangastað. Alúð er því lögð við að samþætta ólíkar hliðar starfsemi safnsins og styðja við stöðu þess sem vettvangs fyrir framúrstefnulegar hugmyndir, upplifanir, túlkanir og virkt samtal. Listasafn speglar samfélagið og vinnur markvisst að tengingu við gesti í gegnum viðburði, fræðslustarf og miðlun sýninga. Listasöfn eiga að vera vettvangur fyrir alla og stuðla að því að auðga mannlífið og virkja ólíka hópa samfélagsins í starfsemi sinni.


LYKILTÖLUR

	Heildarfjöldi viðburða 2023	Heildarfjöldi gesta 2023	Heildarfjöldi viðburða 2024	Heildarfjöldi gesta 2024	Heildarfjöldi viðburða 2025	Heildarfjöldi gesta 2025
Gestafjöldi á Gerðarsafn		48.760		58.325		82.596
Viðburðir á Gerðarsafni	75	2.768	106	7.004	102	4.748
- þar af sérvíðburðir Gerðarsafns	40	1.540	6	96	2	90
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	35	2.352	67	5.384	63	2.573
Skólaheimsóknir á Gerðarsafn	74	1.426	30	570	49	1.113
- þar af fræðsludagskrá MEKÓ	3	216	0	0	0	0
		Fjöldi 2023		Fjöldi 2024		Fjöldi 2024
Verk í safneign		4.312		4.325		4.334
Verk í Sarpi		4.270		4.270		4.270
Útlán listaverka		60		7		10


FJÁRMÁL 2023-2025 OG ÁÆTLUN 2026

	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	2025 í þús. kr.	Áætlun 2026 í þús. kr.
Tekjur				
<i>Rekstrartekjur</i>	-30.225	-24.139	-20.074	-8.575
Gjöld				
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	60.617	62.234	65.029	50.677
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	129.908	139.571	142.573	129.951
REKSTRARNIÐURSTADA	160.300	177.666	187.528	172.053

HEILDARFJÖLDI GESTA



HEILDARFJÖLDI VIÐBURÐA





Stofnanir sviðsins

NÁTTÚRUSAFN

KÓPAVOGS

Hlutverk

Náttúrusafn Kópavogs er viðurkennt safn á sviði náttúruvísinda. Safnið gegnir veigamiklu hlutverki í að stuðla að sýningu, varðveislu og söfnun náttúruminja og standa að fræðslu og miðlun á umhverfismálum og náttúruvísindum.

Samkvæmt stofnskrá Náttúrusafnsins eru aðalhlutverk Náttúrusafns Kópavogs:

- Að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins;
- Að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti;
- Að stuðla að náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku;
- Að stunda rannsóknir á safneign sinni og náttúru landsins, meðal annars í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræði og umhverfismála.

Leiðarljós

Á Náttúrusafni Kópavogs er rekið þróttmikið safnastarf með það að leiðarljósi að afla og miðla þekkingu á sem flestum sviðum náttúrufræða. Liður í þeirri viðleitni er að skapa hindrunarlaust aðgengi að gripum safnsins, óháð þjóðfélagsstöðu, líkamlegri færni og efnahag. Auk hefðbundins safnastarfs er þátttaka í fjölbreyttu viðburðahaldi, þar sem leitast er við að allir finni eitthvað við sitt hæfi til fræðslu eða afþreyingar, órjúfanlegur þáttur í starfseminni.

Markmið

Meginhlutverk Náttúrusafnsins markast af sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 4. gr. stofnskrár). Það er meginmarkmið í starfseminni að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og gagnlegt almenningi. Safngestir njóti heimsóknar á safnið sem best og upplifi það sem þeir sækjast eftir. Unnið verður að því að efla upplýsingamiðlun og fræðslu í gegnum margmiðlun og afþreyingu. Einnig verður unnið að því að rækta samstarf við öll skólastig í Kópavogi og finna nýja samstarfsmöguleika. Síðast en ekki síst verður unnið að því að gera safnið aðgengilegra fyrir erlenda ferðamenn sem og þau sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

Starfsfólk

Föst stöðugildi árið 2025 voru 3 í Náttúrusafni Kópavogs en safnið er samrekið Gerðarsafni og eru heildarstöðugildi safnanna tveggja 6,75. Með samrekstri Náttúrusafn og Gerðarsafns varð til grunneining sérfræðinga með ábyrgð á breiðu sviði safnanna tveggja. Sérfræðingar í náttúruvísindum starfa því með og hljóta stuðning frá starfsteymi Gerðarsafns með sérþekkingu á gerð sýninga, fræðslu, viðburða, skráningu, umsjón safneignar, rekstri safnbúðar og kynningarmálum.

Starfsmenn í föstu stöðugildi þvert á söfnin tvö eru Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður, í 100% starfi og Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneigna í 100%. Starfsmenn einvörðungu í Náttúrusafninu voru í upphafi árs Hulda Margrét Birkisdóttir, verkefnastjóri fræðslu og viðburða í 80% starfi og Sævar Helgi Bragason, sérfræðingur í 100% starfi. Sævar lauk störfum hjá safninu í júní 2025 og tók Hlynur Steinsson við starfi sérfræðings í september. Tímastarfsfólk í móttöku safnsins voru Guðríður Lárusdóttir, Þorgerður Hjelm Davíðsdóttir og Hjördís Gréta Guðmundsdóttir og voru Júlía Kristín Kristinsdóttir og Jóhanna Friðsemd Kristinsdóttir í móttöku og skráningarverkefnum á safninu.

Nafnabreyting

Starfsemi Náttúrusafnsins hefur verið í endurmótun frá haustinu 2023 og hafa áherslur safnsins breyst í því ferli, þar á meðal með opnun nýrrar grunnsýningar vorið 2024. Safnið leggur mikla áherslu á fræðslu og miðlun í nýrri starfsemi með það að marki að stuðla að náttúrufræðslu og vekja áhuga og skilning á umhverfi okkar. Með breytingunum er lögð áhersla á að vinna faglegt starf sem viðurkennt safn með skráningu, umsjón og rannsóknum á safneign sinni og sýningarhaldi sem miðlar safneigninni og náttúrunni á skapandi hátt. Breytt starfsemi og áherslur kalla á að heiti safnsins sé endurskoðað. Felur heitið Náttúrufræðistofa Kópavogs ekki nægilega skýr skilaboð og tengingar við raunverulega starfsemi safnsins heldur miðlar frekar fyrri áherslum safnsins þar sem rannsóknarstarf á vatnalífriki var í forgrunni.

Á árinu 2025 var unnin þarfagreining fyrir endurskoðun á nafni safnsins af hálfu starfsteymis þess en í því eru Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður, Cecilie Gaihede verkefnastjóri safneigna, Hulda Margrét Birkisdóttir verkefnastjóri fræðslu og Sævar Helgi Bragason sérfræðingur. Að endurskoðunni kom einnig ráðgjafanefnd safnsins sem í eru Jóhannes Bjarki Urbancic líffræðingur og Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur. Megináherslur og sérstaða safnsins voru greind til að unnt væri að finna heiti á safnið sem fellur vel að starfsemi og stefnu þess.

Megináherslur safnsins

- 1. Miðlun á náttúrunni á mannamáli**
Safnið vinnur metnaðarfullt fræðslu- og miðlunarstarf þar sem börn og fullorðnir geta kynnst náttúru, vísindum og umhverfismálum á opinn og aðgengilegan hátt. Fræðslustarfið hefur það að marki að efla náttúrulæsi og vekja skilning og væntumþykju á umhverfi okkar. Með aðgengilegri fræðslu er unnt að skapa vitneskju um að náttúran er alltumlykjandi og maðurinn sé hluti náttúrunnar frekar en andstæða hennar.
- 2. Vekja áhuga og forvitni**
Safnið vinnur að því að vekja áhuga og forvitni gesta á náttúrunni. Með sýningum og fræðslustarfi vinnur safnið að því að hvetja gesti til að nálgast umfjöllunarefnið á opinn hátt, vekja áhuga á umfjöllunarefnum í gegnum skapandi viðmót og styðja við túlkun og merkingarsköpun undir handleiðslu sérfræðinga.
- 3. Miðlun á breiðum grundvelli**
Safnið vinnur að því að stuðla að náttúrulæsi á eins breiðum grundvelli og hægt er, sem ekki er einskorðað við ákveðin fög og umfjöllunarefni heldur lögð áhersla á að opna fyrir ólíkar tengingar og óvænt sjónarhorn, þar á meðal samspil náttúruvísinda við skapandi greinar.

Sérstaða safnsins

- 1. Fræðslustarf og miðlun**
Sérstaða safnsins er metnaðarfullt fræðslustarf til barna og fullorðinna. Safnið leggur mikla áherslu á að vera vettvangur til að fræðast og öðlast skilning á náttúrunni og þykja vænt um hana.
- 2. Aðgengileiki**
Safnið er aðgengilegt á marga ólíka vegu. Það er staðsett í þéttbýli og í kjarna bæjarfélagsins sem verður til þess að auðvelt er að sækja það heim. Safnið er frítt öllum gestum sem eykur á aðgengileika þess. Allir textar og nálgun í miðlun er unnin þannig að vísindalegri þekkingu og fræðslu um náttúruna er miðlað á aðgengilegan hátt.
- 3. Samlegð**
Staðsetning safnsins í kjarna menningarhúsa í miðbæ Kópavogs og sú samlegð sem er milli menningarstofnananna er ein sérstaða safnsins. Sambýli safnsins með Bókasafni Kópavogs verður til þess að gestir bókasafnsins koma einnig í safnið sem verður til þess að þau fá óvænt að fræðast um náttúruna og kynnast starfsemi náttúrusafnsins.

Niðurstaða starfsteymis og ráðgjafanefndar safnsins er að heitið Náttúrusafn Kópavogs falli best að starfsemi safnsins, styðji við þá aðgengilegu og opnu nálgun sem safnið vinnur að, er þjálft og gott í notkun og veki áhuga og ólíkar tengingar við náttúruna. Heitið ber með sér framtíðarhugsun þar sem ekki er lögð áhersla á að hólf þekkingu okkar í ólíka hluta heldur hugsa heildstætt um náttúruna. Það er opið og getur falið í sér ólíka túlkun og skilning á náttúrunni. Heitið vísar ekki aðeins til fræða og vísinda heldur inniheldur einnig vísanir í víðara samhengi, svo sem menninguna í kringum lífríki. Það er einnig þjálft og þægilegt í notkun, sérstaklega fyrir yngri gesti safnsins. Safnið er gjarnan kallað Náttúrusafn í daglegu tali af gestum safnsins.





Nýtt heiti safnsins, Náttúrusafn Kópavogs, var samþykkt á fundi Menningar- og mannlífsnefndar í maí 2025. Með opnun á nýjum sýningarhlutum í grunn-sýningu safnsins 15. nóvember 2025 var nýtt nafn safnsins kynnt með nýju grafísku útliti fyrir safnið.

Safneign og innra starf

Safneign Náttúrusafns Kópavogs er umfangsmikil og telur hún ríflega 6000 náttúruminjar. Skýr og aðgengileg skráning safneignarinnar, ásamt faglegum frágangi í varðveislurými, er grundvallar-forsenda fyrir vönduðu innra starfi safnsins og fyrir rannsóknum á safneigninni. Vinna við forvörslu, skráningu og grisjun safnsins er langtímaverkefni og einn stærsti þáttur í starfsemi safnsins. Unnið er að heildstæðri skráningu yfir safneignina sem er að stórum hluta óskráð. Frágangi safngripa er víða ábótavant og höfum við notið ráðgjafar forvarðar við yfirferð hennar, ásamt umpökkun, til að tryggja varðveislu til frambúðar.

Faglegri vinnu með safneign Náttúrusafnsins var haldið áfram og meðal annars fjármögnuð með afgangi af styrk sem hlaut í byrjun árs 2024. Unnið var að kortlagningu safneignar þar með talið skráningu og frágangi safnmuna. Endurskipulagning safngeymslu fór fram í samráði við forvörð, auk þess sem gripir voru ástandsskoðaðir og hreinsaðir. Skráðir voru um 300 munir úr einkasafni Ólafs Jónsonar. Þessa vinnu önnuðust Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneignar og rannsókna Náttúrusafnsins, ásamt Natalie Nathalie Jacqueminet, forverði og Jóhönnu Friðsemd Kristinsdóttur, líffræðingi sem vann að skráningu. Með þessari vinnu hefur verið stuðlað að betra aðgengi muna, betri frágangi og möguleiki til rannsókna safneignarinnar verið eflur.

STARFSEMI 2025

Gestir

Eftir endurmótun á starfsemi Náttúrusafnsins hefur gestafjöldi aukist verulega. Árið 2025 komu alls 81.440 gestir á safnið og þar með varð árið eitt það fjölmennasta frá upphafi. Til samanburðar komu 47.730 gestir árið 2024, sem var þó aðeins opið í átta mánuði. Meðalfjöldi gesta árið 2025 var því um 6800 á mánuði, samanborið við 5800 á mánuði árið á undan. Sé horft enn lengra til baka má sjá hversu umfangsmikil breytingin er eftir endurmótun starfseminnar, en á árunum 2022–2023 komu að jafnaði um 1650 gestir á mánuði.

Árið 2025 bar safnið einnig uppi umfangsmikla fræðslu- og menntunarstefnu í gegnum skipulagðar skólaheimsóknir. Þá komu 5064 börn í samtals 232 hópum. Leikskólar voru sérstaklega duglegir að nýta sér safnið og stóðu fyrir um helming allra heimsókna. Grunnskólahópar voru færri en höfðu að jafnaði fleiri börn í hverjum hóp og mynduðu því stærstan hluta gestanna þegar litið er til fjölda barna í stað fjölda hópa. Samtals voru leikskólabörn 39% gestanna í skipulögðum heimsóknum og börn á grunnskólaaldri um 53% (frístundaheimili meðtalin). Að jafnaði heimsóttu 506 börn safnið á mánuði og mestrar aðsóknar naut safnið í júní þegar 827 börn komu í heimsókn.

Almennir viðburðir safnsins drógu einnig að mikinn fjölda gesta. Á árinu 2025 sóttu 2624 manns þá 75 opnu viðburði sem safnið hélt sjálf. Þar að auki tók safnið þátt í fimm stærri menningarhátíðum á vegum Kópavogsbæjar – Safnanótt, Barnamenningarhátíð, Hamraborg Festival, Komdu í Kópavog og Aðventuhátíðinni – sem samanlagt leiddu til þess að 8.909 manns heimsóttu safnið á þeim dögum.

Fræðslu- og samvinnuverkefni voru einnig áberandi í starfseminni. Erindaröðin Hvað er?, þar sem sérfræðingar skýra hugtök úr náttúru- og umhverfisfræði fyrir almenningi, var vel sótt og komu 205 manns á þau fimm erindi sem haldin voru. Vísindaskólinn hélt áfram að göngu sinni innan safnsins, bæði með mánaðarlegum fræðslutímum og tveimur vikulöngum sumarnámskeiðum, og sóttu 434 gestir dagskrána á árinu. Þverfaglegt samstarf við Gerðarsafn hélt áfram í gegnum verkefnið Náttúran séð í gegnum linsu myndlistar og komu 413 manns á 13 opna viðburði sem tengdust því.

Aðsókn í vetrarfríum hefur ávallt verið mikil og árið 2025 var engin undantekning. Þá sóttu rúmlega 200 manns þá viðburði sem safnið stóð fyrir yfir frídagana. Samtals sýna þessar tölur að Náttúrusafnið hefur eflt hlutverk sitt sem lifandi menningar- og fræðslustofnun og náð til sífellt fjölbreyttari hópa á síðustu árum.

Opnunartími og aðgangseyrir

Opnunartímar Náttúrusafnsins fylgja ávallt Bókasafni Kópavogs og árinu 2025 voru eftirfarandi opnunartímar:

Mánudaga til föstudaga 08.00 – 18.00
Laugardaga 11.00 – 17.00

Aðgangur að sýningu Náttúrufræðistofu Kópavogs er gestum að kostnaðarlausu.



SÝNINGAR

Ný grunnsýning Náttúrusafnsins, Brot úr ævi Jarðar, opnaði 11. maí 2024 með pomp og prakt á afmælisdegi Kópavogsbæjar.

Sýningin er vettvangur fræðslu um náttúruna þar sem tekið verður á móti börnum, fjölskyldum og skólakópum til að fræða á lifandi hátt um líffræði, jarðfræði, efnafræði, eðlisfræði og stjörnufræði. Sýningunni er ætlað að vekja forvitni barna og fullorðinna um náttúruna með framsetningu sem býður upp á beina þátttöku. Sýningin er byggð upp af hillukerfi sem býður gestum að opna skúffur og skoða smærri muni úr safneign Náttúrusafnsins. Framsetningin býður upp á að stór hluti safneignarinnar verði aðgengilegur almenningi. Sýningin styður við könnun gesta á náttúrunni með rannsóknar- og tilraunarymum þar sem má setja sig í fótspor náttúrufræðinga. Í sýningarrýminu er því aðstaða fyrir börn að setjast niður og rýna í heim hins örsmáa með smásjám og víðsjám. Hefur þetta rými notið mikilla vinsælda.

Tvær smásýningar voru opnaðar í Náttúrusafninu 15. nóvember 2025 og eru hugsaðar sem langtíma viðbót við grunnsýninguna.

Önnur smásýningin heitir „Fjársoður í flæðarmálinu“ og er framsetning á skeljasafni Jóns Bogasonar. Sýningin veitir gestum innsýn inn í helstu hópa lindýra heimsins en einnig með staðbundna áherslu á fánuna við Ísland. Farið er yfir uppruna og þróunarsögu lindýra, vistfræðilegt samhengi þeirra og kynntar margar þær tegundir lindýra sem finna má í fjörum landsins. Lögð er áhersla á staðbundið samhengi og að kenna gestum að lesa í lífríkið í fjörum í nærumhverfi sínu hér í Kópavogi. Einnig var Jóni Bogasyni gert hátt undir höfði, fjallað um hans ævistarf við söfnun skelja og listræn hugsjón hans tekin til greina við mótun sýningarinnar. Kammerhópurinn Nordic Affect flutti nútíma hljóðverk eftir Höllu Steinunni Stefánsdóttur við opnun sýningarinnar. Verkið var tvíþætt og innblásið af skeljasafni Jóns Bogasonar, en Halla Steinunn með aðstoð Halldórs Úlfarssonar hljóðritaði úrval skelja úr safninu og smíðaði verk úr ómi þeirra.

Annar hluti verksins var í formi hljóðinnsetningar sem var flutt safninu 14.-15. nóvember og ómaði úr hátölurum úr skeljum (skeljatölurum) smíðuðum af Halldóri Úlfarssyni. Hinn hluti verksins var lifandi flutningur þar sem Kammerhópurinn Nordic Affect steig inn í hljóðinnsetninguna og spilaði meðal annars á skeljar.

Hin smásýningin ber nafnið „Kraftar náttúrunnar“ og fjallar um þrjá jarðfræðilega landmótunarþætti sem hafa skapað og mótað Ísland í árunna rás: eldgos, gliðnun jarðfleka og jökla. Á sýningunni má finna stórt landslagsmódel þar sem gestir sjá þverskurð í jarðskorpunni á Íslandi og geta þannig rýnt í innri virkni jarðarinnar. Innbyggð í landslagsmódelið eru hólfr sem geyma nokkrar ólíkar bergtegundir sem myndast í samhengi hvers landmótunarþátts.

Hamraborg festival

Náttúrusafn Kópavogs tók þátt í Hamraborg Festival með sýningum, viðburðum og smíðjum.

Í Náttúrusafni voru haldnar fimm sýningar sem hluti af hátíðinni: Gróðursetning eftir Bergrúnu Önnu Hallsteinsdóttur, Innate eftir Maria Meldgaard Alejnikow, Leitandi rannsóknarstofa – Steintré eftir Tinnu Guðmundsdóttur, Spádómar 21.aldarinnar eftir Tölvu Völvu og Öllum áttum eftir Völu Sigprúðar Jónsdóttur

Hátíðin var dagana 29. ágúst til 5. september og sóttu alls 2527 safnið á því tímabili.

Nýr vefur

Nýr vefur var opnaður í upphafi febrúar 2025. Ráðist var í endurnýjun á vefsíðu Náttúrusafnsins í lok árs 2024 og var verkið í höndum Studio Studio.



FRÆÐSLA

Móttaka skólahópa er veigamikill þáttur í starfsemi Náttúrusafnsins. Á árinu 2025 komu samtals 5.064 börn í 232 hópum í heimsókn. Þar af voru:

- 1.967 leikskólabörn í 116 hópum
- 2.653 grunnskólabörn í 97 hópum
- 141 nemandi á framhaldsskólastigi í 6 hópum

Auk móttöku skólahópa stóð safnið fyrir fjölbreyttri viðburðadagskrá. Á árinu voru haldnir 75 opnir viðburðir, sem allir miðuðu að því að fræða gesti og efla áhuga þeirra á náttúru og umhverfi í gegnum fræðslu og með tilraunum og listsköpun.

Af þeim voru reglulegar viðburðarraðir: Vísindaskólinn, List og náttúra og Hvað er?

Hvað er?

Hvað er? erindaröðin er framlag Náttúrusafnsins í Menningu á miðvikudögum. Erindin eru í formi hálf tíma hádegisfyrirlestra. Þar fáum við til okkar sérfræðinga til að skýra hin ýmsu hugtök úr heimi Náttúruvísindanna á aðgengilegan máta.

Vísindaskólinn

Vísindaskólinn hóf starfsemi haustið 2024 og hélt áfram með styrk sem veittur var í apríl 2025.

Fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði var boðið upp á fræðslusmíðjur fyrir forvitna krakka á aldrinum 8–12 ára, og voru þær mjög vel sóttar af börnum og fjölskyldum. Alls voru haldnir tíu slíkir viðburðir á árinu.

Auk reglulegra smíðja voru haldin tvö vikulöng sumarnámskeið þar sem samtals 18 börn tóku þátt í hvorri viku. Námskeiðin voru vettvangsnámskeið í vistfræði þar sem nýtt viðfangsefni var tekið fyrir á hverjum degi. Fjallað var meðal annars um gróður, skordýr, fugla, veður og fjöruna. Sérfræðingar komu daglega og leiddu fræðslu og þegar veður leyfði var farið í sérstaka heimsókn á Veðurstofu Íslands.

Námskeiðin og viðburðir ársins hlutu afar góðar undirtektir og vakti starfsemi Vísindaskólans mikla lukku.

Myndlist og náttúra

Í upphafi ársins 2023 hlutu Náttúrusafn og Gerðarsafn sameiginlegan styrk fyrir öndvegisverkefninu „Náttúran í gegnum augu myndlistar“. Verkefnið hófst í byrjun árs 2024 og hélt sú vinna áfram árið 2025 að móta verkefnið og standa að fræðsluviðburðum sem miðla náttúrunni á skapandi hátt og börn fá að vera vísindamenn og listamenn í senn. Öndvegisverkefnið leggur grunn að fræðslustarfi Náttúrusafns þar sem unnið er markvisst að því að efla náttúru- og menningarlæsi barna.

Verkefnið leiddu Hulda Margrét Birkisdóttir, verkefnastjóri fræðslu í Náttúrusafni, og Sævar Helgi Bragason, sérfræðingur Náttúrusafns, í samstarfi við Þorgerði Þórhallsdóttur, verkefnastjóra fræðslu og viðburða í Gerðarsafni.

Á fyrri hluta árs var þemað „Lífið neðansjár“ sem var mjög vel sótt en um 398 börn í 2. bekk úr 9 grunnskólum í Kópavogi tóku þátt í því. Í verkefninu fræddust þau um hafið og lífið neðansjár ásamt því að fara í lífveruleit í þangi sem sótt var í fjöruna sérstaklega hvern morgun. Að endingu sköpuðu þau listaverk úr þörungum á Gerðarsafni en listasmiðjuna leiddi Örn Alexander Ámundason.

Seinni hluta árs tók þemað Skúlptúrgarður barnanna við. 3. bekkur kom og fræddist um landmótun, þau lærðu hvaða öfl eru myndhöggvarar náttúrunnar og hvernig fjöll og dalir verða til.

Listamennirnir Jóhanna Ásgeirsdóttir og Örn Alexander Ámundarson sáu svo um listasmiðju þar sem börnin fengu að líkja eftir náttúruöflunum með því að líkja eftir eldgosum undir jökli og en þannig bjuggu þau til mót af sinni eigin eldfjallaeyju sem var steipt í gifs. Þau fræddust einnig um skúlptúra Gerðar Helgadóttur.

Miðlun

Yfir allt árið stóð starfsfólk Náttúrusafns fyrir náttúrutengdri fræðslu á samfélagsmiðlum í gegnum myndbönd og fróðleiksmola. Hefur það vakið þó nokkra lukku, sér í lagi fróðleikur um stjörnufræði og hljóðverk Höllu Steinunnar Stefánsdóttur.

FRAMTÍÐARSÝN

Í endurmótaðri starfsemi Náttúrusafns er lögð áhersla á að styrkja stöðu þess sem viðurkennds safns á sviði náttúruvísinda. Meginþættir eru að efla miðlunarhlutverk safnsins og styrkja samspil innra og ytra safnastarfs. Unnið verður að því að styrkja stöðu safnsins sem vettvangs til að kynnast náttúru landsins í gegnum grunnsýningu, fræðslu, viðburði og miðlun með það að marki að stuðla að auknu náttúrulæsi. Á safninu verður unnið í auknum mæli að því að kanna snertifleti náttúruvísinda við skapandi greinar og önnur fagsvið. Verður þannig leitað leiða til að opna á nálgun ólíkra fræðasviða að náttúruvísindum, leiðir að nýrri sýn og skilningi á umhverfi okkar.




LYKILTÖLUR

	Heildarfjöldi viðburða 2023	Heildarfjöldi gesta 2023	Heildarfjöldi viðburða 2024	Heildarfjöldi gesta 2024	Heildarfjöldi viðburða 2025	Heildarfjöldi gesta 2025
Gestir á Náttúrufræðistofu		16.175		46.528		81.440
Viðburðir á Náttúrufræðistofu	17	3.837	22	4.838	75	11.533
- þar af sérvíðburðir Náttúrufræðistofu	4	272	0	0	0	0
- þar af sérsýningar á Náttúrufræðistofu	0	0	0	0	10	3.607
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	13	3.565	12	2.661	82	10.344
Safnheimsóknir hópa og þátttaka í fræðsluverkefnum	110	4.747	0	6.268	0	0
- þar af skólahópar með eða án leiðsagnar (öll skólastig)	102	2.149	0	3.849	452	9.825
- þar af frístunda- og leikjanámskeiðahópar án leiðsagnar	0	0	0	0	0	0
- þar af menningarfræðsla MEKÓ	0	0	0	296	0	0
- þar af aðrir hópar	0	0	0	2.123	0	0
	Fjöldi 2023		Fjöldi 2024		Fjöldi 2025	
Útgefin verk						
Safnkostur						7.000


FJÁRMÁL 2023-2025 OG ÁÆTLUN 2026

	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	2025 í þús. kr.	Áætlun 2026 í þús. kr.
Tekjur				
Rekstrartekjur	-3.888	-617	-9.171	-1.004
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	71.814	37.693	43.626	47.919
Annar rekstrarkostnaður	42.292	37.006	46.321	37.798
REKSTRARNIÐURSTAÐA	110.218	74.082	80.776	84.713

HEILDARFJÖLDI GESTA



HEILDARFJÖLDI VIÐBURÐA





Stofnanir sviðsins

SALARINN

Hlutverk

Meginhlutverk Salarins er að hlúa að íslensku tónlistarlífi og auðga menningarlíf í Kópavogi. Aðaltilgangur Salarins er að hýsa tónleika af ýmsu tagi og efla þannig almennan áhuga og þekkingu á tónlist með aðgengi og fjölbreytileika í fyrirrúmi. Markmiðið er að eiga sem farsælast samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

Leiðarljós

Leiðarljós Salarins, sem eins flaggskipa Kópavogsbæjar, er að vera miðstöð tónlistar þar sem allir samfélagshópar eru velkomnir. Hlúð skal að tónlistarfólki, tónlistarflutningi og nýsköpun í tónlist þannig að börn, ungmenni og fullorðnir líti á Salinn sem stað sem gaman sé að heimsækja til að upplifa góðar stundir.

Markmið

Stefnan er tekin á að:

- Þjóða upp á metnaðarfullar tónleikaraðir með afburða tónlistarfólki.
- Gera húsið aðgengilegt tónlistarfólki til leigu undir tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarfólk, starfsfólk og tónleikagesti.
- Efla barna- og fræðslustarf svo að húsið verði lífandi stofnun í samfélaginu um leið og aldar eru upp næstu kynslóðir tónlistarunnenda.
- Stuðla að frumsköpun í tónverkagerð.
- Stuðla að viðburðum sem höfða til ólíkra og fjölbreyttra hópa samfélagsins.

STARFSEMI 2025

Opnunartími

Miðasala Salarins er opin þriðjudaga til fimmtudaga kl. 12.00 – 15.00 og klukkutíma fyrir viðburð. Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 09.00 – 16.00.

Þjónusta

Starfsfólk Salarins leitast við að veita samstarfsfólki Salarins, hvort heldur um tónlistarfólk, tónleikahaldara, ráðstefnuhaldara eða tónleikagesti er að ræða, góða og persónulega þjónustu.

Starfsmannamál

Fjögur stöðugildi eru í Salnum:

Axel Ingi Árnason, forstöðumaður

Birgir Jón Birgisson, tæknimaður

Sverrir Páll Sverrisson, verkefnastjóri viðburða og rekstrar

Anna Jóna Dungal, verkefnastjóri viðburða og kynningarmála

Einnig starfa við húsið fjórir tímastarfsmenn í miðasölu auk húsvarðar sem heyrir undir skrifstofu þjónustu Kópavogsbæjar. Á árinu var starf miðasölustarfsfólks endurskilgreint sem Miðasala og sviðsstjórn í Salnum og ráðnir til starfa tveir tímastarfsmenn. Verkefnastjóri viðburða og kynningarmála fór í barneignarleyfi og Gígja Skjaldardóttir var ráðin til afleysinga til eins árs.

Húsnæði og búnaður

Á árinu var dyttað að ýmsu í húsinu. Hurðir voru málaðar, gert við skemmdir í sökkulflísum í forsal, ýmis rými voru máluð og dúkur á allri baksviðsaðstöðu bónaður.

Stærsta fjárfesting ársins var nýr Steinway flygill.

SAMSKIPTI

Haldið var áfram góðu samstarfi við Helga Pál Melsteð, grafískan hönnuð, og áfram unnið að því að fullmóta og þússa vörumerki Salarins og markaðsefni. Við markaðssetningu á tónleikaröðum var áfram lögð áhersla á hreyfiefni fyrir skjái Salarins.

Hefðbundnar kynningarleiðir voru farnar með auglýsingum á samfélagsmiðlum og markpóstar sendir á póstlista Salarins. Samlesnar auglýsingar á Rúv og auglýsingaskýggjur á Rúv2 voru mikið notaðar á árinu. Gerður var samningur við K100 um auglýsingar á ákveðnum tónleikaröðum. Áfram var leitast við að fá umfjallanir í blöðum og útvarpi en lítið var gert af því að kaupa auglýsingar í prentmiðla. Einnig voru auglýsingaskilti á strætóskýlum nýtt, ásamt öðrum auglýsingaskjám víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu.

TÓNLEIKAHALD

Árið 2025 var fjölbreytt ár. Auk árlegra tónleikaraða Salarins voru ýmsir tónleikar á dagskrá og Salurinn vel nýttur undir hátíðir af ýmsu tagi.

Tíbrá tónleikaröð Salarins

Auglýst var eftir umsóknum í tónleikaröðina Tíbrá 10. janúar og rann umsóknarfrestur út 16. febrúar 2025. 81 umsókn barst og níu umsóknir hlutu brautargengi. Forstöðumaður Salarins, verkefnastjóri viðburða og rekstrar hjá Salnum og verkefnastjóri menningarmála hjá Kópavogsbæ mátu og afgreiddu umsóknirnar.

Við úrvinnslu umsókna var miðað að því að bjóða upp á fjölbreytta tónleika hvað varðar hljóðfærasamsetningu, efnisskrár og aldur flytjenda. Einnig var lítið til nýsköpunar og tónleikar valdir sem innihéldu frumflutning á nýjum íslenskum tónverkum.

Tíbrá tónleikaröð Salarins leitast við að bjóða upp á lifandi tónlistarflutning þar sem hefðbundnum klassískum tónleikum er teft saman við tilraunir, nýja nálgun og jafnvel ögrun við tónleikaformið.

Þar sem tónleikaárið er frá september út maí og skiptist á sumri fór fyrri hluti ársins 2025 í að klára Tíbrá tónleikaársins 24/25. 9 tónleikar með 29 tónlistarmönnum fóru fram í Tíbrár tónleikaröðinni árið 2025. Áfram var boðið upp á 50% afslátt af miðaverði ef tónleikaröðin var valin í áskrift.



Tónleikatími Tíbrár var áfram sunnudagseftirmiðdaga kl. 13.30. Tónleikakynningar voru fyrir tónleika.

- 26.01 **Ég heyri þig hugsa**
Ólöf Arnalds, Skúli Sverrisson og Davíð Þór Jónsson
- 23.02 **Tímans kvíða**
Píanókvartettinn Negla: Sólveig Steinþórsdóttir, fiðla, Anna Elísabet Sigurðardóttir, víóla, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, selló, Þóra Kristín Gunnarsdóttir, píanó.
- 30.03 **Í draumheimum**
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, sópran, Eva Þyri Hilmarsdóttir, píanó.
- 27.04 **Mánasilfur**
Björg Brjánsdóttir, þverflauta, Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, selló, Richard Schwennicke, píanó.
- 18.05 **Vistarverur**
KIMI ensemble: Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir, söngkona, Katerina Anagnostidou, slagverk, Jónas Ásgeir Ásgeirsson, harmoníka.
- 07.09 **Að endalokum**
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir, fiðla, Steiney Sigurðardóttir, selló, Finn Alexander Schofield, klarínnett, Liam Kaplan, píanó.
- 05.10 **Hennar hljómar**
Vera Hjördís Matsdóttir, sópran, Charlotta Harðardóttir, píanó.
- 02.11 **Far vel fley!**
UMBRA: Alexandra Kjeld, kontrabassi, langspil, söngur, Arngerður María Árnadóttir, keltneskar hörpur, orgel, söngur, Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir, fiðla, langspil, söngur, Lilja Dögg Gunnarsdóttir, söngur, flauta, slagverk.
- 23.11 **Náttúruljóð**
Sigríður Hjördís Önnudóttir, flauta, Þóra Kristín Gunnarsdóttir, píanó, Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla, Katie Buckley, harpa.

Sumartónar í Salnum

Tónleikaröðin Sumarjazz í Salnum hefur verið haldin yfir sumarmánuðina við góðar undirtektir í nokkur ár. Árið 2024 var tónleikunum í röðinni fjölgað en í ár var ákveðið að víkka út valið á tónlist og sleppa því að einskorða valið við jazz. Titli raðarinnar var breytt í Sumartónar í Salnum og með því móti hægt að bjóða upp á fjölbreyttari tónlistarupplifun þar sem fleiri tónlistarstefnur fá að njóta sín.

Markmiðið var sem fyrr að bjóða upp á gæðatónleika í Forsalnum þar sem fólk getur notið tónlistar í fallegu umhverfi í lok vinnudags sér að kostnaðarlausu.

Sumartónar í Salnum voru í boði menningar- og mannlífsnefndar Kópavogsbæjar.

12.06	Bogomil Font & hljómsveit
19.06	Mugison
26.06	Blood Harmony
03.07	Ragga Gröndal
10.07	Los Bomboneros
17.07	Katrín Halldóra



Af fingrum fram

13 tónlistarmenn heimsóttu Jón Ólafsson í Salinn á 14 tónleikum í tónleikaröð hans Af fingrum fram. Sjö tónleikar voru að vori og sjö að hausti. Á fyrri hluta ársins lauk fimmtánda starfsári tónleikaraðarinnar og af því tilefni var gerð yfirhalning á markaðsefni hennar. Útliti markaðsefnis var haldið eins fyrir þetta sextánda starfsár, enda fékk efnið góðar viðtökur. Forsala tónleika gekk vel, bæta þurfti við aukatónleikum á bæði Ara Eldjárn og Björn Jörund. Árið byrjaði á tónleikum KK sem þurfti að fresta frá árinu á undan vegna veikinda söngvarans.

09.01	KK
06.02	GDRN
20.02	Magni Ásgeirsson
13.03	Sigurður Flosason
27.03	Salka Sól

10.04	Stefán Hilmarsson
11.04	Stefán Hilmarsson
02.10	Ari Eldjárn
03.10	Ari Eldjárn - Aukatónleikar
16.10	Björn Jörundur
17.10	Björn Jörundur - Aukatónleikar
30.10	Pálmi Gunnarsson
13.11	Selma & Hansa
27.11	Þú & ég

Söngvaskáld

Þriðja starfsár tónleikaraðarinnar Söngvaskáld hóf göngu sína. Hér er á ferðinni röð innilegra tónleika þar sem söngvaskáld spila lög sín og segja frá tilurð laganna. Á árinu komu þrjú söngvaskáld fram á þremur tónleikum. Í byrjun árs og á vormánuðum voru tvennir tónleikar úr annarri röð tónleikanna. Fresta þurfti einum tónleikum á haustönn sem veldur því að þrjú af fjórum söngvaskáldum raðast á vorið 2026 svo aðeins einir tónleikar voru í röðinni að hausti 2025.

15.02	Emmsjé Gauti
14.03	Briet
27.09	Árný Margrét

Klassík í Salnum

Haldið var áfram með klassísku kammertónleikaröðina Klassík í Salnum, sem er samstarfsverkefni FÍT og Salarins. Ákveðið var að allir tónleikar raðarinnar færu fram á fyrstu mánuðum og vormánuðum ársins en svo þurfti að fresta einum tónleikum fram á haustið. Ellefu tónlistarmenn komu fram á fimm tónleikum á árinu.

12.01	Hamskipti Svanur Vilbergsson.
09.02	Lögin úr leikhúsinu Hallveig Rúnarsdóttir, Hrönn Þráinsdóttir.
25.05	Rómantískir risar Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, Herdís Mjöll Guðmundsdóttir, Liam Kaplan.
01.06	Beethoven og Franck Sif Margrét Tulinius, Richard Simm.
21.09	Líf og ástir kvenna Jóna G. Kolbrúnardóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Þóra Kristín Gunnarsdóttir.

Söngleikjastælar


Tónleikaröðin Söngleikjastælar hélt áfram og hóf sitt annað starfsár á árinu 2025. Röðinni var vel tekið á fyrsta starfsári en hún er óður til söngleikjanna þar sem ný og gömul söngleikjatónlist fær að njóta sín í meðförum reyndra söng-leikara. Bjarni Snæbjörnsson og Sigga Eyrún komu fram á hverjum tónleikum ásamt hljómsveit Kalla Olgeirs en þar að auki komu fram mismunandi gestir á hverjum tónleikum.

14.02	Margrét Eir & Króli
25.04	Siggi Þór og Þórunn Lár
09.05	Katla Njáls og Þór Breiðfjörð
02.11	Jói Sig & Salka Gústafs

Púlsinn

Púlsinn er nýtt samstarfsverkefni milli Salarins og Molans. Markmið Púlsins er að gefa ungu tónlistarfólki tækifæri til að koma fram á tónleikum í faglegu umhverfi en jafnframt gefa þeim verkfæri og tól til þess að vinna í tónlistarferli sínum. Auglýst var eftir þátttakendum þann 31. janúar og rann fresturinn út 16. febrúar. Í röðinni voru þrennir tónleikar þar sem tvær hljómsveitir komu fram á hverju kvöldi. Þar að auki fékk tónlistarfólkið námskeið þar sem Anna Jóna Dungal kenndi markaðssetningu í tónlist og Hildur Kristín Stefánsdóttir kenndi lagasmíðar.

26.03	Amor Vincit Omnia & Woolly Kind
09.04	Hárún & Laufkvist
21.05	Agla & Flesh Machine



Almennir viðburðir með miðasölu

Á árinu fór 121 viðburður í sölu á miðasöluvef Salarins. Tónleikar með hljóðkerfi voru 87 talsins, 26 tónleikar án hljóðkerfis og 8 viðburðir aðrir en tónleikar. Alls seldust 20.281 miði.

Auk ofangreindra tónleikaraða og samstarfsverkefna voru jafnframt eftirfarandi tónleikar í Salnum.

12.01	Hamskipti Klassík í Salnum
17.01	Söngkeppni MR 2025
07.02	Watachico Vetrarhátíð
21.02	Björn Thoroddsen og Janne Schaffer
22.02	Tómas og við
01.03	Hátíðar- og styrktartónleikar Rótarý
02.03	The Icelandic POP Orchestra - The Road to Abbey
15.03	Fjölskyldutónleikar með Bríeti
15.03	Fjölskyldutónleikar með Bríeti
20.03	Carpenters Nostalgía
21.03	Lífið gengur sinn gang Þokkabót 50 ára
22.03	Á léttum nótum Tónleikar tónskólans Do Re Mi
29.03	Á ljúflingshól Lög Jóns Múla og Jónasar Árnasonar
03.04	Guðrún Gunnars Skandinavía
04.04	Belonging? Uppistand
05.04	Frá Salnum í Skálholt Söfnunartónleikar
12.04	Mjöll Hólm Farið yfir ferilinn
23.04	Fever! Jazzkonur
01.05	Queer belonging Uppistand
02.05	Sunnanvindur Eftirlætislög Íslendinga
03.05	Herra Hnetusmjör Tveir Fjölskyldutónleikar
04.05	Herra Hnetusmjör Fjórir Fjölskyldutónleikar
14.05	Spectrum Á íslenskum nótum
18.05	Litla messan hans Rossini
23.05	Textarnir hans Jónasar Friðriks
24.05	VÆB Fjórir Fjölskyldutónleikar
25.05	VÆB Fjölskyldutónleikar
28.05	HJÓN Regína Ósk og Svenni Þór
31.05	Halli Guðmunds Club Cubano Útgáfutónleikar
05.06	Lífið gengur sinn gang Þokkabót 50 ára Aukatónleikar -
07.06	Herra Hnetusmjör Þrír Fjölskyldutónleikar
08.06	Herra Hnetusmjör Fjórir Fjölskyldutónleikar
07.08	Michael Cooper - Hvatningarupplifun Hugarfar meistarans
03.09	Lúllabæ - Sigga Eyrún útgáfutónleikar



- 04.09 Carpenters | Nostalgía
- 05.09 Belonging? | Uppistand
- 06.09 Hildur Vala | 20 ára ferilstónleikar
- 10.09 Aftur til fortíðar | Kvikmyndasýning
- 11.09 Mögnuð en órafmögnuð
Pálmi Sigurhjártarson og Stefanía Svavars
- 12.09 K.Óla í Salnum
- 13.09 Himinn & Jörð | Dægurlagaperlur
Gunnars Þórðarssonar
- 14.09 Álfakóngurinn | Sönglög Franz Schubert
- 15.09 Rímnafögnuður | Vaka Þjóðlistarhátíð
- 19.09 Vegar & Vegard | Vaka Þjóðlistarhátíð
- 20.09 Hátíðarvaka | Vaka Þjóðlistarhátíð
- 25.09 Rúnar Þór | 40 ára útgáfuafmæli
- 26.09 Söngvar úr nodri og suðri
- 27.09 Dúó Freyja | Útgáfutónleikar
- 28.09 Góðgerðartónleikar Unu Torfa
og Barnaheilla
- 09.10 Guðrún Gunnars | Skandinavía
- 11.10 Havanablús Tómasar R.
- 12.10 Havanablús Tómasar R. | Aukatónleikar
- 15.10 Roof tops flytja Bítlana
- 19.10 Lögin hennar mömmu
- 23.10 Þökkum fyrir lífið ...
- 24.10 quean : kven : queen
- 25.10 Tom Waits | Heiðurstónleikar
- 31.10 Offita á krossgötum
- 14.11 Már & the Royal Northern College of
Music Session Orchestra
- 21.11 BásúnuMANÍA | Verk fyrir píanó
og básúnu
- 30.11 Jólakötturinn & dularfulla kistan
- 05.12 Á grænni grein
- 09.12 Jól í hverju lagi | Söngleikjajól Viðlags
- 11.12 Una Torfa í jólafötunum
- 12.12 Jólátónleikar með Margræti Eir
- 14.12 Jólalögin hennar mömmu | Aukatónleikar
- 14.12 Jólalögin hennar mömmu
- 16.12 Jól í hverju lagi | Söngleikjajól Viðlags
- 17.12 Jazzkonur & jólín með Góa

quean – kven - queen | Tónverk 25

Árið 2020 setti Aino Freyja Jarvela, þáverandi forstöðumaður Salarins, á laggirnar tónskálda- verkefnið Tónverk. Verkefnið hlaut styrk frá Menningar- og mannlífsnefnd og var markmiðið að styðja við nýsköpun í tónlist með því að greiða tónskáldum fyrir að semja ný verk fyrir Salinn. Á þessu fimmta starfsári verkefnisins var ákveðið að fá tónskáldið og tónlistarkonuna Sóleyju Stefánsdóttur til að skapa tónlistarupplifun. Í samráði við starfsfólk Salarins vildi Sóley búa til tónleikaupplifun á kvennafrídeginum 24. október í tilefni af Kvennaári, 50 ára afmælisári kvennaverksfallsins.

Tónverkið var flutt á kvennafrídeginum kl. 20:00 og var vel sótt.

Um verkið:

quean : *kven* : *queen* er nýtt verk úr smíðju tónlistarkonunnar Sóleyjar Stefánsdóttur og leikstjórans Samantha Shay. Viðburðurinn var valinn tónlistarviðburður ársins á menningarverðlaunum Reykjavík Grapevine.

Sóley og Samantha hafa lengi unnið saman í gegnum tónlist, kvikmyndir og dans og hefur samstarf þeirra síðustu árin litast meðal annars af brennandi áhuga þeirra á viðfangsefnum kvenna (vist-femínisma) og jarðarinnar og þær hliðstæður sem finna má í orðræðu um konur og jörðina.

Þann 24. október, á 50 ára afmæli kvennaverksfallsins á Íslandi, vinna Sóley og Samantha saman í fyrsta sinn að lifandi flutningi. Verkið hefst á djúpri og gegndarlausri þögn, sem umbreytist hægt í andstæðu sína, hvar liggja mörk þagnar og hávaða, hvað gerðist þegar konur gengu út?

Verkið er lifandi skúlptúr þar sem þemu femínisma og undirokunar sýna okkur hvernig valdniðandi kerfi heimsins tengjast hvort öðru innbyrðis. Verkið er á sama tíma óður til samstöðu kvenna.

Tónlistarfólk, dansarar, leikarar og sjónrænar áferðir umlykja rýmið. Einstakur hljómburður sem Salurinn skapar býður áhorfendum upp á umhverfi til að hugleiða og kanna heiminn sem við syngjum — en á sama tíma sýna auðmýkt og þakklæti til formæðra okkar og þrautseigrar baráttu þeirra.



AÐRIR VIÐBURÐIR & SAMSTARF

Auk þess blómlega tónleikahalds sem einkennir alla jafna starfsemi hússins eru ýmiskonar aðrir viðburðir og fjölbreytt verkefni sem setja mark sitt á daglega starfsemi Salarins.

Samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs

Á árinu hélt samstarf Salarins og tónlistarskólans áfram að blómstra. Salurinn hefur frá upphafi verið heimili Tónlistarskóla Kópavogs. Skólinn hefur fasta æfingatíma í Salnum alla mánudaga frá kl. 15 auk þess sem nemendur skólans fá reynslu af því að koma fram á tónfundum.

Nýting tónlistarskólans á Salnum miðast við að eiga sér stað þá daga og kvöld sem minna er um að vera í Salnum og er víkjandi fyrir starfsemi Salarins. Skólinn hélt 36 almenna tónleika í Salnum sem voru vel sóttir og tvenna framhaldsprófstónleika.

MEKÓ viðburðir

Hinir ýmsu viðburðir og hátíðir sem fram fara í Salnum, eru hluti af sameiginlegri dagskrá MEKÓ – Menningar í Kópavogi. Þar má til að mynda nefna Menningu á miðvikudögum, Foreldramorgna, Fjölskyldustundir á laugardögum, Barnamenningarhátíð og fleira.

Samtals sjö viðburðir í seríunni Menning á miðvikudögum, fóru fram í Salnum. Þar léku Svanur Vilbergsson gítarleikari, Sævar Helgi Jóhannsson píanóleikari, Tinna Þorvalds Önnudóttir mezzósópran, Einar Stefánsson bass-barítón og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari

í samstarfi við Óperudaga og Berglind María Tómasdóttir flautuleikari. Þar að auki voru á dagskrá Menningar á miðvikudögum tónheilun frá Völu Gestsdóttur og fyrirlestur um gervigreind í tónlist frá Þórhalli Magnússyni. Einn viðburður í seríunni Fjölskyldustundir á laugardögum fór fram í Salnum árið 2025, sýningin Tröllkonan og töfraeyjan, í samstarfi við Óperudaga, samið og flutt af hljómsveitinni Stundarómur. Þrennir foreldramorgnar á vegum Bókasafns Kópavogs fórum fram í Salnum á árinu, þar sem fjallað var um uppeldi barna, skyndihjálp og svefn.

Dagar ljóðsins voru haldnir hátíðlegir á ýmsum stöðum í Kópavogi, þar á meðal í Salnum, þar sem árlega eru kynntir sigurvegarar í ljóðasamkeppni Jóns úr Vör og var stafurinn afhentur fyrir þétt setnum sal.

Á Vetrarhátíð voru í Salnum haldnir stórtónleikar með Watachico, þar sem nánast var setið í hverju sæti. Þar kynnti Kristofer Rodríguez Svönuson, bæjarlistamaður Kópavogs, glænýja tónlist undir nafninu Watachico. Með honum spiluðu í hljómsveitinni Birgir Steinn Theodórsson, Daði Birgisson, Daníel Helgason, Ingibjörg Turchi, Matthías Hemstock, Örn Elías Guðmundsson (Mugison), Rósa Guðrún Sveinsdóttir, Samúel J. Samúelsson, Sölvi Kolbeinsson og Tumi Torfason.

Dagskrá Barnamenningarhátíðar í Salnum var full af gleði og orku þar sem fjöldinn allur af börnum kom fram og Salurinn fylltist af fjölskyldufólki sem mætti til þess að njóta. Kór Smáraskóla reið á



vaðið undir stjórn Ástu Magnúsdóttur og við tók svo Marimbusveit Smáraskóla. Að því loknu voru tónleikarnir Glimmerstund og afmælisög þar sem barnakórar úr grunnskólum Kópavogs sameinuðust í söng; Barnakór Smáraskóla, Kór Hörðuvallaskóla og Skólakór Kársnesskóla. Að því loknu tók kór Hörðuvallaskóla við og söng sumarsöngva undir stjórn Ásu Valgerðar Sigurðardóttur. Til að ljúka dagskránni sungu Skólakórar Kársnesskóla undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur og Þóru Marteinsdóttur.

Hamraborg Festival tók yfir menningarmiðjuna í Kópavogi og var hátíðin opnuð með pompi og prakt í Salnum föstudaginn 29. ágúst, þaðan sem skruðganga í tilefni opunar lagði af stað um Hamraborgina. Sunnudaginn 31. ágúst voru haldnir kósí sunnudagstónleikar í forsal Salarins. Þar flutti José Luis Anderson verkefni sitt Andervel og einnig kom fram dúóið Björg Brjánsdóttir og Ingibjörg Turchi, en þær fluttu frumsanda tónlist í bland við spuna á flautu og rafbassa. Samið var um það við forsvarsfólk Hamraborgar Festival að þau fengju að eiga aðsetur í forsalnum yfir opunarhelgina þar sem fólk á vegum hátíðarinnar gat meðal annars kynnt dagskrána fyrir gestum og gangandi og selt varning ásamt því að hýsa listamarkað og fleiri minni viðburði.

Hausthátíðin Komdu í Kópavog var haldin í Salnum sem og í hinum menningarhúsum Kópavogs. Í Salnum stjórnaði Eva Ruza spjalli við stjórnendur menningarhúsanna og fór með þeim yfir dagskrá vetrarins og kynnti fyrir gestum.

Hin árlega aðventuhátíð MEKÓ var haldin laugardaginn 29. nóvember með glæsilegri dagskrá í menningarhúsunum. Í Salnum var komið fyrir svokallaðri stimpilstöð líkt og á Gerðarsafni og Bókasafni Kópavogs, þar sem gestir gátu handprentað sín eigin jólakort, ásamt því að í boði var kakó og úkraínsk jólagóðgæti. Í forsalnum tóku kórarnir Viðlag og Kvennakórinn Blika lagið og að lokum stigu á svið Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Jónas Þórir píanóleikari sem léku ljúfa tóna fyrir gesti og gangandi.

Samstarf við Listaháskóla Íslands

Samstarfs hófst við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands um að Salurinn hýsi hluta útskriftartónleika nemenda. Sá partur útskriftarhátíðarinnar sem fram fór í Salnum var haldinn dagana 29. og 30. apríl, og 5. - 8. maí. Í heildina voru haldnir 26 útskriftar-

tónleikar á vorönn. Nemendur af hinum ýmsu brautum Tónlistardeildar héldu sína útskriftartónleika í Salnum; söngur, hljóðfæraleikur, tónsmíðar, nýmiðlar og fleiri. Fjórir nemendur í MA tónsmíðum fóru í samstarf við kammersveitina Caput sem flutti verk þeirra allra. Hátíðin heppnaðist frábærlega og samstarf við Listaháskólann gekk einnig mjög vel. Með þessu var lagður grunnur að samstarfi milli Salarins og Listaháskólans fyrir komandi ár.

Adventurous Music Plateaux

Haldið var áfram með samstarfsverkefnið AMP (Adventurous music plateaux). Verkefnið felur í sér að íslenskt og erlent tónlistarfólk komi saman, haldi kennslustundir (e. masterclass) og spili síðan saman á tónleikum. Mikilvægur hluti af verkefninu er að háþróaðri upptökutækni er beitt til að taka viðburðina upp á sérstakan 360° VR upptökubúnað og hljóðið á Dolby Atmos sem gerir fólki kleift að upplifa kennslustundirnar hvar og hvenær sem er með sýndarveruleikabúnaði.

Haldnar voru tvær útgáfur (e. edition) af AMP á árinu.

Dagana 25. – 28. ágúst fór fram AMP – Live MX þar sem haldin voru sex masterclass námskeið og spilaðir tvennir tónleikar. Þátttakerndur voru: Birgir Steinn Theodórsson, Matthías Hemstock, Unnur Birna Björnsdóttir, Kacper Smolinski, Piotr Wylezol og Rafal Sarnecki.

Dagana 3. – 5. nóvember fór fram seinni útgáfa AMP 2025. Sama snið var á dagskránni og á Live MX útgáfunni en þátttakerndur voru: Antonia Carr, Piotr Kalinski, John McCowen, Tom Manoury, Sophie Schnell, Sara Flindt og Bernard Hammer.

Píanókeppnir

Á árinu voru haldnar tvær píanókeppnir í Salnum. EPTA keppnin hefur verið haldin í Salnum áður og fór fram 9. nóvember. Þar að auki var í fyrsta skipti haldin WPTA píanókeppni í samstarfi við Opna Listaháskólann. Báðar keppnirnar leggja áherslu á að byggja upp vettvang fyrir næstu kynslóð hæfileikaríkra píanóleikara á aldrinum 10-25 ára og gefa þeim tækifæri til að efla sig í píanóleik gegnum samkeppni í vinalugu umhverfi.



RÁÐSTEFNUR, FUNDIR OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Talsvert var um fundi, ráðstefnur og aðra viðburði á árinu 2025.

Að vanda voru verðlaun veitt í ljóðasamkeppni Jóns úr Vör í Salnum þann 21. janúar auk þess sem 25 ára starfsafmælis viðurkenning Kópavogsbæjar var afhent og íþróttahátíð Kópavogsbæjar fór fram. Bæjarstjóri bauð Kópavogsbúum sem urðu 70 ára á árinu, og eru því jafngamli bæjarfélaginu, í glæsilega móttöku. BUGL hélt vel sóttu ráðstefnu annað árið í röð en umfjöllunarefnið var að þessu sinni átraskanir.

Í febrúar leigði Guðrún Hafsteinsdóttir forsálinn undir framboðstilkynningu sína til formannsembættis Sjálfstæðisflokksins. Málnefnd um íslenskt táknmál hélt viðburð á degi íslenska táknmálsins þann 11. febrúar. Karlakór Kópavogs leigði salinn undir upptökur. Íslandsbanki leigði húsið undir lokaða tónleika og móttöku.

Virgni og vellíðan, verkefni sem miðar að heilsueflingu fyrir 60 ára og eldri í Kópavogi, hélt í marsmánuði vel heppnaðan fyrirlestur. Söngvakeppni félagsmiðstöðva í Kópavogi var haldin í Salnum að venju og Dýraverndunarsamband Íslands hélt ráðstefnu. Stóra upplestrarkeppnin var auk þess á sínum stað.

Í apríl fóru fram myndatökur fyrir markaðsefni tónleikaraða. Einum árgangi í Kópavogi var boðið á skólatónleika með Tríó Oro.

Í maí voru Delta Kappa Gamma konur með aðalfund og ráðstefnu. Orkuvirki leigði salinn undir lokaða tónleika. Samgöngusáttmálinn var kynntur á fundi. Tónlistarskóli Kópavogs hélt skólaslit.

Júní var rólegur en útskriftir leikskólans Aðalþings og Kársnesskóla voru á sínum stað. Seinni hluta júní og byrjun júlí var húsið leigt undir upptökur í heila viku. Skapandi sumarstörf í Kópavogi fengu að nýta húsið til æfinga í júlí og héldu nokkra fallega viðburði undir lok mánaðar sem lauk með lokahátíð.

Í ágúst voru fleiri upptökur og námskeiðið menningar-krakkar var í forsálinum dagana 18. – 21. ágúst.

Haustið fór vel af stað þegar Ungar athafnakonur héldu opunarviðburð sinn. Söngleikjakórinn Viðlag hóf vikulegar æfingar í húsnæði Salarins á þriðjudögum. Þjóðlistahátíðin Vaka var haldin í menningarhúsunum og var með nokkra viðburði í Salnum. Veittar voru umhverfisviðurkenningar í forsálinum. Kiwanis hélt glæsilegt ársþing.

Á haustmánuðum var lítið svigrúm til að koma að fundum og öðrum viðburðum vegna óvenju þéttar tónleikadagskrár. Í lok október var ráðstefna á vegum Félags fagfólks um offitu. Í nóvember var kammerhljómsveitin Caput með upptökur og stjórndadagur Kópavogs fór fram. Haldið var málþing um barnvænt samfélag á vegum Unicef.

Í desember fór fram afhending styrkja frá menningar- og mannlífsnefnd, bæjarstjóri bauð til jólaboðs fyrir starfsfólk og börn í Waldorf skóla héldu sýningu fyrir foreldra.

Nýr flygill

Í lok árs 2024 var samþykkt að Salurinn skyldi festa kaup á nýjum Steinway flygli. Lagt var til að reynt yrði að selja gamla flygilinn upp í kostnað við kaupin. Sigurður Kristinsson, betur þekktur sem Diddi, lagði til að heyrt yrði í Skálholti þar sem hann vissi að þar hafði átt sér stað söfnun fyrir flygli um nokkurt skeið. Jón Bjarnason kantororganisti í Skálholtskirkju og píanóleikari var spenntur fyrir hugmyndinni og samið var um að hljóðfæri Salarins skyldi eignast framhaldslíf í glæsilegri kirkjunni. Tengingin við Skálholt er skemmtileg þar sem fallegir steindir gluggar kirkjunnar eru eftir Gerði Helgadóttir, en Gerðarsafn er eitt af menningarhúsum Kópavogs og nágrenni Salarins.

Jón Bjarnason fékk að halda söfnunartónleika í Salnum þann 5. apríl, þar sem spilað var á hljóðfærið en fram komu kórar og hljóðfæraleikarar með tengsl við Skálholt. Með þeim tónleikum tókst að tryggja það sem upp á vantaði til að kaupa flygilinn.

Þegar þessi viðskipti voru handsöluð var hægt að ganga af alvöru í að kaupa nýtt hljóðfæri fyrir Salinn. Þann 2. júní fór fríður flokkur út til Hamborgar. Víkingur Heiðar Ólafsson og fyrrnefndur Diddi sem starfar sem píanóstillir í öllum helstu tónleikahúsum landsins, báru ábyrgð á að velja hljóðfærið. Auk þeirra var með í för forstöðumaður Salarins og forstöðumaður menningarmála í Kópavogi.

Eftir miklar pælingar og skörp skoðanaskipti tókst píanóleikaranum og píanóstillaranum að sammælast um hljóðfæri sem myndi henta Salnum vel.

Þann 14. júlí, á sólríkum degi, kom nýja hljóðfærið í hús. Diddi nostraði við flygilinn dagana á eftir og tryggði að hann hljómaði sem best. Daginn eftir var gamli flygillinn færður um set á sitt nýja heimili í Skálholti.



HELSTU VERKEFNI 2026

Tónleikar og tónleikaraðir

Á árinu 2026 verður haldið áfram að tryggja að Salurinn sé aðgengilegur og raunhæfur möguleiki til leigu fyrir tónlistarfólk landsins. Áfram verður hlúð að tónleikaröðum Salarins sem eru einkenni og stolt hússins. Auglýst verður eftir þátttakendum í Tíbrá í byrjun árs og vonast til að ganga frá valinu fyrir vorið. Breyting verður á tónleikaröðum Salarins en Söngvaskáld mun t.d. víkja fyrir nýrri röð. Á árinu 2025 var áherslubreyting þegar Sumarjazzinum var breytt í Sumartóna. Það var gert til að opna á fjölbreyttari flytjendur og ná til nýrra hópa. Það mæltist vel fyrir og verður haldið áfram með það fyrirkomulag í sumar.

Ný heimasíða

Á síðastliðnu ári var haldið áfram að þróa kennimerki og markaðsefni Salarins. Nú verður vefsíða Salarins tekin í gegn og samræmd þeim línunum sem lagðar hafa verið í hönnun markaðsefnis. Stefnt er á að ný síða fari í loftið á fyrri helmingi ársins 2026.

Sókn í fundum og ráðstefnum

Undirbúningur við kynningu á Salnum sem fundar- og ráðstefnusal heldur áfram á árinu. Aðstaða og staðsetning Salarins er til fyrirmyndar og tilvalin fyrir hvers kyns viðburði en þörf er á að auka meðvitund um Salinn og kosti hans. Sterk sókn í þessum málum hefur strandað á vefsíðu hússins og skorti á myndefni, með nýrri síðu verður ráðist af fullum krafti í þessi mál.

Salurinn er fyrir öll

Mikilvægur þáttur í fræðslu- og barnastarfi Salarins er Menning fyrir alla þegar öllum stigum í grunnskólum Kópavogs er boðið á tónleika í Salnum. Sigríður Beinteinsdóttir, bæjarlistamaður Kópavogs, mun bjóða næstelstu krökkum allra leikskóla Kópavogs til tónlistarveislu í Salnum í febrúar. Fjölmenningarviðburðir eru mikilvægur þáttur í að tryggja að menning sé aðgengileg fyrir fjölbreyttan hóp gesta og unnið verður að því á nýju ári að gera upplýsingar um viðburði Salarins aðgengilegar á ensku.

Nýsköpun

Tónskáldaverkefni Salarins, Tónverk, heldur áfram sem nýsköpunarverkefni sem stuðlar að nýsköpun í tónverkagerð og verður kynnt á nýju ári með hvaða hætti verkefnið mun fara fram.

Forsalur

Á árinu verður ráðist í framkvæmdir á forsal til að mæta breyttum þörfum sem fylgja þeirri þróun sem orðið hefur á húsinu frá opnun.

Gott og náð samstarf

Áfram verður unnið að farsælu samstarfi við hin menningarhúsin í Kópavogi og tónlistarfólk sem vill koma hugmyndum sínum í framkvæmd og þarf til þess stuðning og ramma sem Salurinn getur boðið upp á. Sem fyrr verður boðið upp á góða og persónulega þjónustu við samstarfsaðila og gesti Salarins.




LYKILTÖLUR

	Heildarfjöldi viðburða 2023	Heildarfjöldi gesta 2023	Heildarfjöldi viðburða 2024	Heildarfjöldi gesta 2024	Heildarfjöldi viðburða 2025	Heildarfjöldi gesta 2025
Gestir í Salnum		34.251		30.393		39.217
Viðburðir í Salnum	184	23.200	135	27.613	208	31.922
- þar af tónleikar Salarins og samstarfsverkefni	0	2.375	47	6.285	55	7.592
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	0	6.547	28	3.769	16	2.182
- þar af almennir tónleikar (útleiga)	0	13.856	0	0	0	0
- þar af ráðstefnur og fundir	0	3.309	18	2.497	22	2.494
- þar af tónfundir Tónlistarskóla Kópavogs	0	2.578	26	1.225	36	1.835
Skólaheimsóknir	15	1.725	0	0	0	0
- þar af menningarfræðsla MEKÓ	15	1.725	0	0	0	0
- þar af List fyrir alla						
Æfingar	87	1.060	62	1.050	97	1.283
- þar af æfingar Tónlistarskóla Kópavogs	36	560	37	659	26	390
Upptökur	5	24	9	179	9	153


FJÁRMÁL 2023-2025 OG ÁÆTLUN 2026

	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	2025 í þús. kr.	Áætlun 2026 í þús. kr.
Tekjur				
<i>Rekstrartekjur</i>	-112.767	-99.980	-214.398	-85.802
Gjöld				
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	53.523	57.213	65.897	45.059
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	134.101	129.175	218.767	70.994
REKSTRARNIÐURSTAÐA	74.857	86.408	70.266	30.251

HEILDARFJÖLDI GESTA



HEILDARFJÖLDI VIÐBURÐA



meko.is

bokasafn.kopavogur.is
gerdarsafn.kopavogur.is
natkop.kopavogur.is
salurinn.kopavogur.is